




Akureyrarbær



Ársskýrsla Akureyrarbæjar

2020





Útgefandi: Akureyrarbær 2021

Ritstjórn: Ragnar Hólm Ragnarsson

Yfirlestur og prófarkir: Brynja Björk Pálsdóttir og Ragnar Hólm

Ljósmyndir: Almar Alfreðsson, María Helena Tryggvadóttir, Ragnar Hólm Ragnarsson o.fl.

Mynd af bæjarstjóra: Daníel Starrason

Hönnun og umbrot: Blek hönnunarstofa

Akureyrarbær – Geislagötu 9 – 600 Akureyri – Sími 460 1000 – www.akureyri.is / www.visitakureyri.is.
Allar upplýsingar um símanúmer einstakra stofnana og netföng starfsmanna er að finna á vef bæjarins.



Efnisyfirlit

Ávarp bæjarstjóra	5	Héraðsskjalasafnið á Akureyri	36
Bæjarbúar	6	Listasafnið á Akureyri	38
Bæjarstjórn og bæjarráð	7	Punkturinn	39
Viðtalstímar bæjarfulltrúa og hverfisnefndir og -ráð	7	Félagsmiðstöðvar eldri borgara	39
		Félagsmiðstöðvar Akureyrar	40
Búsetusvið	8	Ungmennahús	40
Þjónusta sem búsetusvið veitti á árinu 2020:	8	Vinnuskólinn	41
Félagsleg heimaþjónusta	9	Sumarvinna með stuðningi	42
Almenn heimaþjónusta	10	Sumarvinna fyrir 18-25 ára	42
Ráðgjöf iðjuþjálfara	11	Atvinnuáttak með stuðningi frá VMST	42
Félagsleg liðveisla	11	Akureyri – Barnvænt sveitarfélag	43
Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk	12	Ungmennaráð	43
Skammtímaþjónusta og dagvistunarræði	13	Akureyrarstofa	44
Lautin - athvarf fyrir geðfatlað fólk	13	Atvinnumál	44
Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)	14	Ferða-, markaðs- og upplýsingamál	44
COVID-19 – breytingar á þjónustu	14	Menningarmál	48
Heimaþjónusta A	14		
Félagsleg liðveisla	15	Skipulagssvið	50
Málaflokkur fatlaðra	15	Skipulagsmál	50
Skógarlundur miðstöð virkni og hæfingar	15	Lóðaúthlutun 2020	52
Lautin - athvarf fyrir geðfatlaða	15	Lausar byggingarlóðir	53
Sértæk heimaþjónusta og skammtímavistun	15	Byggingarmál	53
Fjársýslusvið	16	Stjórnsýslusvið	54
		Helstu umbætur og nýjungar í rafrænni stjórnsýslu og þjónustu	54
Fjölskyldusvið	20	Launþegar og stöðugildi	56
Barnavernd	20	Birtar atvinnuauklýsingar og umsóknir um auglýst störf	58
Félagsþjónusta	22	Þjónustugátt	61
Fjárhagsaðstoð	22		
Askjan	22	Umhverfis- og mannvirkjasvið	62
Húsnæði á vegum Akureyrarbæjar	23	Fasteignir – nýframkvæmdir	62
Málaflokkur fatlaðra	23	Leiguíbúðir – nýframkvæmdir	65
Skógarlundur	24	Kaup og sala eigna	65
Plastiðjan Bjarg	25	Fasteignir – viðhald	66
		Götur og stígar – nýframkvæmdir	66
Fræðslusvið	26		
Skólar	26	Öldrunarheimili Akureyrar	74
Ytra mat	26	Nýsköpun og þróun	74
Dagforeldrar	27	Reksturinn	76
Skólahúsnæði	27	Rýmin og nýting	76
		Fræðsla innan ÖA	77
Samfélagssvið	28	Gæðamál	77
Íþróttamál	28	Iðju- og félagsstarf	77
Sundlaug Akureyrar	30	Sjálfbóaliðar og gleðivakar	77
Allskonar Akureyri	32		
Amts bókasafnið	34	Fulltrúar í nefndum og stjórnnum 31. desember 2020	78







Ávarp bæjarstjóra

Árið 2020 var sannarlega skrítið. Meira og minna var það undirlagt af viðbrögðum okkar við COVID-19 faraldrinum en þrátt fyrir það voru stigin mörg framfaraskref hér í bænum og margt gert sem horfir til betri vegar fyrir okkur öll.

Verklegar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins voru engu minni en áður hefur verið. Má þar nefna að um mitt sumar var tekinn í notkun nýr þjónustukjarni fyrir fatlað fólk í Klettaborg, ný brú yfir Eyjafjarðará sem ætluð er útivistarfólki var vígð, framkvæmdir voru hafnar við nýtt hús siglingaklúbbsins Nökkva og sömuleiðis nýja leikskólann Klappir við Glerárskóla.

Enn fremur var unnið að undirbúningi fyrirhugaðra framkvæmda við Ráðhús Akureyrarbæjar sem munu gera okkur kleift að sameina alla stjórnslu sveitarfélagsins undir eitt þak en það mun spara okkur umtalsverðar fjárhæðir þegar fram líða stundir.

Vorið 2020 ákvað bæjarstjórn Akureyrarbæjar að skila rekstri hjúkrunarheimila aftur til ríkisins sem á lögum samkvæmt að annast hann. Við tóku langar og strangar viðræður við Sjúkratryggingar Íslands og það var ekki fyrr en í apríl 2021 sem tókst að hnýta lausa enda og sigla málinu farsælega í höfn. Rekstur hjúkrunarheimila hefur verið bæjarsjóði og útsvarsgreiðendum þungur í skauti en síðasta áratuginn höfum við greitt hátt í tvo milljarða króna með honum.

Loks langar mig að geta þess að árið 2020 hlaut Akureyrarbær viðurkenningu UNICEF sem fyrsta Barnvæna sveitarfélagið á Íslandi og það er sannarlega í anda þess að frá og með haustinu 2021 verður nýbökudum foreldrum í fyrsta sinn boðin leikskólavist fyrir börn sín frá 12 mánaða aldri.

Hér er að sjálfsgöðu aðeins stiklað á stóru í afar viðamiklum og flóknum rekstri sveitarfélagsins sem snýr fyrst og fremst að því að bæta stöðugt alla þjónustu við bæjarbúa og búa okkur betri skilyrði í leik og starfi.

„ Hér vill fólk búa og hingað vill fólk ferðast til að njóta lífsins og eiga gott frí.

Akureyri hefur allt til brunns að bera sem þarf til að þess að bærinn geti orðið höfuðborg landsbyggðarinnar. Hér vill fólk búa og hingað vill fólk ferðast til að njóta lífsins og eiga gott frí. Horfum björtum augum til framtíðar, höldum áfram uppbyggingunni og gerum góðan bæ ennþá betri.



Bæjarbúar

Þann 1. desember sl. voru íbúar Akureyrarbæjar **19.217** talsins en 19.024 árið áður og hafði því fjölgað um 193 eða um 1,015%. Þar af eru Hríseyingar 162 (voru 163 1. desember 2019) og Grímseyingar 64 (voru 67 1. desember 2019).

Karlar voru 9.598 og konur 9.619.

Frá 2. desember 2019 til 1. desember 2020 fæddust 190 börn en 120 bæjarbúar létust.

Aðfluttir umfram brottflutta voru 123.

Elsti íbúi bæjarins í árslok 2020 var Unnur Jónsdóttir, fædd 27. október 1918.



Bæjarstjórn og bæjarráð

Bæjarstjórn hélt 21 fund á árinu. Á fundi bæjarstjórnar 2. júní var Halla Björk Reynisdóttir kjörin forseti bæjarstjórnar til eins árs, Hilda Jana Gísladóttir 1. varaforseti og Eva Hrund Einarsdóttir 2. varaforseti. Guðmundur Baldvin Guðmundsson var kjörinn formaður bæjarráðs og ásamt honum voru kosin í bæjarráð til eins árs Halla Björk Reynisdóttir varaformaður, Hilda Jana Gísladóttir, Gunnar Gíslason og Sóley Björk Stefánsdóttir til 1. desember 2020 en hún var áheyrnarfulltrúi frá þeim tíma. Hlynur Jóhannsson var áheyrnarfulltrúi til 1. desember 2020 en aðalfulltrúi frá þeim tíma.

Bæjarráð hélt 44 fundi á árinu.

Í september kynnti bæjarstjórn nýjan samstarfssáttmála allra bæjarfulltrúa sem gildir til loka kjörtímabils.

Viðtalstímar bæjarfulltrúa og hverfisnefndir og -ráð

Yfir vetrartímann eru auglýstir viðtalstímar bæjarfulltrúa og eru þeir haldnir að jafnaði tvisvar í mánuði. Vegna sóttvarnareglna í COVID-19 faraldri voru viðtalstímar felldir niður hluta ársins og voru aðeins 7 en höfðu verið 15 árið 2019. Viðtalstímarnir eru haldnir í Ráðhúsinu.

Í viðtalstímunum eru tveir bæjarfulltrúar til viðtals og taka við erindum, fyrirspurnum og ábendingum íbúa bæjarins. Erindin eru færð til bókar og eru fundargerðir viðtalstímanna lagðar fram í bæjarráði þar sem erindunum er vísað áfram í bæjarkerfinu til úrvinnslu.

Hverfisnefndir voru starfandi í flestum hverfum bæjarins á árinu en afar misjafnt var hversu virkar þær voru. Hverfisnefndir geta beitt sér fyrir ýmsum umbótum hver í sínu hverfi, annað hvort með aðgerðum íbúanna sjálfra eða með því að þrýsta á bæjaryfirvöld. Í Hrísey og Grímsey eru starfandi hverfisráð.



Búsetusvið

Búsetusvið Akureyrarbæjar veitir margvíslega þjónustu sem miðar að því að styðja við sjálfstæða búsetu fólks með skerta færni sem kann að fylgja hækkandi aldri, fötlun eða veikindum og/eða skapa því aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi. Auk þess að veita íbúum Akureyrar þjónustu, sinnir sviðið þjónustu við íbúa nokkurra annarra sveitarfélaga samkvæmt þjónustusamningum þar að lútandi.


Réttur fólks til að fá þjónustu byggir annars vegar á þeim lögum sem skylda sveitarfélög til að veita þjónustuna og hins vegar á greiningu á þörf í hverju tilviki fyrir sig. Starfsfólk skoðar hverja umsókn, metur þörfina í samráði við umsækjanda og finnur leiðir til úrlausnar.

Þjónusta sem búsetusvið veitti á árinu 2020:

- Félagsleg heimaþjónusta (almenn heimaþjónusta og sértæk heimaþjónusta/stoðþjónusta)
- Heimsendur matur
- Félagsleg liðveisla
- Búseta með þjónustu (þjónustukjarnar, sambýli, heimili fyrir börn)
- Skammtíamavistun fyrir fatlað fólk
- Skólavistun fatlaðra barna 10 – 20 ára
- Ráðgjöf iðjuþjálfar
- Notendastýrð persónuleg aðstoð

Búsetusvið hefur þá stefnu að auka þekkingu allra starfsmanna jafnframt því að auka fagmennun innan sviðsins. Í lok árs voru fagmenntaðir starfsmenn í 51,5 stöðugildum sem eru 22,2% af heildarstöðugildum.

MYND 1 – HLUTFALL KYNJASKIPTINGAR STÖÐUGILDA FASTRÁÐINNA STARFSMANNA HJÁ BÚSETUSVIÐI



Félagsleg heimaþjónusta

Félagsleg heimaþjónusta er fyrir þá sem búa í heimahúsum og geta ekki hjálparlaust séð um heimilishald, persónulega umhirðu eða aðrar nauðsynlegar athafnir daglegs lífs vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar, fötlunar eða af öðrum gildum ástæðum.

Félagsleg heimaþjónusta tekur til eftirfarandi þátta:


- Aðstoðar við eigin umsjá
- Aðstoðar við almennt heimilishald
- Félagslegs stuðnings
- Aðstoðar við umsjá langveikra eða fatlaðra barna
- Heimsendingu matar
- Ráðgjafar iðjupjalfa

Markmið félagslegrar heimaþjónustu er að efla notandann til sjálfsbjargar og sjálfræðis og gera honum kleift að búa sem lengst á eigin heimili við sem eðlilegastar aðstæður. Starfsmaður búsetusviðs metur þjónustubörf og niðurstöður þjónustumats eru lagðar fyrir fund matshóps sem skipaður er af sviðsstjóra búsetusviðs Akureyrarbæjar.


Félagsleg heimaþjónusta hefur aukist jafnt og þétt í takt við þá stefnu að fólk geti búið sem lengst heima, þrátt fyrir flókin heilsufarsvandamál. Heimaþjónusta er veitt allan sólarhringinn, alla daga ársins, en næturvaktin er samstarfsverkefni heimaþjónustu og heimahjúkrunar sem sér um hana. Þjónustan skiptist í tvo hluta; *almenna heimaþjónustu og sértæka heimaþjónustu*.

Almenn heimaþjónusta er sú þjónusta sem veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og sinnir þeim sem þurfa allt að 15 klst. aðstoð á viku. Meirihluti þjónustuþega almennrar heimaþjónustu er eldri borgarar. Starfsstöðvar

MYND 2 – HLUTFALL 65 ÁRA OG ELÐRI SEM FENGU FÉLAGSLEGA HEIMAÞJÓNUSTU



MYND 3 – 80 ÁRA OG ELÐRI Á AKUREYRI



heimaþjónustunnar eru nokkrar, þær stærstu eru í Bugðusíðu 1 og Víðilundi 22 og eru þær báðar í sama húsnæði og félagsstarfsemi eldri borgara.

Eins og sést á mynd 3 þá hefur hlutfall 80 ára og eldri með félagsleg heimaþjónustu lækkað úr 57% í 55% af öllum íbúum Akureyrar 80 ára og eldri.


Almenn heimaþjónusta

Á árinu 2020 fengu 669 heimili almenna heimaþjónustu og hefur þeim fækkað ofurlítið frá árunum á undan. Eins og sést á mynd 4, og er í samræmi við reglur og samfélagslega þróun, þá er aldrið fólk stærsti hópur þeirra sem fær almenna félagslega heimaþjónustu. Öryrkjar er sá þjónustuhópur sem mest hefur stækkað frá árinu 2012 eða um 31%.


Á mynd 4 hefur þjónusta til aldraðra verið skipt upp í þrennt; einhleypir karlar, einhleypar konur og svo hjón/sambúðarfólk. Þess skal þó getið að í þessum tölum reiknast aldraðir frá 65 ára aldri. Frá árinu 2012 hefur heimilum með þjónustu við aldraða fjölgað úr 429 í 481 sem er 12% aukning eða 52 heimili. Þeim hafði þó fækkað um 18 heimili frá árinu á undan (voru 499 árið 2019). Frá árinu 2012 hefur þjónustuþegum í hópi öryrkja fjölgað úr 131 í 172 árið 2019 sem er 31% aukning eða sem nemur 40 heimilum. Önnur heimili sem eru í þjónustu vegna tímabundinna aðstæðna hafa síðustu ár verið um 24-25 en hefur fækkað í um 16-18 síðastliðin tvö ár.

Heimaþjónustan veitir að mestu leyti samþætta persónulega þjónustu og þrif. Þeir sem fá heimsendan mat og eru með þrif, teljast fá bæði þrif og persónulega þjónustu. Það er athyglivert að hjá þeim sem eru eingöngu með persónulega þjónustu (öryggisinnlit, aðstoð við innkaup, félagslegan stuðning), hefur tímafjöldinn aukist smám saman síðastliðin ár. Þetta má rekja til breyttrar samsetningar þjónustuþega þar sem hlutfallslega fleiri eru 80 ára og eldri og dvelja heima þrátt fyrir hrakandi heilsu. En eins og áður hefur komið fram eru 55% 80 ára og eldri sem búa á Akureyri með heimaþjónustu. Fækkun var á tímum í heimaþjónustu á árinu 2020 vegna COVID-19 um sem nemur tæplega 13 þúsund á milli ára. Þeim sem eru öryrkjar vegna langvinnra og áunninna sjúkdóma hefur fjölgað sem hefur áhrif á áherslu í þjónustu með teymum eins og ráðgjöfinni heim, vettvangsteyminu og nokkrum sérúrræðum en rúmur helmingur af tímum falla undir þennan flokk.

MYND 4 – FJÖLDI HEIMILA MEÐ FÉLAGSLEGA HEIMAÞJÓNUSTU



MYND 5 – FJÖLDI VINNUSTUNDA Í HEIMAÞJÓNUSTU SKIPT EFTIR ÞJÓNUSTUHÓPUM



Ráðgjöf iðjubjálfa

Búsetusvið býður upp á þjónustu iðjubjálfa. Markmið iðjubjálfunar er að efla færni, heilsu og vellíðan einstaklingsins í samræmi við þarfir, getu og langanir hans þannig að hann verði eins sjálfbjarga og mögulegt er við þá iðju sem honum er mikilvæg. Sem dæmi um iðju má nefna að klæða sig og snyrta, útbúa mat, aka bíl, afgreiða í verslun, skrifa ritgerð, fara á skíði eða mála mynd. Þótt þessi viðfangsefni virðist sjálfsgöð og einföld fyrir flesta, þá geta þau verið erfið og jafnvel óyfirstíganleg fyrir margt það fólk sem ekki hefur þroskast eðlilega, fengið sjúkdóma, hefur orðið fyrir áföllum af einhverju tagi eða er komið á efri ár. Þörf er á iðjubjálfun þegar einstaklingar ná ekki að sinna daglegri iðju á fullnægjandi hátt.


Iðjubjálfar búsetusviðs veita ráðgjöf á sviði endurhæfingar, heilsueflingar, vinnuvistfræði og hjálpartækjamála. Þeir taka þátt í mati á heimaþjónustu og annarri þjónustu sem sótt er um og veita einnig fræðslu til stofnana og samstarfsfólks. Náin samvinna er við heimahjúkrun, Sjúkrahúsið á Akureyri og aðra sem koma að málefnum þeirra sem njóta þjónustunnar. Árið 2020 voru þrír iðjubjálfar að störfum hjá búsetu-sviði í 1,8 stöðugildum.

Félagsleg liðveisla


Félagsleg liðveisla er persónulegur stuðningur og aðstoð sem ætluð er til að rjúfa félagslega einangrun og styrkja fólk til þátttöku í menningar- og félagslífi. Liðveisla er veitt fötluðum börnum frá 6 ára aldri, sem og fullorðnu fötluðu fólki.

Þjónustu í formi félagslegrar liðveislur fengu 124 einstaklingar á árinu um lengri eða skemmri tíma, 50 konur 18 ára og eldri og 34 karlar 18 ára og eldri, 8 stúlkur undir 18 ára og 32 drengir undir 18 ára aldri. Flestum einstaklingum er úthlutað 10 tímum á mánuði. Einstaklingar sem einnig eru með sértæka heimaþjónustu/stoðþjónustu fengu yfirleitt 8 tíma á mánuði. Nokkrir einstaklingar fengu fleiri en 10 tíma á mánuði þar sem talin var þörf á aukinni þjónustu fyrir viðkomandi.

MYND 6 – FJÖLDI BEIÐNA UM RÁÐGJÖF IÐJUBJÁLFA



MYND 7 – FÉLAGSLEG LIÐVEISLA




Búsetupjónusta fyrir fatlað fólk

Sértæk búsetupjónusta fyrir fatlað fólk er mjög fjölbreytt. Á síðasta ári naut 71 einstaklingur þjónustunnar. Um er að ræða búsetu í þjónustukjörnum eða sambýlum. Að auki voru einstaklingar sem fengu sértæka heimaþjónustu/stoðþjónustu en um þá þjónustu var fjallað sérstaklega í kafla hér að framan. Sameiginlegt öllum þeim sem fá þessa þjónustu er að þeir hafa farið í mat á stuðningsþörf (SIS mat). SIS kerfið er vandað matskerfi, vel rannsakað, með sterkan fræðilegan bakgrunn sem notað er víða um heim til að meta stuðningsþörf fatlaðra. Einnig er mögulegt að tengja niðurstöður matsins við fjármögnun þjónustunnar og fær Akureyrarbær greitt úr Jöfnunarsjóði samkvæmt niðurstöðu þess.


Á mynd 8 má sjá hver þróunin hefur verið í búsetumálum fatlaðs fólks síðustu 10 ár en helsta breytingin er að þeim fækkar sem búa á sambýlum en fjölgar sem búa í þjónustukjörnum og einnig fá fleiri íbúar stoðþjónustu.

Sértæk heimaþjónusta/stoðþjónusta er þjónusta við þá sem þurfa umfangsmikla aðstoð. Þetta er sú aðstoð sem þarf til viðbótar við almenna heimilishjálp og félagslega liðveislu, til þess að fólk með fötlun geti haldið eigið heimili og felur hún í sér margþætta aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs, enda sé hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun. Samkvæmt reglugerð metur teymi fagfólks sérstaka stuðningsþörf umsækjanda. Teyminu er ætlað að meta heildstætt þörf þeirra sem þurfa á þjónustu að halda sem veitt er á grundvelli laga og reglugerða og hvernig koma megi til móts við þarfir þeirra. Undir sértæka heimaþjónustu falla nokkur mismunandi úrræði eins og sjá má á mynd 9. Markmið þjónustunnar er að veita einstaklingum samþætta og einstaklingsmiðaða þjónustu. Þjónustan sem um ræðir er á höndum nokkurra forstöðumanna en flestir falla þó undir Heimaþjónustu B eða 20 einstaklingar. Einnig hafa 3 einstaklingar og talsmenn þeirra valið að kaupa eigið húsnæði og veitir búsetusvið þessum einstaklingum sértæka heimaþjónustu.

MYND 8 – SAMSETNING BÚSETUPJÓNUSTU FYRIR FATLAÐ FÓLK



MYND 9 – SÉRTÆK HEIMAÞJÓNUSTA, MISMUNANDI ÚRRÆÐI



Skammtímaþjónusta og dagvistunarúrræði

Skammtímaþjónusta fatlaðs fólks er stoðþjónusta þar sem fjölskyldur barna með verulega fötlun eiga kost á því að börnin njóti tímabundinnar dvalar þegar þörf krefur. Sama gildir um ungmenni og fullorðin fatlað fólk sem enn býr í foreldrahúsum. Skammtímaþjónusta býður upp á neyðarvistun ef óvænt atvik eða áföll koma upp hjá fjölskyldum notenda. Í skammtímaþjónustu voru alls 17 einstaklingar á árinu, 10 voru yngri en 18 ára en 7 fullorðin. Undanfarin ár hafa eldri notendur farið í búsetuúrræði og yngri börn komið inn sem þurfa mikla þjónustu. Vistunarsólarhringar skammtímaþjónustu árið 2020 voru 1.386, þar af 34 neyðarvistunarsólarhringar. Boðið er upp á skólavistun frá kl. 13-17 virka daga fyrir börn og ungmenni á aldrinum 10-20 ára sem eru með skilgreinda mikla fötlun. Yfir sumartímamann er einnig í boði vistun fyrir sama markhóp en 6–9 ára börn bætast við. Í boði eru ýmis tómstundatilboð, frjáls leikur, útivera og vettvangsferðir. Alls nýttu 20 börn og fjölskyldur þeirra sér þessa þjónustu árið 2020.


Lautin - athvarf fyrir geðfatlað fólk

Þann fyrsta september 2019 tók Akureyrarbær alfarið við rekstri Lautarinnar, athvarfs fyrir geðfatlað fólk. Frá árinu 2001 var Lautin sjálfseignarstofnun en rekin af Rauða krossinum á Íslandi, Geðverndarfélagi Akureyrar og Akureyrarbæ. Rauði krossinn er með önnur athvörf víðsvegar á Íslandi þar sem markmiðið er að rjúfa félagslega einangrun geðfatlaðra, draga úr endurinnlögnum á geðdeildir og skapa umhverfi þar sem ríkir gagnkvæm virðing og traust og tillit er tekið til hvers og eins.


Lautin er athvarf fyrir fólk með geðraskanir. Markmið með rekstri Lautarinnar er að draga úr fordómum, rjúfa félagslega einangrun og auka lífsgæði þeirra sem eiga við geðræna sjúkdóma að stríða. Þannig hefur starfsemi Lautarinnar fjóra megin hornsteina að leiðarljósi, en þeir eru að:

- Stuðla að heilsu og vellíðan
- Hvetja til samfélagslegrar þátttöku og virkni
- Auka persónulega færni, vellíðan og sjálfsefningu
- Virkja daglega iðju, sköpun, tjáningu og menningarlega upplifun

MYND 10 – SKAMMTÍMAÞJÓNUSTA, SAMSETNING NOTENDA SÍÐASTLIÐIN 10 ÁR



MYND 11 – SUMAR- OG SKÓLAVISTUNARDAGAR, SAMANBURÐUR MILLI ÁRA



Lautin er skammt frá miðbæ Akureyrar, nálægt Amtbókasafninu, Menningarhúsinu Hofi og Glerártorgi, svo eitthvað sé nefnt. Í Lautinni er boðið upp á heitan mat í hádeginu fyrir 700 kr. Þar er boðið upp á hreyfingu, gönguferðir á hverjum degi, sundleikfimi einu sinni í viku og sund. Árið 2020 komu að meðaltali 14 manns á dag í heimsókn í Lautina.

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Í desember 2012 samþykkti Akureyrarbær reglur um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Reglurnar byggðu á leiðbeinandi reglum sem gefnar voru út af velferðarráðuneyti fyrir sveitarfélög að styðjast við. Verkefnið er samvinnuverkefni fjölskyldu- og búsetusviðs. Fyrstu samningarnir sem gerðir voru út frá nýju reglunum voru fjórir vegna fimm einstaklinga og höfðu allir nema einn verið með þjónustusamning áður.

Í lok árs 2018 var notendastýrð persónuleg aðstoð lögfest (NPA). Nýjar reglur um þjónustuna voru samþykktar á árinu. Á árinu 2020 voru gerðir 8 samningar, þar af tveir vegna barna.

Ljóst er að þetta þjónustuform hentar vel hópi fólks en samningum hefur ekki fjölgað til samræmis við það þar sem fjárveitingar frá ríki til að standa undir 25% af kostnaði hafa verið takmarkaðar. Gerðir hafa verið nokkrir notendasamningar til að koma til móts við þarfir þjónustuþega, oft tímabundnir. Sama hugmyndafræði er að baki þeim samningum en engin endurgreiðsla fæst vegna þeirra og þjónusta á bak við hvern samning er því yfirleitt minni en æskilegt væri.


COVID-19 – breytingar á þjónustu

Félagsmálaráðuneytið auglýsti styrki sem sveitarfélög gátu sótt um fyrir fólk sem hafði fengið skerta þjónustu þá mánuði sem COVID-19 setti svip sinn á lífið í landinu og var í viðkvæmri stöðu.

Um var að ræða þrjú mismunandi verkefni:

1. Efla frístundastarf/félagsstarf fullorðinna með það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun sem orðið hafði vegna COVID-19. Margt eldra fólk fór í sjálfskipaða sóttkví og bjó við félagslega einangrun.
2. Aukið framboð af frístundastarfi fyrir börn í viðkvæmri stöðu.
3. Aukið félagsstarf fyrir fullorðið fatlað fólk með það að markmiði að draga úr félagslegri einangrun og styðja einstaklinga til þess að takast á við afleiðingar COVID-19.

MYND 12 – NOTENDASTÝRÐ PERSÓNULEG AÐSTOÐ (NPA) 2014-2020



Akureyrarbær sendi inn umsóknir um öll verkefni og fékk úthlutað fjárhæð í þau öll sem skiptist á milli búsetusviðs, samfélagsviðs og Öldrunarheimila Akureyrarbæjar. Eftirfarandi þjónustutilboð voru unnin af búsetusviði Akureyrarbæjar:

Heimaþjónusta A

Markmið verkefnisins var að huga að líðan eldra fólks og gefa því tækifæri til að spjalla um stöðu sína eftir það sem á undan var gengið. Stór hópur fór í verndarsóttkví og hitti jafnvel ekki sína nánustu eða aðra vikum saman. Markhópurinn var 65 ára og eldri sem höfðu félagslega heimaþjónustu, 20 klukkustundir eða minna á mánuði. Flokkað var eftir fjölskylduaðstæðum og útbúinn listi til að vinna eftir og forgangsraðað hverja yrði hringt í fyrst. Í forgangi voru þeir sem bjuggu einir og voru 80 ára og eldri, þar á eftir 65 til 80 ára og að lokum fólk í sambúð. Lagt var upp með að allir fengju þrjár hringingar og þeim boðin heimsókn fagmanns. Verkefnið náði yfir fimm vikna tímabil og voru ráðnir þrjár einstaklingar í samtals 2,6 stöðugildi.

365 einstaklingar voru í markhópnum og náðist samband við 313 einstaklinga. Eitt símtal fengu 23% og töldu þeir sig ekki hafa þörf á að fá aðra hringingu né heimsókn. Þeir töldu líðan sína góða og voru sáttir með sitt. 59% fengu tvö símtöl og 18% fengu þrjú símtöl. Í heildina voru 77% sem fengu fleiri en eitt símtal. Af heildarhópnum voru 15% sem þáðu heimsókn. Í samtölum við 39 einstaklinga eða um 21% kom fram ósk um frekari aðstoð og var í þeim tilvikum haft samband við heimaþjónustu eða heimahjúkrun til úrlausnar þeirra mála.

Almenn ánægja var með símtölin og fannst fólki mikið öryggi felast í þeim. Er það mat þeirra sem komu að verkefninu að þörf sé á áframhaldandi stuðningi með símtölum, bæði vegna stöðunnar í dag og þeirrar óvissu sem ríkir um framhald faraldursins. Í lokaviku verkefnisins var seinni bylgja faraldursins að hefjast og þá var áberandi að þeir sem hringt var í voru hræddari en áður. Starfsmenn verkefnisins voru sammála um að verkefnið hefði gengið vel og verið mjög gefandi.

Félagsleg liðveisla

Verkefnið átti að auka möguleika fatlaðra barna á félagslegri þátttöku yfir sumarið. Verkefnið var útfært þannig að þau börn sem voru með liðveislu og ljóst var að myndu lítið hafa fyrir stafni fengu fleiri tímum úthlutað og þannig var hægt að virkja þau meira en annars hefði verið. Markmiðið náðist þannig að aukið var við félagslega liðveislu hjá 10 börnum. Hægt var að koma til móts við þarfir og óskir bæði foreldra og barnanna. Einnig var bætt við aukatímum hjá nokkrum börnum til viðbótar þar sem talin var þörf á. Foreldrarnir voru mjög ánægðir og nýttust þessir tímar vel. Þessir tímar voru sérstaklega mikilvægir þar sem COVID-19 hafði haft sín áhrif á alla og jók þetta sveigjanleikann í þjónustunni. Alls voru veittar 180 klst. í aukna þjónustu sumarið 2020.


Málaflokkur fatlaðra

Markmið með umsókninni var að búa til þjónustu sem myndi auka félagslega þátttöku fatlaðs fólks, sérstaklega fólks sem hafði fengið skerta þjónustu á COVID-tímanum. Með hefðbundinni mönnun var lítið hægt að gera til að bæta fólki þetta upp og auka færni þeirra sem fór aftur á tímabilinu.

Skógarlundur miðstöð virkni og hæfingar

Sumarstarf í Skógarlundu var aukið þannig að í stað þess að hafa opið 4 klst. á dag var opið í 8 klst. þær vikur sem þjónustan var í boði. Þannig fengu fleiri tækifæri til að koma, hitta aðra og taka þátt í skemmtilegu starfi. Flestir komu frá þjónustukjörnunum en einnig kom fólk sem býr í sjálfstæðri búsetu og heima hjá foreldrum.

MYND 13 – FJÖLDI SÍMTALA OG HEIMSÓKNA Í ÁTAKSVERKEFNI



Lautin - athvarf fyrir geðfatlaða

Kvöldopnun í Lautinni var annað úrræði sem hægt var að bjóða með því að ráða auka starfsmann í Lautina og hafa sérstaka kvöldopnun. Geðfatlaðir eiga oft erfitt með að komast út á vinnumarkaðinn, ferðast, taka þátt í samfélaginu og njóta alls þess sem lífið hefur upp á að bjóða. Niðurskurður í samfélaginu hefur bitnað illa á þessum hópi.

Kvöldopnun var einu sinni í viku sumarið 2020. Að meðaltali mættu 12 gestir á hverja kvöldopnun. Meðaltalið gefur þó ekki endilega rétta mynd af mætingunni því 19 gestir mættu einu sinni og 2 tvisvar. Afar fáir mættu þegar ekki var boðið upp á mat. Um leið og boðið var upp á mat komu mun fleiri og stemningin varð skemmtilegri. Þetta gæti verið ein ástæða fyrir mismunandi mætingu milli kvölda.

Sértæk heimaþjónusta og skammtíma-vistun

Gripið var til aukins einstaklingsstuðnings í nokkrum þjónustukjörnunum og í skammtíma-vistun eru einstaklingar sem fóru verr út úr COVID-tímanum en aðrir. Ráðið var fólk til að sinna 2-3 einstaklingum með það fyrir augum að auka félagslega þátttöku þeirra.

Fjársýslusvið


Bæjarstjórn samþykkti fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2020 þann 17. desember 2019. Á árinu 2020 samþykkti bæjarstjórn 17 viðauka við fjárhagsáætlun ársins. Hrein áhrif viðaukanna voru 1.710 millj. kr. viðbótarrekstrarútgjöld. Helstu liðir sem þar höfðu áhrif voru vegna COVID-19 eða um 700 milljónir króna og vegna kjarasamninga sem gerðir voru á árinu, um 650 millj. kr. umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir í áætlun.

Rekstur samstæðu Akureyrarbæjar var þungur á árinu en gekk í meginatriðum í samræmi við áætlun ársins og var Akureyrarbær rekinn með 1.612 millj. kr. halla. Sjóðstreymið var lakara en árið áður en þó nokkru betra en áætlun gerði ráð fyrir.


Samstæða Akureyrarbæjar, þ.e. Aðalsjóður, Framkvæmdamiðstöð, Fasteignir Akureyrarbæjar og Eignasjóður ásamt fyrirtækjum í eigu bæjarins, s.s. Félagslegum íbúðum, Strætisvögnum Akureyrar, Hafnasamlagi Norðurlands, Norðurorku og

Öldrunarheimilum, var rekin með 1.611 millj. kr. halla. Rekstur samstæðu Akureyrarbæjar var óviðunandi en rekstrarniðurstaða ársins var í samræmi við fjárhagsáætlun. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar fyrir fjármagnsliði og tekjuskatt var neikvæð um 27 millj. kr. en áætlun hafði gert ráð fyrir 18 millj. kr. rekstrarhalla. Heildarniðurstaðan var í samræmi við áætlun eða 1.112 millj. kr. halli en áætlun gerði ráð fyrir 1.603 millj. kr. neikvæðri niðurstöðu.

MYND 14 – REKSTRARNIÐURSTAÐA A- OG B- HLUTA (Í ÞÚS.KR.)




MYND 15 – AFBORGANIR LANGTÍMASKULDA, NÝ LANGTÍMALÁN OG VELTUFÉ FRÁ REKSTRI (Í ÞÚS.KR.)





Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri 2.312 millj. kr. sem var 380 millj. kr. hærra en áætlað var. Sambærileg fjárhæð árið áður var 2.974 millj. kr. Handbært fé frá rekstri nam 2.264 millj. kr. Fjárfestingahreyfingar námu samtals nettó 3.926 millj. kr. en fjármögnunarhreyfingar námu samtals nettó 2.493 millj. kr. Afborgun langtímalána nam 841 millj. kr. en ný langtímalán voru 3.391 millj. kr. Hækkun á handbæru fé á árinu nam 831 millj. kr. og var handbært fé samstæðunnar í árslok 2.512 millj. kr. Veltufé frá rekstri árið 2020 í hlutfalli við tekjur nam 8,37% í samstæðunni og 4,40% í A-hluta. Árið áður voru hlutföllin 10,9% í samstæðunni og 7,0% í A-hluta.

MYND 16 – VELTUFÉ FRÁ REKSTRI SEM HLUTFALL AF TEKJUM






Heildarlaunagreiðslur án launatengdra gjalda og hækkunar lífeyrisskuldbindinga hjá samstæðunni voru 13.194. millj. kr. Fjöldi stöðugilda var að meðaltali 1.631 sem er fjölgun um 32 stöðugildi frá árinu áður. Laun og launatengd gjöld samstæðunnar í hlutfalli við rekstrartekjur þess voru 63,9%. Annar rekstrarkostnaður var 29,0% af rekstrartekjum. Skatttekjur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga voru 876 þús.kr. á hvern íbúa en tekjur samtals 1.437 þús. kr. á hvern íbúa. Árið 2019 voru skatttekjurnar 839 þús. kr. á hvern íbúa og heildartekjurnar 1.428 þús. kr. á hvern íbúa. Niðurstaða rekstrar A-hluta var neikvæð um 1.634 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu um 1.835 millj. kr.

Samkvæmt efnahagsreikningi voru eignir sveitarfélagsins í árslok 2020 bókfærðar á 59.403 millj. kr. en þar af voru veltufjármunir 5.708 millj. kr. Skuldir sveitarfélagsins með lífeyrisskuldbindingum námu samkvæmt efnahagsreikningi 34.341 millj. kr. en þar af voru skammtímaskuldir 4.639 millj. kr.

Þrátt fyrir slakt ár í rekstri er fjárhagur Akureyrarbæjar traustur og nam skuldaviðmið samstæðunnar í árslok 85% samkvæmt reglum Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga en það var 73% árið áður. Skuldaviðmið í A-hluta var 62% í árslok en var 55% árið áður.

Veltufjárhlutfallið var 1,23 í árslok 2020 en var 1,15 árið áður. Bókfært eigið fé nam 25.063 millj. kr. í árslok en var 26.434 millj. kr. í árslok árið áður. Eiginfjárhlutfall var 42% af heildarfjármagni en var 47% árið áður.

MYND 17 – FJÁRFESTINGAR EFTIR FYRIRTÆKJUM 2020 (Í ÞÚS.KR.)






Ársreikning bæjarins er að finna á heimasíðunni: www.akureyri.is/ymsar-fjarmalaupplýsingar/

Á árinu gaf Akureyrarbær (án Norðurorku) út 116.064 reikninga sem er ríflega 5.000 færri reikningar en árið áður. Innheimta gekk vel og eru Akureyringar skilvísir nú sem endranær. 96,4% allra reikninga voru greidd á eindaga eða næstu 30 dögum þar á eftir og 97,7% allra reikninga voru greidd eigi síðar en 120 dögum eftir eindaga. 2.779 reikningar voru sendir í milliinnheimtu árið 2020 sem er nokkru minni fjöldi en árið áður (3.346) og fjöldi krafna sem var sendur í lögfræðinnheimtu á árinu 2020 var 39 en 48 árið áður.

MYND 18 – STÆRSTU VERKEFNI FASTEIGNA AKUREYRARBÆJAR Á ÁRINU 2020 (Í ÞÚS. KR.)



Fjölskyldusvið

Árið 2020 var frábrugðið öðrum árum vegna farsóttarinnar. Starfsfólki var á tímabili ýmist skipt upp í tvö eða fjögur sóttvarnarhólf. Það þýddi að starfsfólk þurfti að vinna heima þá daga sem það gat ekki verið á sinni starfsstöð. Í heimavinnunni reyndi á sveigjanleika og útsjónarsemi, bæði við að koma sér upp vinnuástöðu og við að eiga samskipti við skjólstæðinga sem undir venjulegum kringumstæðum mæta í viðtöl í húsnæði sviðsins við Glerárgötu. Ráðgjafar sviðsins notuðust við fjarfundaforritið Kara Connect en starfsmenn notuðu ýmist Microsoft Teams eða Zoom til að eiga samskipti sín á milli og við aðrar stofnanir.

Tæknileg framþróun tók einnig stórt stökk hvað varðar rafræna þjónustu við notendur fjölskyldusviðs og er nú hægt að sækja um ýmsa þjónustu í þjónustugátt Akureyrarbæjar sem ekki var hægt fyrir heimsfaraldur. Á vormánuðum 2020 hófst undirbúningsvinna við sameiningu búsetusviðs og fjölskyldusviðs og um áramótin 2020 og 2021 tók til starfa nýtt og sameinað velferðarsvið.

Barnavernd


Meðferðarúrræðinu „Tröppunni“ var hrundið af stað snemma árs 2020 eftir markvissa undirbúningsvinnu frá árinu 2018. Verkefnið er liður í Aðgerða-áætlun Akureyrarbæjar, gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum 2018–2020. Markmiðið var að þróa sérstakt úrræði fyrir börn sem hafa orðið fyrir heimilisofbeldi. Trappan er gagnreynd aðferð sem á uppruna sinn í Svíþjóð og ætluð til samtalsmeðferðar fyrir börn sem hafa upplifað heimilisofbeldi.

Farið var í sérstakt kynningarátak í grunnskólum Akureyrar í samvinnu við verkefnastjóra Barnvæns sveitarfélags með það að markmiði að kynna fyrir börnum og ungmennum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, réttindi þeirra og skyldur, starf barnaverndar og sérstakan hnapp fyrir börn á heimasíðu Akureyrarbæjar. Lokun skóla og aðstæður í þjóðfélaginu vegna COVID-19 töfðu þá vinnu hins vegar verulega og hófst kynningarátakið ekki fyrr en seinnipart árs. Þeirri vinnu verður framhaldið á nýju ári. Í samræmi við það átak hefur aðgengi að tilkynningum til barnaverndar á heimasíðu Akureyrarbæjar verið gert sýnilegra og auðveldað.


TAFLA 1 – ÁSTÆÐUR BARNVERNDARTILKYNNINGA

	2018	2019	2020
Vanræksla	280	245	299
Ofbeldi	127	145	137
Áhættuhegðun barns	135	221	161
Heilsa eða líf ófæddes barns í hættu	12	2	1
Samtals	554	613	598

MYND 19 – FJÖLDI TILKYNNINGA TIL BARNVERNDAR OG FJÖLDI BARNA SEM HÖFÐ VORU AFSKIPTI AF 2018-2020



MYND 20 – FJÖLDI TILKYNNINGA TIL BARNVERNDAR OG FJÖLDI BARNNA SEM HÖFÐ VORU AFSKIPTI AF 2018-2020




Fjöldi tilkynninga á árinu 2020 var 598, aðeins færri en árið 2019 en þá voru þær 613. Þess má geta að til viðbótar við þessar 598 tilkynningar tóku starfsmenn ákvörðun um að hefja könnun á málum barna að eigin frumkvæði 14 sinnum. Höfð voru afskipti af 397 börnum á árinu sem er töluerð aukning frá árinu á undan.

Í flokknum þar sem um er að ræða vanrækslu foreldra er þó nokkur fjölgun en tilkynningum um áhættuhegðun barns fækkar. Flestar tilkynningar í flokki vanrækslu varða áfengis- og vímuefnavanda foreldra og eru auk þess stór hluti af þeim 598 tilkynningum sem bárust á árinu. Ekki er mikill munur á tilkynningum um ofbeldi á milli ára.

Í árslok voru 23 börn í varanlegu fóstri á vegum nefndarinnar, sami fjöldi og var í varanlegu fóstri í árslok 2019. Þar af voru þrjú börn í varanlegu fóstri eftir 18 ára aldur. Þá voru átta börn í tímabundnu fóstri í lok ársins, þar af eitt í styrktu fóstri og sjö börn í tímabundinni vistun á grunni 84. gr. barnaverndarlaga. Mikil fjölgun var í vistunum

MYND 21 – ÞRÓUN FJÁRHAGSADSTOÐAR Á VERÐLAGI HVERS ÁRS 2009 - 2020



á einkaheimilum þetta árið eða 15 börn og var dvalartími þeirra þar mislangur eða allt að tveir mánuðir. Af þessum börnum voru tvö vistuð á einkaheimili í kjölfar úrskurðar á grunni 27. gr. barnaverndarlaga.



Félagsþjónusta

Fjölskyldusvið veitir félagslega ráðgjöf af margvíslegum ástæðum, s.s. vegna fötlunar, öldrunar, áfengis- og vímuefnavanda, fjárhags-erfiðleika, heimilisleysis, sambúðarslita, málefna barna og ungmenna, atvinnuleysis, innflytjenda og flóttafólks. Markmiðið er að styðja þá sem ráðgjöfina fá til sjálfshjálpar.

Árið 2020 var um margt óvenjulegt og þurfti að aðlaga starfsemina að breyttum veruleika og er sumt af því komið til að vera. Þar má t.d. nefna að viðtöl færðust frá því að vera á skrifstofu í að þau voru tekin í gegnum netið með Kara Connect fjarfundarbúnaði. Ákveðið hefur verið að halda áfram að bjóða upp á þá þjónustu en fyrir suma hentar það vel.

Í nokkurn tíma hafði staðið til að kanna möguleikann á því að hægt yrði að sækja um fjárhagsaðstoð rafrænt og í upphafi veirufaraldurs var fullur kraftur settur í að gera það mögulegt. Getur fólk nú sótt um framfærslu og aðra fjárhagsaðstoð í gegnum þjónustugátt bæjarins og verður áframhaldandi vinna sett í að kanna fleiri rafrænar leiðir.

Fjárhagsaðstoð

Útgjöld til fjárhagsaðstoðar og fjöldi viðtakenda var nánast sá sami milli ára. Heildarútgjöldin voru 156.190 þúsund á móti 153.648 þúsundum árið 2019. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar voru 5 fleiri eða 323 á móti 319 árið áður og er hlutfall þeirra sem fá fjárhagsaðstoð undir 2% af íbúafjölda sveitarfélagsins sem er óbreytt frá fyrri árum.

Askjan

Askjan, fjölskyldustuðningur, veitir markvissa aðstoð til barnafjölskyldna inn á heimili þeirra með fræðslu og ráðgjöf um uppeldi og heimilishald. Markhópurinn er foreldrar sem eiga í erfiðleikum með uppeldishlutverkið, ýmist vegna aðstæðna foreldranna sjálfra, erfiðleika hjá barninu eða umhverfisþátta.

Mál í vinnslu árið 2020 voru 55, þar af hófust 27 mál árið 2020 og 21 máli var lokið. Átta mál voru á biðlista í lok árs og var meðallengd mála 9,5 mánuðir. Stysta málið var tvo mánuði í vinnslu og það lengsta 38 mánuði.



Húsnæði á vegum Akureyrarbæjar

Félagslegar íbúðir eru alls 338 eignarhlutir. Með eignarhlutum er átt við almennar íbúðir, pláss í þjónustukjörnum, hvort heldur sem er herbergi eða stúdíóíbúð og einnig eignir sem eru áframleigðar af Akureyrarbæ af FESTA, Brynju leigufélagi og Proskahjálpi.

Á árinu 2020 bárust samtals 89 nýjar umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði til Akureyrarbæjar, að meðtöldum umsóknum um áfangaheimili og sértæku húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk. Samþykktar voru 63 umsóknir inn á biðlista, 2 voru dregnar til baka og 24 umsóknum var hafnað þar sem þær uppfylltu ekki skilyrði reglna Akureyrarbæjar um félagslegt húsnæði. Haustið 2020 féllu 58 umsóknir úr gildi og voru því teknar af biðlista. Hlutfall samþykktra umsókna var 69% en árið 2019 var hlutfall samþykktra umsókna 67%. Á árinu 2020 fengu 47 umsækjendur úthlutun samanborið við 45 árið 2019. Þrír höfnuðu úthlutun miðað við sex árið 2019.

Málaflokkur fatlaðra

Framfærundur fatlaðra og langveikra barna eiga rétt á aðstoð frá Tryggingastofnun ef sjúkdómur, andleg og/eða líkamleg hömlun hefur í för með sér sannanleg tilfinnanleg útgjöld og/eða sérstaka umönnun/gæslu. Hlutverk fjölskyldusviðs er að gera tillögur til Tryggingastofnunar varðandi umönnunarmat fyrir fötluð börn. Foreldrar barna með vægari hegðunar- og þroskaraskanir, sem eftir því leita, fá aðstoð við útfyllingu gagna er varða umönnunarmat. Í desember 2020 voru 186 börn á skrá hjá fjölskyldusviði með umönnunargreiðslur vegna fötlunar en það er nokkur fjölgun frá 2019 en þá voru 172 börn með umönnunargreiðslur.

Markmið með stuðningsfjölskyldum í málaflokki fatlaðra er að létta álagi af fjölskyldum barna með fötlun og gefa börnunum möguleika á aukinni félagslegri þátttöku. Á árinu fengu 52 börn stuðningsfjölskyldu eða helgardvöl í 934 sólahringa, 5 börn biðu eftir þjónustu. Þetta eru töluvert fleiri börn en árið áður en þá voru 32 börn með stuðningsfjölskyldu. Hins vegar fækkar sólahringunum úr því að vera 978 árið 2019 í 934 árið 2020.



Skógarlundur

Í Skógarlundi fengu 44 einstaklingar þjónustu í byrjun árs 2020 en í árslok voru þeir 42. Allir fengu þjónustu að hámarki fjórar klukkustundir á dag fyrir utan einn. COVID-19 setti strik í reikninginn hér eins og annars staðar og í fyrri bylgju faraldursins var lokað í Skógarlundi en starfsmenn fóru inn á heimilin til að veita þar þjónustu og aðstoð. Í seinni bylgju faraldursins, þegar samkomutakmarkanir breyttust í 20 manns, fengu allir tilboð um þjónustu annan hvern dag. Starfsmönnum var þá skipt í þrjá hópa og unnu tveir hópar til skiptis í Skógarlundi og einn hópur fór aftur inn á heimilin til að aðstoða. Í 10 manna samkomutakmörkunum var einstaklingum sem búa heima hjá foreldrum aðeins veitt þjónusta og þá allan daginn fyrir þá sem vildu. Nokkrir starfsmenn unnu í Skógarlundi en aðrir unnu á heimilum. Í desember var sótt um undanþágu á fjöldatakmörkunum til heilbrigðisráðuneytisins og fékkst undanþága fyrir 20 manns í húsi. Þá hófst starfsemi aftur annan hvern dag fyrir alla þá sem nýta þjónustu Skógarlunda.

Nýr forstöðumaður var ráðinn í Skógarlund og hóf störf í ágúst. Í lok árs 2020 störfuðu 17 starfsmenn í 14,27 stöðugildum en fastráðnir starfsmenn í fæðingarorlofi voru fjórir. Einn starfsmaður var í langtímaveikindaleyfi.

Það urðu breytingar á starfsemi Skógarlunda með nýjum forstöðumanni. Helstu breytingar voru þær að deildirnar sem voru í vestur- og suðurálmú Skógarlunda voru sameinaðar og skrifstofa forstöðumanns var færð í minna rými.

Húsnæði Skógarlunda var skipt niður í átta starfsstöðvar sem eru: Skapandi starf, smíðar og handverk, vinnuþjálfun, skynörvun, hreyfing, tölvur og rofar, gagnaeyðing og reynsluboltar. Markmiðið með stöðvunum er að bjóða upp fleiri og fjölbreyttari verkefni. Allir sem koma í þjónustu fara á tvær starfsstöðvar á dag, þ.e. eina fyrir kaffi og aðra eftir kaffi. Þannig næst fram meiri virkni og áhugi, auk meiri tilbreytingar því allir vinna með fleira fólki, bæði öðrum sem nýta þjónustuna og starfsmönnum.



Í árslok 2020 voru alls 14 almennir starfsmenn á PBI í 11,5% stöðugildum. Í verkamannastöðum voru fimm manns í 3,7 stöðugildum. Af þeim var einn vegna sérstaks atvinnuúrræðis og einn var á örorkuvinnusamningi. Á árinu 2020 var alls 21 einstaklingur í ótímabundinni vinnu. Karlar voru 10 og konur 11. Í starfsendurhæfingu og starfsþjálfun voru 37 einstaklingar í tímabundinni ráðningu, 20 karlar og 17 konur í 8,9% stöðugildum. Að lokinni starfsþjálfun fékk einn af ofangreindum einstaklingum starf á vegum Atvinnu með stuðningi (AMS), einn fór á örorkuvinnusamning en 10 hættu vegna veikinda eða af öðrum ástæðum.

Plastiðjan Bjarg

Verkefnastaða PBI var góð. Heildartekjur árið 2020 voru 132,4 milljónir kr. án vsk. samanborið við 162,6 milljóna árið 2019. Um er að ræða 18,59% samdrátt tekna á milli ára. Skýrist það af því að PBI hætti rekstri Endurvinnslunnar í lok árs 2019. Rekstur PBI var 74,66% af fjárhagsáætlun sem gerð var fyrir rekstrarárið 2020 og er heildarkostnaður bæjarins því 80,5 milljónir.

Þær sóttvarnareglur yfirvalda sem mest höfðu áhrif á starfsemina voru reglur um fjöldatakmarkanir. Reynt var að halda starfseminni áfram eins og hægt var með því að skipta vinnustaðnum upp í svæði og nota fleiri innganga fyrir starfsfólk. Einhverjir þjónustunotendur tóku sér frí, fóru í sjálfskipaða sóttkví meðan smit voru sem flest í þjóðfélaginu og hefur það áhrif á fjölda vinnustunda. Ekki var mikið um nýliðun starfsmanna sökum heimsfaraldursins.

Fræðslusvið

Menntastefna Akureyrarbæjar var samþykkt í bæjarstjórn í maí 2020. Innleiðing stefnunnar hófst strax í ágúst í samvinnu við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri og Ásgarðs ehf. Kynning á stefnunni fór fram í öllum skólum. Unnið er eftir innleiðingaráætlun sem nær yfir þriggja ára tímabil. Fyrsta stóra sameiginlega verkefnið var að skrá gæðaviðmið fyrir allt skólastarf og stofna gæðaráð í öllum leik- og grunnskólum.

Skólar


Hjá Akureyrarbæ eru starfandi sjö almennir grunnskólar, einn sérskóli og einn samrekinn leik- og grunnskóli í Hrísey. Leikskólar eru níu og af þeim eru átta reknir af Akureyrarbæ og einn af Hjalla-stefnunni ehf. Þá er samrekinn leik- og grunnskóli í Hrísey.

Í ágúst 2020 voru innrituð börn frá 15 mánaða aldri í leikskóla bæjarins. Í október 2020 voru um 97,86% barna á Akureyri á aldrinum tveggja til fimm ára (fædd 2015-2018) í leikskólum ásamt 36,5% barna af árgangi 2019 en haustið 2019 voru innrituð í leikskóla börn sem fædd voru í janúar til maíloka 2019. Í október voru alls 942 börn í leikskólum bæjarins. Skólatími barnanna skiptist þannig að 96% barna voru með 7 til 8,5 klst. skóladag og um 4% barna með 4 til 6,6 klst. skóladag. Börn af erlendum uppruna voru alls 81 eða 8,5% og töluðu 23 tungumál.


Ytra mat

Menntamálastofnun lagði ytra mat á Lundarskóla og Hlíðarskóla á árinu.

MYND 22 – FJÖLDI BARNNA Í LEIK- OG GRUNNSKÓLUM 1. OKTÓBER ÁR HVERT



MYND 23 – HLUTFALL BARNNA AF ERLENDUM UPPRUNA Í GRUNNSKÓLUM AKUREYRARBÆJAR





Dagforeldrar


Í lok árs 2020 voru alls 18 dagforeldrar starfandi á Akureyri, 17 konur og 1 karlmaður. Á árinu 2020 var 1 nýtt leyfi veitt til daggæslu barna í heimahúsi en 9 dagforeldrar létu alveg af störfum.

Skólahúsnæði


Framkvæmdir við nýjan leikskóla, Klappir, hófust á lóð Glerárskóla og ganga samkvæmt áætlun. Eru verklok áætluð í ágúst 2021. Leikskólinn verður alls um 1.450 m² á tveimur hæðum. Gert er ráð fyrir sjö deildum með 144 rýmum. Gagngerar endurbætur voru gerðar á D-álmum Glerárskóla.

Ráðist var í allsherjar endurbætur á A-álmum Lundarskóla og eru áætluð verklok vorið 2021. Í framhaldinu verður B-álman endurnýjuð. Kennsla 7.-10. bekkjar fluttist í Rósenborg á meðan á framkvæmdum stóð.

MYND 24 – FJÖLDI BARNNA HJÁ DAGFORELDNUM Á AKUREYRI SKV. SKÝRSLU HAGSTOFUNNAR 1. DESEMBER ÁR HVERT



MYND 25 – NEMENDAFJÖLDI Í TÓNLISTARSKÓLANUM Á AKUREYRI



Samfélagssvið

Undir sviðið heyrja æskulýðs- og forvarnamál, vinnuskóli, atvinnuáttak, tómstundir, íþróttamál, félagsmiðstöðvar unglinga og eldri borgara, handverksmiðstöðin Punkturinn, jafnréttismál og önnur mannréttindamál. Einnig ferða-, atvinnu-, menningar- og kynningarmál. Sviðið er frístundaráði og stjórn Akureyrarstofu til ráðgjafar varðandi stefnumótandi ákvarðanir í þeim málaflokkum sem undir það heyrja og annast framkvæmd þeirra. Hlutverk sviðsins er að veita bæjarbúum, bæjarfulltrúum, forstöðumönnum og öðrum þeim sem á þurfa að halda, góða þjónustu, ráðgjöf og upplýsingar um málaflokka sviðsins.

Íþróttamál

Í upphafi árs hækkaði frístundastyrkur fyrir 6-17 ára börn á Akureyri í 40.000 kr. á barn. Nýting frístundastyrksins var tæp 80% árið 2020. Alls notuðu 2.630 börn og unglingar frístundastyrkinn með einhverju móti árið 2020. Frístundastyrkurinn var notaður fyrir alls 98.660.250 kr. sem samsvarar að meðaltals styrkuppþæð þessara 2.630 barna og unglinga var 37.513 kr. Kynjaskipting var jöfn. Flestar skráningar eru hjá Íþróttafélaginu Þór og Knattspyrnufélagi Akureyrar sem eru með um 36% allra skráninga.

Uppbygging á félagsaðstöðuhúsi siglinga-klúbbsins Nökkva fór á fullt og mannvirkið tók á sig mynd. Er stefnt að því að afhenda það í júlí 2021.

Bílaklúbbur Akureyrar fékk styrk vegna uppbyggingar á félagssvæði sínu þar sem spyrnubraut var malbikuð og tekin í notkun. Íbúðarhúsið Steinnes var skilgreint innan félagssvæðis Þórs á árinu og félagið tók við umsjón með mannvirkinu.

Heimsóknir og aðsókn í íþróttahús bæjarins er svipuð milli ára þar sem grunnskólar og aðildarfélög ÍBA eru áberandi, líkt og sjá má í töflu 2.

TAFLA 2 – HEIMSÓKNIR Í ÍÞRÓTTAMANNVIRKI AKUREYRARBÆJAR

	2020	2019	2018	2017	2016	2015
Hlíðarfjall	36.667	58.040	65.156	53.571	65.333	48.524
Íþróttamiðstöðin í Hrísey	11.079	11.345	10.403	10.447	10.328	9.865
Sundlaug Akureyrar	329.441	443.396	431.044	388.963	365.364	349.614
Sundlaug Glerárskóla*	38.031	85.000	84.000	83.500	82.000	74.000
Sundlaugin í Grímsey	1.308	501	1.307	1.666	1.408	1.231
Samtals:	416.526	598.282	591.910	538.147	524.433	483.234

*Tölur fyrri ára tiltóku allar heimsóknir í Íþróttamiðstöðina. 2020 eru eingöngu tölur fyrir sundlaugina.



Stærsti kostnaðarliður íþróttadeildar er húsaleiga til umhverfis- og mannvirkjasviðs Akureyrarbæjar, sem var 915 milljónir á árinu. Lausafjárleiga og leiga til eignarsjóðs var tæpar 6 milljónir á árinu. Á árinu voru gerðar breytingar á útreikningum vegna leigu grunnskóla af íþróttamannvirkjum og styrkja til aðildarfélaga ÍBA í formi húsaleigu. Í grófum dráttum er breytingin sú að leigutakar greiða nú raunkostnað og í tilfelli aðildarfélaga ÍBA eru tímar utan úthlutunartíma í stundatöflu ÍBA reiknaðir sem styrkur til þess íþróttafélags sem sér um reksturinn. Þannig fer þessi styrkur úr 597 milljónum árið 2019 í 860 milljónir árið 2020.

Alls veitti frístundaráð styrki og framlög fyrir tæpar 240 milljónir á árinu. Rekstrarsamningar eru við Þór, KA, Létti, SA og GA um rekstur íþróttamannvirkja á félagssvæðum þessara félaga. Að auki eru gildandi þjónustusamningar við áðurnefnd íþróttafélög og Fimleikafélag Akureyrar. Afreksjóður Akureyrar veitti styrki fyrir 7 milljónir og Bílaklúbbur Akureyrar fékk 45 milljónir í byggingarstyrk á árinu.

Íþróttastarfsemi ársins litaðist mjög af samkomutakmörkunum vegna Kórónuveirunnar. Í venjulegu árferði standa aðildarfélög ÍBA fyrir og koma að mörgum fjölbreyttum árlegum íþróttaviðburðum í íþróttamannvirkjum. Auk þess fara margvíslegir aðrir viðburðir fram í íþróttamannvirkjum bæjarins, s.s. tónleikar, veislur, ráðstefnur og fundir. Árið 2020 varð þó að fella niður fjölda árlegra viðburða vegna sóttvarnareglna, þ.m.t. Andrésar Andarleikana. Yfir hásumarið tókst að halda hin árlegu N1 knattspyrnumót KA og Artic Open GA milli hápunkta faraldursins. Í júlí fór fram Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum á Þórsvelli.

Íþróttadeild heldur utan um verkefnið Heilsueflandi samfélag og kemur að ýmsum viðburðum. Líkt og undanfarin ár var farið í samstarf við aðila og félög sem vinna að heilsueflingu og íþróttum undir merkjum „Akureyri á iði“ þar sem íbúum Akureyrar stendur til boða fjölbreytt hreyfing og heilsuefling sér að kostnaðarlausu. Fimmta árið í röð var öllum grunn- og framhaldsskólanemendum á Akureyri boðinn frír aðgangur að sundlaugum og í Hlíðarfjall í vetrarfríi skólanna í mars.

Í athöfninni Íþróttamaður Akureyrar í janúar 2021 voru Viktor Samúelsson lyftingamaður úr Kraftlyftingafélagi Akureyrar og Aldís Kara Bergsdóttir listhlaupakona úr listhlaupadeild Skautafélags Akureyrar útnefnd íþróttakarlar og íþróttakona Akureyrar 2020. Við sama tækifæri voru veittar heiðursviðurkenningar frístundaráðs fyrir vel unnin störf í þágu íþróttar á Akureyri. Hreiðar Jónsson fékk viðurkenningu fyrir áratuga starf í þágu íþróttar, m.a. frjálsíþróttar og handbolta á Akureyri. Ívar Sigmundsson fékk viðurkenningu fyrir áratuga starf í þágu skíðaíþróttar á Akureyri og Íslandi. Ingibjörg Anna Sigurðardóttir fékk viðurkenningu fyrir mikið og óeigingjarnt starf í heilsuefningu almennings í vatnsleikfimi.


Frístundaráð og Afrekssjóður taka saman upplýsingar um fjölda Íslandsmeistara og landsliðsmanna aðildarfélaganna ÍBA árlega og veita viðurkenningar í samræmi við þær upplýsingar. Fjöldinn árið 2020 reyndist minni en mörg undanfarin ár sem skýrist af því að mörgum mótum, leikjum og keppnum var frestað vegna COVID-19.

Sundlaug Akureyrar


Heimsfaraldurinn COVID-19 setti mikinn svip á árið hjá Sundlaug Akureyrar eins og hjá öðrum. Vegna hans voru sundlaugar Akureyrarbæjar lokaðar um skeið á árinu, fyrst í tæpa tvo mánuði frá 25. mars til 18. maí og svo aftur í 40 daga frá 31. október til 10. desember. Þar fyrir utan voru fjöldatakmarkanir meira og minna allt árið fyrir utan tvo fyrstu mánuði ársins og smá tíma yfir hásumarið. Í seinna skiptið sem var lokað fyrir almenning voru sundæfingar Óðins og sundkennsla leyfðar meirihluta tímans, sem og sundkennsla frá 18. nóvember og var þá afgreiðslan einnig opnuð fyrir sölu á sundkortum. Handhöfum árskorthafa var í bæði skipti bættur skaðinn með því að framlengja kortin um þann tíma sem lokað var.

Af framkvæmdum má helst nefna að gufubaðs-aðstöðunni ásamt starfsmannasalerni á 2. hæð var breytt, annars vegar í einstaklingsklefa og hins vegar í fjölnotaklefa sem er ætlaður til að nota þá daga

MYND 265 – FJÖLDI LANDSLIÐSMANNA INNAN ÍBA Á ÁRUNUM 2011-2020



MYND 27 – FJÖLDI ÍSLANDSMEISTARA INNAN ÍBA Á ÁRUNUM 2011-2020






sem aðsókn er mest og eins ef þarf að fara í viðhald á búningssklefum. Einstaklingsklefinn er ætlaður bæði fötluðum og öðrum sem af einhverjum ástæðum eiga erfitt með að nota almenningsklefa. Hann var tekinn í notkun 23. desember.

Heildaraðsókn á árinu var ríflega 329 þúsund og því lægri en árið áður. Þó má segja að þetta sé ótrúlega mikil aðsókn miðað við þær takmarkanir og lokanir sem voru í gildi á árinu og munaði þar miklu að í júlímánuði voru engar takmarkanir á gestafjölda. Sundlaug Grímseyjar var lokað tæplega hálf árið vegna skorts á heitu vatni í eyjunni sem hafði eðlilega mikil áhrif á tölur um aðsókn.

Sundlaug Akureyrar tók þátt í Listasumri eins og fyrri ár og voru listaviðburðir á sundlaugasvæðinu þrjá föstudaga í júlí undir nafninu Föstudagsfjör. Auk þess var sett upp listasýning með teikningum eftir Astrid Maríu Stefánsdóttur, sumarlistamann Akureyrarbæjar árið 2020, á glerfleti á útisvæðinu og fékk sýningin að standa uppi til ársloka.

Heimsfaraldurinn hafði veruleg áhrif á sundmót Sundfélagsins Óðins. Hætt var við að halda AMÍ og á endanum voru einu mótin sem haldin voru Sundmót Óðins í júní og Sprengimót Óðins í september.

MYND 28 – HEIMSÓKNIR Í SUNDLAUG AKUREYRAR EFTIR HÓPUM



Allskonar Akureyri

Í upphafi ársins 2020 lauk vinnu við gerð nýrrar mannréttindastefnu fyrir Akureyrarbæ. Ný stefna var samþykkt í bæjarstjórn þann 17. mars 2020 og ber hún yfirskriftina Allskonar Akureyri. Stefnan leysir jafnréttisstefnuna af hólmi og með nýrri stefnu eru þær breytingar gerðar að réttindi fleiri hópa en karla og kvenna eru tryggð. Horft er til ákveðinna réttinda starfsfólks og íbúa/þjónustupega óháð kyni, kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu. Unnið er jafnt og þétt eftir stefnunni og aðgerðaáætlun hennar.

Á árinu lauk tveggja ára Norrænu samstarfsverkefni um forvarnir og kortlagningu á umfangi kynferðislegrar áreitni í heilbrigðisgeiranum. Akureyrarbær hlaut styrk fyrir það verkefni ásamt Eskilstuna í Svíþjóð, Arendal í Noregi og Jafnréttismiðstöð Háskólans í Agder í Noregi sem stýrði verkefninu. Á vormánuðum voru niðurstöður kannana kynntar og til stendur að kynna verkefnið betur fyrir fagfólki innanlands snemma árs 2021. Í framhaldi af verkefninu var ákveðið að leggja meiri vinnu í fræðslu til alls starfsfólks Akureyrarbæjar um kynferðislega áreitni. Fræðslan telst til lögbundinna fyrirbyggjandi aðgerða og markmiðið er að auka þekkingu á orsökum og afleiðingum kynferðislegrar áreitni.

Í september hélt Akureyrarbær í samstarfi við Jafnréttisstofu og Samband íslenskra sveitarfélaga árlegan landsfund jafnréttismála. Aðalerindi fundarins voru tvö. Fayrouz Nouh kynnti rannsókn sína á arabískum múslimakonum á Íslandi sem búa utan höfuðborgarsvæðisins og Markus Meckl sagði frá rannsókn á kynjuðum áskorunum sem fylgja fólksflutningum.

Jafnréttisviðurkenningar frístundaráðs voru veittar á sumardaginn fyrsta. Leikskólinn Lundarsel hlaut viðurkenningu í flokki fyrirtækja en skólinn hefur markvisst unnið með kynjajafnrétti í sínu starfi sl. 10-12 ár. Veitt voru sérstök hvatningarverðlaun og hlaut þau Stefanía Sigurdís Jóhannudóttir.









Amtsbókasafnið

Starfsemi Amtsbókasafnsins fór ekki varhluta af kórónuveirufaraldrinum á árinu. Safnið var opið almenningi í 214 daga en árið 2019 voru dagarnir 278 sem opið var. Er það fækkun afgreiðsludaga um 23%. Má því segja að nokkur varnarsigur hafi unnist þar sem útlánur á árinu fækkaði þó ekki meira en um 21% miðað við árið áður. Mest munaði um fækkun útlána á bókum um 22.698 eintök eða 20%. Einnig fækkaði verulega útlánur á tímaritum og mynddiskum. Útlán úr Rafbókasafninu jukust hins vegar um 15% og þar af jukust útlán á hljóðbókum um þriðjung, meðan rafbókaútlánin stóðu í stað. Pantanir eða frátektir á bókum jukust hins vegar um 70%, fóru úr 2.636 árið 2019 í 4.469 árið 2020. Þar af voru 2.511 frátektir í nóvember og desember, en safnið var lokað almenningi á þeim tíma en boðið var upp á pöntunarþjónustu á þeim tíma.

Gestum fækkaði umtalsvert milli ára eða frá 103.402 árið 2019 í 68.130 eða um 34%. Ástæður þess að gestum fækkar meira en útlánur eru að á tímabili voru útlán heimil þó svo að gestir mættu ekki koma inn á safnið og svo hitt að greinilegt var að gestir tóku meira að láni og hugsanlega safngögn fyrir fleiri en sjálfan sig.

Haldnar voru sex sýningar í anddyri Amtsbókasafnsins á árinu 2020. Sýningin **Tíðarandi í teikningum** stóð yfir í safninu í janúar og febrúar. Á sýningunni gaf að líta frumrit myndverka sem listamenn hafa unnið fyrir íslenskar námsbækur allt frá því fyrir stofnun Lýðveldisins. Myndirnar bera vitni um þann metnað sem lagður hefur verið í myndskreytingar námsbóka, þar sem færustu myndlistarmenn leggja hönd á plóg. Ljósmyndasýning Ingu Dagnýjar Eydal **Stefnumót við Akureyri** prýddi sýningarrými Amtsbókasafnsins í mars. Vegna hertra sóttvarnaaðgerða þurfti að loka safninu tímabundið á meðan sýningin



stóð yfir. Brugðið var á það ráð að taka myndir af myndum og ljóðum á sýningunni og birta á netinu þannig að fólk heima í stofu gæti fengið að njóta þó svo að safnið væri lokað. Sýningin **Raddir barna** stóð yfir í sýningarrými safnsins um vorið.



Að sýningunni stóðu félagsmiðstöðvar Akureyrar og Ungmennahús sem starfa með börnum og ungmennum á aldrinum 10-25 ára á Akureyri. Síðsumars voru til sýnis í safninu **Ljósmyndir eftir Steinunni Ósk**, nemanda á ljósmyndasviði Menntaskólans á Tröllaskaga. Í byrjun september var opnuð sýningin **Bók um bók**. Á sýningunni voru verk eftir Halldór Sánchez teiknara og myndmenntakennara. Sýningin **Hernumið land**, sem haldin var á vegum Héraðsskjalasafnsins á Akureyri, stóð yfir í sýningarrými safnsins í desember. Viðfangsefni sýningarinnar var hernámið og áhrif þess á atvinnulífið, menningu og samfélagið í heild.

Fjölbreyttir viðburðir fóru fram á Amtsbókasafninu á liðnu ári þrátt fyrir talsverðar takmarkanir í kjölfar heimsfaraldurs. Þar má til dæmis nefna að í upphafi sumars fóru fram **plöntuskipti** fyrir utan safnið í bliðskaparveðri. Alla fimmtudaga í júlí leiddi jógakennarinn Arnbjörg Kristín Konráðsdóttir **hugleiðslu** á flötinni fyrir framan safnið. Viðburðurinn var haldinn í tengslum við Listasumar og naut stuðnings Akureyrarstofu. Venju samkvæmt fór **Potterhátíðin** mikla fram í lok júlí. Að þessu sinni átti Harry stórafmæli og varð fertugur, því dugði ekkert minna en þriggja daga skemmtun með galdrakústasmiðju, flóttaherbergi og að sjálfsgöngu galdramannaíþróttinni quidditch.

Amtsbókasafnið tók þátt í **Barnamenningarhátíð** sem fór fram í október. Haldin var ritlistarsmiðja fyrir börn undir umsjón Vilhjálms B. Bragasonar, leikskálds, textahöfundar og tónlistarmanns. Amtsbókasafnið tekur virkan þátt í ýmsum samstarfsverkefnum og má þar nefna ritlistarkeppni ungmenna á aldrinum 16-25 ára. Það verkefni er unnið í samvinnu við Akureyrarstofu, Ungmennahúsið í Rósenborg, framhaldsskólana á Norðurlandi eystra og Amtsbókasafnið. Alls bárust 100 verk í keppnina á liðnu ári, en aldrei hafa fleiri sent inn verk til þátttöku. Verkefnið Ungskáld er styrkt af Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra og Akureyrarbæ.

Amtsbókasafnið tók þátt í verkefninu **#safniðísófan** á meðan hertar reglur um samkomuhald stóðu yfir. Þrátt fyrir lokanir þá hélt safnið sýnileika sínum á samfélagsmiðlum og bauð upp á efni og jafnvel viðburði sem fólk gat notið heima í stofu. Þannig var brugðið á leik með bók dagsins, sóttkvíarbingó, ljósmyndaáskorun, bókaandlitum, ljóða-upplestrum í beinni, TikTok myndböndum, spurningakeppnum og ýmsu öðru sprelli samfélaginu til góða.


Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Árið 2020 verður seint talið til hefðbundinna ára og vissulega var starfsemi Héraðsskjalasafnsins óvenjuleg á árinu. Augljósustu merki þess eru færri opnunardagar og þar af leiðandi færri gestir. Í upphafi árs voru þær breytingar gerðar á opnunartíma safnsins að ekki var lengur opið fyrir afgreiðslu á miðvikudögum. Auk þess var safnið lokað í 42 daga, sem að öllu jöfnu hefði verið opið. Gestirnir voru því helmingi færri en á venjulegu ári eða 348. Um 35% þeirra voru konur.

Þrátt fyrir verulega fækkun gesta var umtalsverð aukning í útlánum og töldust þau 6.261. Einhvern hluta þessarar aukningar má rekja til fleiri millisafnalána en áður og að hluta má rekja aukninguna til þess að farið var að telja fleira en áður s.s. útlán vegna sýninga og fyrirspurna. Fyrirspurnir voru álíka margar og árin á undan en þegar safnið var lokað var áhersla lögð á kynningar á samfélagsmiðlum og aðra möguleika til þess að nýta sér þjónustu safnsins en þá að koma í heimsókn. Aðstoð við viðskiptavini símleiðis eða með rafrænum leiðum kom því að einhverju leyti í stað hefðbundinnar þjónustu á lestarsal.

Alls bárust 65 afhendingar árið 2020, sem er nokkuð minna en á venjulegu ári. Af þessum 65 afhendingum voru 20 frá skilaskyldum aðilum en hinar komu frá einkaaðilum s.s. einstaklingum og félögum. Umfang þessara 65 afhendinga er 50,6 hillumetrar en það er í meðallagi miðað við hvað bæst hefur við safnkostinn síðustu ár. Afhendingar geta verið allt frá einu blaði upp í einhverja tugi hillumetra og ástand skjalanna er einnig misjafnt. Það væri ákjósanlegast að geta sett afhendingarnar beint upp í hillu en oft er sá möguleiki ekki fyrir hendi og þá er það undir starfsfólkinu komið að ganga frá skjölunum með viðeigandi hætti. Á árinu 2020 kom rúmur helmingur skjalanna frágenginn.

Að venju var safnið með örsýningar á stigaskörinni á 3ju hæð en fimm sinnum var skipt um sýningarefni þar. Örsýningarnar eru eins og ætla má sýningar sem standa í skamman tíma og eru litlar að umfangi.



Undirbúningur þeirra er oftar en ekki takmarkaður og sýningarefnið ýmist eitthvað sem tengist árstíðinni, umræðu í samfélaginu eða bara eitthvað sem skjalavörðum er hugleikið þá stundina.


- Fyrsta sýningin bar yfirskriftina „Á efnisskrá tónleikanna“ enda var sýningarefnið efnisskrár frá ýmsum tónleikum í Eyjafirði.
- Í júní tók við sýning á skjölum sem tengjast sundiðkun á ýmsan hátt.
- Í ágúst tók við sýning á mis gömlum fermingarkortum. Ætlunin var að hafa sýninguna í apríl, á hinum hefðbundna fermingartíma, en sýningin færðist til eins og vel flestar fermingar á árinu.
- Sameinuðu þjóðirnar helguðu árið 2020 hjúkunarfræðingum og ljósmæðrum og þess vegna voru skjöl tengd þessum starfsstéttum í sýningarskápunum í október og nóvember.
- Síðasta örsýningin var svo í desember en þá voru sýnd jólakort með myndum af Akureyrarkirkju enda átti kirkjan 80 ára vígsluafmæli 17. nóvember.



Norræna skjaladaginn bar að þessu sinni upp á 14. nóvember og var yfirskriftin Hernumið land. Héraðsskjalasafnið lagði til efni á sameiginlegan kynningarvef opinberra skjalasafna og undirbjó sýningu í sameiginlegu rými safnanna á 1. hæð hússins undir þessari yfirskrift. Vegna sóttvarnaáðstafana gátu gestir ekki notið sýningarinnar fyrir en í desember.

Á árinu var haldið áfram við að mynda skjöl safnsins og birta á vefnum. Síðan árið 2016 hefur safnið fengið styrk af fjárlögum ríkisins til slíkra verkefna og þannig hefur bæði verið hægt að afrita mikilvæg skjöl á annan vörslumiðil og auka þjónustu við notendur safnsins með því að gera þau aðgengileg á vefnum. Á árinu 2020 voru myndaðar bréfabækur frá Akureyri og úttekta- og uppboðsbækur frá sveitarfélögunum á safnsvæðinu. Núna eru 260 bækur aðgengilegar á vefnum og leiðin að þeim er um heimasíðu safnsins herak.is.

MYND 33 – AFHENDINGAR OG HILLUMETRAR HÉRAÐSSKJALASAFNSINS



Listasafnið á Akureyri

Árið 2020 var óvenjulegt ár í Listasafninu. Tvisvar þurfti að loka safninu í nokkrar vikur vegna samkomutakmarkana. Fella þurfti niður tvær sýningar og seinka öðrum en þrátt fyrir það tókst að halda uppi fjölbreyttri starfsemi. Safnið var virkt á samfélagsmiðlum undir myllumerkjunum [#safniðísófan](#) og [#listak](#) auk þess sem gerð voru stutt myndbönd um starfsemina og fræðslu um sýningar og einstök verk.


Alls voru settar upp 14 nýjar sýningar í safninu á árinu 2020 auk þess sem sex sýningar héldu áfram í sölum safnsins. Sýningarnar skiptust í sex einkasýningar, þrjár yfirlitssýningar, þrjár samsýningar og eina nemendasýningu auk A! Gjöorningahátíðar sem er árleg hátíð, haldin í samvinnu við Leikfélag Akureyrar, MAk, Verkmenntaskólann, Gilfélagið og fleiri.

Alls voru gestir safnsins á árinu 8.407 sem er um 60% af gestafjölda árið 2019. Þar af voru erlendir gestir 908 - fækkaði eðlilega mikið milli ára vegna ferðatakmarkana. Íslendingum fjölgaði hins vegar um 70% í júní og júlí á milli ára. Konur voru 3.665, karlar 2.512 og börn 1.594.

Boðið var upp á leiðsagnir um sýningar á íslensku og ensku alla fimmtudaga og 10 þriðjudagsfyrirlestrar í samvinnu við VMA, Gilfélagið og Myndlistarfélagið voru á dagskránni. Tveir fyrirlestrar voru færðir yfir á netið. Auk þess var tekið á mótum um 70 skólahópum frá leikskólum, grunn- og framhaldsskólum og einnig háskólanemum og myndlistarskólanemum. Þá var einnig tekið á mótum vinnustaða- og vinahópum í leiðsagnir. Boðið var upp á samtöl við listamenn þegar sýnendur sögðu frá verkum sínum. Fjölskylduleiðsagnir héldu áfram við góðar viðtökur og var boðið upp á sjö slíkar á árinu með smiðjum fyrir börn og fullorðna. Sex smiðjur með listamönnum voru haldnar með styrk frá Uppbyggingarsjóði SSNE en fresta þurfti nokkrum smiðjum vegna samkomutakmarkana.



MYND 34 – AÐSÓKN AÐ LISTASAFNINU ÁRIÐ 2020



Listasafnið hefur upp á að bjóða 12 mismunandi sýningarrými og ávallt eru í gangi fimm til sjö sýningar í einu. Safnið er opið alla daga kl. 12-17. Auk þess er safnið opið fyrir hópa utan almenna opnunartímans.



Punkturinn

Starfsemin á Punktinum hófst með hefðbundnu sniði á árinu 2020. Í byrjun mars var lokað vegna COVID-19 faraldursins. Opið var með þeim takmörkunum sem voru í gildi í maí og september en í október var lokað aftur alfarið og hélst sú lokun út árið. Í þann tíma sem var opið var boðið upp á opna aðstöðu til handverksíðkunar auk styttri námskeiða fyrir börn, unglinga og fullorðna. Í boði voru fjölbreytt námskeið sem þátttakendur sýndu áhuga og voru vel sótt.

Félagsmiðstöðvar eldri borgara

Félagsmiðstöðvar eldri borgara eru í Víðilundi 22 og Bugðusiðu 1. Starfsemin er fjölbreytt og í stöðugri þróun og mótun. Markmiðið er að tryggja og viðhalda andlegri, félagslegri og líkamlegri færni eldri borgara til að njóta efri áranna eftir vilja og getu hvers og eins. Akureyrarbær sá um rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Víðilundi á árinu 2020 en Félag eldri borgara á Akureyri (EBAK) sá um rekstur félagsmiðstöðvarinnar í Bugðusiðu. Á árinu 2020 var meðal annars boðið upp á kaffispjall, leikfimi, skipulagðar gönguferðir, húslestur, handavinnunámskeið, fjölbreytt spil og ýmsar uppákomur. Árið 2020 litaðist af COVID-19 faraldrinum og mikið var um lokanir og takmarkanir enda eldri borgarar í áhættuhópi gagnvart veirunni. Yfir sumarið var lögð mikil áhersla á heilsuefningu og aukna hreyfingu en styrkur fékkst frá ríkinu til þessa.



Félagsmiðstöðvar Akureyrar

Félagsmiðstöðvar Akureyrar, Félag, er þjónusta fyrir börn á aldrinum 10-16 ára. Unnið er samkvæmt forvarnastefnu og framkvæmdaáætlun forvarna. Á verksviði Félag er að vekja athygli almennings í sveitarfélaginu á verndandi þáttum og stöðu varðandi lýðheilsu í sveitarfélaginu. Er það helst gert með því að veita aðgang að upplýsingum um stöðu og mikilvægi verndandi þátta með fræðslu, greinaskrifum og viðtölum. Helstu verkefni í félagsmiðstöðvastarfi eru opin hús fjögur kvöld í viku, klúbbastarf, valgreinakennsla, viðburðir og ýmiss konar ráðgjöf og stuðningur við grunnskólana vegna samskipta, félagsfærni, sjálfsmyndar barna og áhættuhegðunar.

Fræðsluáætlun forvarna er umfangsmikil sem og fræðsla fyrir vinnuskóla yfir sumartímenn. Unnið er að ýmsum sértækum verkefnum svo sem skólasmíðju sem er óhefðbundið skólaúrræði í samstarfi við barnavernd og fræðsluvið, starfstengt nám og ýmiss konar hópastarf.

Vegna heimsfaraldursins fékkst styrkur frá félagsmálaráðuneytinu til að mæta sérstaklega börnum á miðstigi sem þurftu aukna virkni og félagslegan stuðning yfir sumartímenn. Farið var í fjölbreyttar dagsferðir í nágrenni Akureyrar og var mikil ánægja með verkefnið.

Vegna heimsfaraldurs eru mætingatölur ómarktækar en meðan samkomutakmarkanir stóðu yfir var börnum mætt með ýmsum breytingum á þjónustunni, svo sem rafrænni félagsmiðstöð og þrautaleikjum sem hægt var að vinna heima og víða um bæinn. Starfsfólk félagsmiðstöðvanna gerði sér sérstakt far um að vera sýnilegt og fylgjast vel og skipulega með hópamyndunum um bæinn meðan skólahald raskaðist vegna COVID-19.

Á vormánuðum hleyptu Félag og Ungmennahús í samvinnu við leik-, grunn-, og framhaldsskóla bæjarins af stokkunum verkefninu **Ég og kóróna**. Hugmyndin var að nota tæknina til að afla upplýsinga um líðan barna og ungmenna í heimsfaraldri og um leið gefa þeim tækifæri til að tjá tilfinningar sínar nafnlaust og á öruggan hátt. Öll börn á Akureyri gátu skrifað eitt orð um sína líðan inn á sameiginlegt vefsvæði og úr varð eins konar orðasúpa tilfinninga á skjá í miðbænum.



Ungmennahús

Ungmennahús er upplýsinga- og menningar- miðstöð fyrir ungt fólk frá 16 ára aldri. Starfsemin skiptist í ráðgjöf og stuðning annars vegar og skapandi starf hins vegar. Starfsfólk Ungmennahúss aðstoðar ungt fólk við að koma góðum hugmyndum í framkvæmd og veitir aðstöðu til fjölbreytilegra verkefna. Einnig er boðið upp á ráðgjöf og stuðning fyrir ungt fólk um fjölbreytt mál, svo sem vegna atvinnu, skóla eða heilsufarsmála.

Ýmiss konar námskeið eru í boði í Ungmennahúsi undir hatti Virkisins sem er samstarfsverkefni fjölmargra stofnana sem vinna með ungu fólki. Rauður þráður í námskeiðunum er sjálfsstyrking, þátttaka og virkni og markmiðið er að ungmennin fari aftur í skóla eða á vinnumarkað þegar þeim lýkur. Mikill árangur hefur náðst með verkefninu.

Ungmennahús hefur að undanförnu gert tilraunir til að nálgast betur jaðarsetta hópa ungmenna sem ekki nálgast aðstoð af sjálfdáðun. Ýmsar viðurkenndar aðferðir hafa verið notaðar til þess, til að mynda með þátttöku í valdeflandi verkefnum. Ungmennahús sinnir áfram brottfallsnemendum úr framhaldsskólunum og ýmsar aðferðir eru notaðar til að mæta einstaklingum sem oft standa höllum fæti og eru með áfallasögu að baki. Öll þjónustan er gjaldfrjál. Vegna heimsfaraldurs eru mætingatölur ómarktækar.




Vinnuskólinn

Starfsemi vinnuskólans sumarið 2020 var með hefðbundnu sniði. Heimastöð vinnuskólans færðist úr Rósenborg í Íþróttahöllina við Skólastíg haustið 2020. Haustið 2018 var gert átak til að bæta þjónustuna hjá vinnuskólanum með samstarfi við launadeild. Ýmsar úrbætur hafa átt sér stað og hefur villum og athugasemdum fækkað um 90% frá því umbótaverkefnið hófst.

Fyrir sumarið voru ráðnir 3 verkstjórar og 25 flokksstjórar hjá vinnuskólanum. Fræðslunámskeið fyrir flokksstjóra var haldið dagana 2., 3., 4. og 5. júní. Námskeiðið var haldið í húsnæði Símeý og einnig var kennt rafrænt. Í ár sóttu 460 ungmenni um vinnu hjá vinnuskólanum sem er töluverð fjölgun frá því í fyrra. 431 ungmenni þáði vinnuna. Aldurskipting var þannig að 14 ára voru 237 og 15 ára voru 194. Meirihluti 14 og 15 ára unglunga vann á starfsstöðum við grunnskóla bæjarins sem voru sjö talsins. Einnig var starfandi hópur í Rósenborg fyrir tilstuðlan styrks frá félagsmálaráðuneytinu fyrir ungmenni sem finna sig ekki innan ramma hins hefðbundna vinnuskóla.

Gríðarleg aukning var á umsóknum í vinnuskóla 16 og 17 ára í ár en alls lágu fyrir 312 umsóknir. Til vinnu mættu 264 unglingar sem dreifðust á 38 vinnustaði. 145 fæddir 2004 og 119 fæddir 2003. Sumarið 2020 líkt og sumarið þar á undan tóku 14

MYND 35 – KYNJASKIPTING Í VINNUSKÓLANUM 2020



ára starfsmenn vinnuskólans þátt í Sjávarútvegs-skóla Norðurlands. Markmið skólans er að kynna sjávarútveg fyrir nemendum og þá menntunar- og atvinnumöguleika sem í boði eru í sjávarútvegi og tengdum greinum svo sem tækni- og iðngreinum og flutningum í kringum sjávarútveg.



Sumarvinna með stuðningi

Sumarvinna með stuðningi er fyrir einstaklinga á aldrinum 17-25 ára sem þurfa sérstæka aðstoð og eru án vinnu, í námi eða endurhæfingu. Óskað er eftir fyrirtækjum með áhuga á að taka að sér einstaklinga yfir 5 vikna tímabil. Alls sóttu 67 einstaklingar um starf hjá SMS í gegnum umsóknarvef Akureyrarbæjar. Allir einstaklingar sem uppfylltu tiltekin skilyrði voru ráðnir í vinnu og störfuðu alls 23 einstaklingar í sumarvinnu með stuðningi sumarið 2020, 11 konur og 12 karlar.

Sumarvinna fyrir 18-25 ára

Sumarið 2020 sóttu 206 ungmenni um starf í sumarvinnu fyrir 18-25 ára. Af þeim hófu 125 störf. Flest ungmenni sem þáðu vinnu voru 18 ára eða 29 einstaklingar. Boðið var upp á vinnu í 5 vikur, 35 stunda vinnuvika eða 175 vinnustundir í það heila yfir sumarið. Það gekk ágætlega að koma ungmennum fyrir á vinnustöðum en þó þurfti að hafa meira fyrir því en síðustu ár í ljósi COVID-19 og þeirrar aðsóknar sem varð í átakið. Alls störfuðu ungmennin á 31 vinnustað. Íþróttafélögin KA og Þór voru með flesta í starfi hjá sér, samtals 26 ungmenni.



Atvinnuáttak með stuðningi frá VMST

Sumarið 2020 sóttu 352 einstaklingar um starf hjá Akureyrarbæ í gegnum atvinnuáttak Vinnu-
málastofnunar. Í áttakinu voru upphaflega 100 störf í boði en þeim fækkaði síðan í 90. Af 352 einstaklingum hófu 84 störf. Flestir sem fengu neitun féllu ekki undir þau skilyrði sem þurfti til að fá starf í gegnum VMST-átakið. Aðrir fengu neitun vegna þess að þeir höfðu sótt um ákveðið starf sem ekki reyndist mögulegt að ráða í. Hluti hópsins fékk sumarvinnu annars staðar. Boðið var upp á tveggja mánaða ráðningu, 40 stunda vinnuviku eða átta klukkustundir á dag. 15 vinnustaðir fengu úthlutað ákveðnum fjölda starfa í gegnum VMST-átakið.



Akureyri – Barnvænt sveitarfélag

Innleiðing Barnasáttmálans hélt áfram á árinu. Í maí 2020 gerði Unicef úttekt á vegferð Akureyrarbæjar sem Barnvænt sveitarfélag. Þann 27. maí fékk Akureyrarbær formlega viðurkenningu sem fyrsta Barnvæna sveitarfélagið á Íslandi samkvæmt skilgreiningu Unicef. Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra og Birna Þórarinsdóttir framkvæmdastjóri Unicef á Íslandi afhentu Ásthildi Sturludóttur bærstjóra viðurkenninguna.

Fjöldmörg verkefni í aðgerðaáætlun Akureyrarbæjar komu til framkvæmda á árinu og má þar nefna endurskoðað verklag og fræðslu um tilkynningaskyldu til barnaverndar. Nýr hnappur fyrir tilkynningar var gerður aðgengilegur á heimasíðu bæjarins og þar undir er að finna ýmsar upplýsingar. Öll börn í 4.-10. bekk grunnskólanna fá fræðslu um „hnappinn“, tilkynningarskyldu, viðbragðsáætlun og réttindi sín.

Fræðsla um Barnasáttmálann og Barnvænt sveitarfélag hefur farið víða, til dæmis í Vísindaskóla unga fólksins við Háskólann á Akureyri og nágrennasveitarfélög hafa einnig fengið fræðslu í leik- og grunnskóla fyrir ýmist starfsfólk eða nemendur.

Ungmennaráð

Ungmennaráð fundaði reglulega á árinu. Kosið var í nýtt ráð og er það nú fullskipað með 11 fulltrúa. Að venju var bærstjórnarfundur unga fólksins haldinn með bærstjórnarfundum í mars þar sem ungmennaráð setti fjölmörg mál á dagskrá. Ungmennaráð á áheyrnarfulltrúa í fræðsluráði og frístundaráði. Meðal viðburða sem fulltrúar ungmennaráðs tóku þátt í á árinu 2020 var ráðstefnan „Ungt fólk og lýðræði“ og framlag ráðsins til barnamenningarhátíðar var sýningin „Raddir barna“ í anddyri Sundlaugar Akureyrar. Ungmennaráð átti fulltrúa í málstofu landsfundar um jafnréttismál sveitarfélaga í september. Haldið var áfram með verkefnið „Ungt fólk og Eyþing“ sem ungmennaráð er þátttakandi í ásamt fleiri sveitarfélögum á Norðurlandi eystra og fjallar um lýðræðislega þátttöku ungs fólks. Verkefnið er styrkt af Sóknaráætlun landshlutans og mun því ljúka 2021.



Akureyrarstofa

Akureyrarstofa heldur utan um atvinnu-, ferða-, menningar-, markaðs- og kynningarmál fyrir Akureyrarbæ. Akureyrarstofa annast samskipti og samningagerð við sjálfstæðar menningarstofnanir sem njóta verulegs stuðnings Akureyrarbæjar og viðburðahald fyrir bæinn og samskipti við fjöldamarga skipuleggjendur viðburða í bænum. Miðpunktur starfseminnar er Akureyri en Akureyrarstofa á í nánu samstarfi við aðila sem vinna á stærri svæðum, s.s. Markaðsstofu Norðurlands (MN) og Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra.

Atvinnumál

Í eðli sínu snúast flest verkefni Akureyrarstofu um atvinnumál með einum eða öðrum hætti. Markaðs- og kynningarstarf gengur út á að kynna Akureyri sem eftirsóknarverðan áfangastað, búsetukost og starfsvettvang, menningarmál snúast að stórum hluta um að styðja við atvinnustarfsemi í listum með styrkjum og rekstri stofnana og ferðamál snúast um markvissa kynningu og þátttöku í þróun áfangastaðarins í samstarfi við aðra í bæjarkerfinu og einkaaðila. Akureyrarbær greiddi um 33 m.kr. til reksturs Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) á árinu, um 9 m.kr. til Markaðsstofu Norðurlands og 9 m.kr. til flugklasans AIR66. Þá tekur bærinn þátt í rekstri FabLab smiðju við Verkmenntaskólann á Akureyri og styrkir reksturinn um 7,5 m.kr.

Akureyrarstofa á í nánu samstarfi við SSNE um önnur atvinnumál og á árinu hélt áfram vinna við endurskoðun á atvinnustefnu Akureyrar, undirbúin samkeppnisgreining fyrir Akureyri og tvö verkefni sem framkvæmd voru í ársbyrjun 2021 sem voru ráðstefna um störf án staðsetningar og Fyrirtækjaping Akureyrar.

Ferða-, markaðs- og upplýsingamál

COVID-19 hafði mikil áhrif á ferðaþjónustuna um heim allan og fór ferðaþjónustan á Akureyri ekki varhluta af því. Nýting á hótélum minnkaði um 43% milli ára auk þess sem verð á gistingu lækkaði í mörgum tilvikum. Einnig minnkaði framboð á gistirýmum almennt. Ástandið hafði sömuleiðis mikil áhrif á starfsemi veitingastaða en mest voru áhrifin á ferðaskipuleggjendur sem sumir hverjir hættu rekstri alfarið á meðan aðrir lokuðu tímabundið eða takmörkuðu þjónustu sína verulega þar sem grundvöllur fyrir rekstri hvarf. Nánast öllum stærri hátíðum og viðburðum var aflýst þar sem sóttvarnareglur gáfu ekki kost á mannsöfnuði.

Sóttvarnareglur voru rýmri yfir sumarið og þá lá straumur innlendra ferðamanna til Akureyrar sem hafði jákvæð áhrif m.a. á veitingahúsin, verslun og gistingu.

Upplýsingamiðstöðin var rekin með lágmarks-mönnun og afgreiðslutími var stytur þar sem þörfin fyrir þjónustuna dróst verulega saman. Í lok árs var tilkynnt að loka ætti Upplýsingamiðstöðinni í framhaldinu af því að ríkið hætti að leggja framlag til rekstursins. Ákveðið var að útbúa einfaldari upplýsingaveitur hjá öðrum stofnunum bæjarins auk þess að efla upplýsingagjöf á vefsíðu bæjarins halloakureyri.is (visitakureyri.is).

Skemmtiferðaskip aflýstu nánast öllum komum sínum. Ekkert skip kom til Akureyrar á árinu en þrjú komu til Grímseyjar og fjögur til Hríseyjar.

Sett var af stað átak til að kynna Hrísey og var m.a. boðið upp á ókeypis ferjusiglingar síðari hluta júní. Viðbrögðin voru mikil og góð. Var nánast fullt í ferjuna marga daga yfir sumarið.


Ferðamannastraumurinn reyndi verulega á innviði í eyjunni bæði varðandi ferju, veitingar og fleira. Til að undirbúa eyjuna betur fyrir næsta ferðasumar var farið í að bæta merkingar, unnið í nýju upplýsingaskilti með korti og settir upp fleiri vegvísar. Einnig var sett upp nýtt upplýsingaskilti við hús Öldu, Holt.

Akureyrarstofa stóð einnig fyrir átaki til að kynna Grímsey sem skilaði góðum árangri. Íslendingar sóttu eyjuna heim sem aldrei fyrr og var gisting og veitingasala vel nýtt, auk samgangna. Íslendingarnir náðu þó ekki að fylla alveg upp í skarð erlendu gestanna og fannst það m.a. mjög í afþreyingargeiranum. Nýja kennileitið fyrir heimskautsbauginn í Grímsey var flutt í þriðja sinni svo það fylgi hreyfingu baugsins.


Á árinu fékkst styrkur úr Framkvæmdasjóði ferðamannaástaða og var fyrir hann unnið að uppbyggingu á hjóla- og göngustíg frá bílastæðinu við Súlur og inn að uppistöðulóninu á Glerárdal. Áfram var unnið að uppsetningu nýju stólalyftunnar í Hlíðarfjalli en ekki náðist að klára framkvæmdir fyrir árslok. Boðið var upp á sumaropnun um helgar í Fjarkanum fyrir fjallahjólafólk og göngufólk sem heppnaðist vel. Áhugi á útivist jókst mikið á árinu samfara COVID-19 og voru útivistarsvæðin vel nýtt allt árið og farið í atak til að kynna gönguleiðir sem eru í sveitarfélaginu.

Skipulag almenningsamgangna var með svipuðu sniði og verið hefur. Ekki tókst að tengja ferðir Strætó við ferjuferðir til Hríseyjar og Grímseyjar. Enn þurftu farþegar að bjarga sér sjálfir með einhverjum hætti sem er bagalegt fyrir ferðabjónustuna í eyjunum. Ferjusiglingar til Grímseyjar voru eins og árið á undan; fimm brottfarir á viku yfir sumartímann, þrjár á haustin og fjórar eftir áramót og fram á vorið. Norlandair hélt uppi áætlunarflugi til Grímseyjar en dró úr ferðum. Einungis var flogið þrjá daga á viku í júní og ekki nema tvo í júlí og ágúst í stað daglega eins og áður var.


MYND 36 – FARÞEGAFJÖLDI TIL HRÍSEYJAR



MYND 37 – FARÞEGAFJÖLDI MEÐ FERJUNNI SÆFARA TIL OG FRÁ GRÍMSEY



MYND 38 – FARÞEGAFJÖLDI MEÐ NORLANDAIR TIL OG FRÁ GRÍMSEY



Í mars 2020 var rekstur Air Iceland Connect og Icelandair sameinaður, framboð flugs minnkaði samfara COVID-19 en jókst síðan á ný, m.a. samfara því að boðið var upp á Loftbrú sem lækkar flugfargjöld fyrir íbúa landsbyggðarinnar. Á árinu var auglýst eftir og hafin hönnun á viðbyggingu og breytingum á flugstöðinni á Akureyri auk þess að þá hófust einnig framkvæmdir við að stækka flughlaðið á Akureyrarflugvelli. Voigt Travel hóf beint flug til Akureyrar frá Hollandi 27. maí 2019 og stóð til fljúga 8 ferðir árið 2020 frá 14. febrúar en vegna COVID-19 var þeim öllum aflýst.

Akureyrarstofa var þátttakandi í fjölmörgum verkefnum sem tengjast ferðaþjónustu og markaðssetningu bæjarins og lagði fyrir hönd Akureyrarbæjar fjármagn til reksturs flugklasans AIR66 og til Markaðsstofu Norðurlands, samtals tæpar 19 m.kr.

Flugklasinn stefnir að aukinni markaðssetningu Akureyrarflugvallar og beinu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll en Markaðsstofan annast m.a. markaðssetningu á landshlutanum erlendis í samstarfi við Íslandsstofu. Akureyrarstofa vinnur að ýmsum verkefnum í samstarfi við ferðaþjónustuaðila í Grímsey og Hrísey. Fengist hafa styrkir í nokkur verðug verkefni, m.a. frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra fyrir markaðssetningu Hríseyjar og Grímseyjar.

Akureyrarstofa stóð sem áður segir fyrir sérstöku átaki til að kynna ferðir til Hríseyjar og Grímseyjar fyrir innlendu ferðafólki með stuðningi frá Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra. Lögð var áhersla á að kynna eyjarnar með lifandi myndböndum og birtingum þeirra á samfélagsmiðlum, einnig var lagt út í þáttgerð um eyjarnar með sjónvarpsstöðinni N4. Auglýsingastofan Pipar TBWA var fengin til liðs við Akureyrarstofu um að vekja athygli á jákvæðum fréttum af því sem var að gerast í eyjunum. Enginn vafi leikur á að kynningarátakið skilaði afar góðum árangri.



Á þessu sérstaka ári sem einkenndist mjög af viðbrögðum við COVID-19 faraldrinum ákvað bæjarstjórn að leggja umtalsverðar fjárhæðir til markaðssetningar á Akureyri gagnvart innlendum ferðamönnum. Gerður var samningur við Kraumar auglýsingastofu og úr varð auglýsingaherferð undir yfirskriftinni „Það er eitthvað við hana“ sem var keyrð í sjónvarpi, útvarpi, dagblöðum og samfélagsmiðlum. Almennnt var gerður mjög góður rómur að herferðinni.

Ársskýrsla Akureyrarbæjar er sem áður gefin út af Akureyrarstofu og eingöngu á rafrænu formi. Einnig er unnið í samstarfi við MDR að ítarlegum upplýsingabæklingi um bæinn á ensku fyrir ferðamenn en vegna COVID-19 og hruns í ferðamennsku var hann ekki gefinn út árið 2020.

Akureyrarstofa heldur úti vefnum Visitakureyri.is sem nú hefur verið gefið íslenska heitið halloakureyri.is með aukinni áherslu á innlenda ferðamenn og heimafólk en enski hlutinn heitir eftir sem áður Visitakureyri.




Heimasíðan Akureyri.is er sem fyrr mikilvægasta upplýsingagátt sveitarfélagsins og hefur starfsfólk Akureyrarstofu meginumsjón með skrifum fréttar og tilkynninga, auk þess að koma að vinnu við þróun og umbætur síðunnar. Alls voru birtar 465 fréttir og tilkynningar á heimasíðunni árið 2020. Fréttir af heimsfaraldri og tengdum ráðstöfunum voru eðli máls samkvæmt áberandi en heilt yfir var þó mikil fjölbreytni í efnistöku sem varpar ljósi á margvísleg verkefni sveitarfélagsins. Fréttannaál Akureyrarbæjar 2020 er að finna hér.


<https://www.akureyri.is/is/frettir/frettaannall-akureyrarbajar-2020>

Akureyrarstofa er einnig með mikla virkni á samfélagsmiðlum og heldur úti fimm síðum á Facebook: „Akureyrarbær“ er hugsuð sem upplýsingasiða fyrir bæjarbúa, **Komdu norður** er fyrir íslenska gesti, **Visitakureyri** fyrir erlenda ferðamenn og svo eru sérstakar síður fyrir bæði Hrísey og Grímsey sem ætlað er að höfða sérstaklega til erlendra ferðamanna, auk þess að vera með sér Facebook hóp fyrir ferðapjónustuaðila

MYND 39 – #AKUREYRINGAR 2020 – LÍFRÆN/ÓKOSTUÐ VIÐBRÖGÐ Á FACEBOOK (MEÐALTAL Á FÆRSLU)



MYND 40 – VIÐMÆLENDUR Í HLAÐVARPINU AKUREYRINGUM 2020



á Akureyri og starfsmenn Upplýsingamiðstöðvarinnar. Einnig hefur Akureyrarstofa umsjón með þremur síðum á Instagram; einni fyrir Akureyrarbæ, annarri fyrir Hrísey og þeirri þriðju fyrir Grímsey. Loks hefur verið stofnuð twitter síða fyrir Akureyrarbæ sem er einnig streymt sem „dagbók“ á forsíðu Akureyri.is.

Mikil áhersla var lögð á markvissa upplýsingamiðlun og að auka enn frekar fjölbreytni í miðlunarleiðum. **Akureyri**, hlaðvarp Akureyrarbæjar, hóf göngu sína í febrúar. Með viðtölum við áhugavert fólk, sem vinnur gott starf í þágu samfélagsins, er markmiðið að vekja athygli á starfsemi og þjónustu bæjarins sem og þeim fjölmörgu kostum og tækifærum sem felast í því að búa á Akureyri. 15 hlaðvarpsþættir fóru í loftið á árinu og eru þeir aðgengilegir í öllum helstu streymisveitum. Efninu er dreift markvisst með ljósmyndum og viðtalsbútum á samfélagsmiðlum.

Í kynningarstarfsemi Akureyrarstofu hefur aukinn þungi verið á svokallaða efnismarkaðssetningu (e. content marketing) þar sem áhersla er á innihaldsríkt kynningarefni og frásagnir. Hlaðvarpið er liður í þessu, en af öðrum nýjungum má nefna myndbönd undir yfirskriftinni **Hvað er að fréttu?** sem Akureyrarstofa hefur stýrt og unnið ásamt starfsfólki annarra sviða. Markmiðið er að kynna sérstaklega áhugaverð verkefni eða annað sem ber hæst í þjónustu Akureyrarbæjar með viðtölum við þau sem þekkja best til, snúa kerfinu við og leyfa fólki að skyggast dýpra inn í starfsemi bæjarins.

Meðal annars hefur verið fjallað um stígaskipulag, velferðartækni og starfsemi ungmennaráðs í þessum myndböndum sem eru birt á samfélagsmiðlum. Þau hafa fengið jákvæða athygli og mikla dreifingu. Sem dæmi má nefna að myndband um heimþjónustu og velferðartækni náði til 19 þúsund manns og voru 13 þúsund sem horfðu á myndbandið að hluta eða í heild.

Á árinu 2020 voru stigin skref í aukinni og markvissari sókn á íbúamarkaði, þar sem markmiðið er að fjölga íbúum á Akureyri. Með málþinginu **Fólk færir störf** undir lok árs voru sagðar jákvæðar reynslusögur af árangursríkum flutningi fólks og starfa til Akureyrar og um leið vakin athygli á búsetukostum svæðisins. Aukin áhersla á fjarvinnu hefur í för með sér raunhæfa möguleika á að velja sér staðsetningu út frá öðrum lífsgæðum en atvinnutækifærum og taka starfið sitt með sér. Þessi þróun skapar mikil tækifæri í markaðssetningu landsbyggðanna, Akureyrarbæjar þar á meðal, og er eitt af fjölmörgum verkfærum sem hægt er að beita til að kynna og auglýsa kosti þess að búa á Akureyri.



Menningarmál

Árið hófst með úthlutun styrkja vegna Barnamenningarhátíðar á Akureyri sem átti að halda í apríl. Alls hlutu 13 verkefni styrk fyrir alls 2.051.000 kr. en vegna COVID-19 var hátíðinni frestað fram til október og ákveðið að allur mánuðurinn yrði helgaður hátíðinni. Hátíðin gekk nokkuð vel en vegna samkomutakmarkana var aðeins hægt að halda 8 af 13 verkefnum og úthluta 1.075.000 kr.

Vorkoma Akureyrarstofu var haldin sumardaginn fyrsta en að þessu sinni í netheimum vegna samkomutakmarkana. Þar var tilkynnt niðurstaða stjórnar Akureyrarstofu að Ásdís Arnardóttir sellóleikari yrði bæjarlistamaður 2020-2021, Gestur Einar Jónasson fengi heiðursviðurkenningu vegna aðkomu að menningarmálum, Snorri Guðvarðsson fengi viðurkenningu húsverndarsjóðs vegna ævistarfs og að Anna Margrét Hauksdóttir arkitekt FAÍ, AVH ehf. og Bergfesta byggingarfélag fengju byggingalistaverðlaun fyrir útfærslu fjölbýlishúsa við Halldóruhaga 8, 10, 12 og 14.



Menningarsjóður Akureyrar úthlutaði verkefnastyrkjum til 28 verkefna fyrir alls 6.455.000 kr. Vegna sóttvarnareglna þurfti að fresta eða hætta við 10 verkefni. Fjórir nýir samstarfssamningar voru gerðir en fyrir voru í gildi 10 samningar. Einnig hlutu Stefán Elí Hauksson og Astrid María Stefánsdóttir sumarstyrk ungra listamanna. Í október var auglýst auka úthlutun úr Menningarsjóði og fengu 14 verkefni styrk fyrir alls 5.000.000 kr. sem leyfilegt er að klára fyrir lok apríl 2021.

Í maí var auglýst eftir umsóknum í sérstakan viðburða- og vöruþróunarsjóð sem sporna átti við neikvæðum áhrifum COVID-19 heimsfaraldursins og styrkja Akureyri enn frekar í sessi sem áhugaverðan áfangastað fyrir innlenda gesti. Alls bárust 72 umsóknir fyrir alls 41.948.453 kr. Stjórn Akureyrarstofu veitti 46 verkefnum, í ferðabjónustu, menningarstarfi, íþróttum og útivist, styrk fyrir alls 14.133.000 kr.

Sumarhátíðirnar Jónsmessuhátíð, Listasumar og Akureyrarvaka voru með afar breyttu sniði vegna

sóttvarnareglna og þurfti að aðlaga þær mismikið að fjöldatakmörkunum á hverjum tíma frá júní til ágústloka. Í ágúst var útlit fyrir að hætta yrði við Akureyrarvöku en ákveðið var frekar að einblína á ljósa- og vídeóverk á völdum byggingum um bæinn. Einnig var bæjarbúum boðið í bílabíó á svæði Bílklúbbs Akureyrar.

Ritlistasmiðju menningarverkefnisins Ungskáld átti að halda í október en vegna sóttvarnareglna var ákveðið að hætta við smiðjuna. Einnig var ákveðið að ekki yrði af fyrirhuguðu kaffihúsakvöldi ungskálda. Þess í stað var allur kraftur settur í ritlistakeppnina og skilaði það 100 verknum eftir 48 höfunda, 19 stráka og 29 stúlkur. Aldrei í sögu verkefnisins hafa ritverkin verið jafnmörg og greinilegt að tjáningarpörfin er mikil á tímum heimsfaraldurs. Verðlaunaafhendingin var í beinni útsendingu á netinu og var það Magnús Orri Aðalsteinsson sem hreppti titilinn Ungskáld Akureyrar 2020 með ljóðið Sálarlaus hafragrautur. Í öðru sæti var Stefán Elí Hauksson og því þriðja Alda Rut Sigurðardóttir. Að auki voru veitt tvenn hvatningarverðlaun.

Skipulagssvið

Hlutverk skipulagssviðs er að sjá um skipulags- og byggingarmál Akureyrarbæjar til samræmis við ákvæði laga- og reglugerða, aðalskipulag Akureyrar og aðrar stefnur bæjarins t.d. húsnaðisáætlun og umhverfis- og samgöngustefnu. Sviðið sér einnig um úthlutun og skráningu lóða og fasteigna, landupplýsingakerfi Akureyrarbæjar, umferðar- og umhverfismál, auk fleiri verkefna.

Leiðarljós sviðsins er:

- Að vinna að hagsmunum bæjarbúa á vandaðan og faglegan hátt
- Að nota byggingareftirlit sem neytendavernd til að tryggja gæði bygginga
- Að skapa fjölbreytt og vandað búsetuumhverfi
- Að leggja áherslu á sérkenni bæjarins með vandaðri hönnun og varðveislu hvers konar menningarminja
- Að byggja á viðmiðum umhverfisverndar, verndun vistkerfa og sjálfbærni
- Að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða
- Að tryggja varðveislu náttúru- og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu eða óhóflegt álag á vistkerfi í sveitarfélaginu

Skipulagsráð hefur eftirlit með stefnumörkun og samþykktum í málaflokkum sem undir það heyra, hefur frumkvæði að gerð skipulagstillagna og skipulagsskilmála og gerir tillögur til bæjarstjórnar um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Sýn skipulagsráðs og meginmarkmið byggir á leiðarljósi sem sett er fram í Aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030, en áhersla er lögð á sátt um útfærslu samþykkttra skipulagshugmynda, skilvirka afgreiðslu erinda og opna stjórnsýslu. Skipulagsráð vinnur að þéttingu byggðar með áherslu á grænar lausnir, margs konar atvinnustarfsemi og fjölbreyttan samgöngumáta.

Sviðsstjóri skipulagssviðs er framkvæmdastjóri skipulagsráðs og sér einnig um daglegan

rekstur skipulagssviðs en þar starfa 9-10 manns. Framkvæmd byggingarmála og byggingareftirlits heyrir einnig undir skipulagssvið.

Skipulagsráð hélt 21 fund á árinu 2020 og fjallaði um 410 einstök mál (var 430 árið 2019 á 22 fundum). Byggingarfulltrúi hélt 43 afgreiðslufundi vegna byggingarmála og fjallaði um 336 mál (332 árið 2019).

Árið 2020 lauk ferli við að koma öllum umsóknum og fyrirspurnum sem varða skipulagssvið á rafrænt form og hætt var að taka við umsóknum á pappír í nýjum málum.

Skipulagsmál

Eins og undanfarin ár voru fjölmörg skipulagsmál í vinnslu hjá skipulagssviði og tóku 4 aðalskipulagsbreytingar og 32 deiliskipulagsáætlanir gildi á árinu. Verkefni eru misjafnlega umfangsmikil og geta verið allt frá minniháttar breytingum á skipulagi og upp í umfangsmikla stefnumörkun um landnotkun. Eftirfarandi eru helstu skipulagsverkefni sem unnið var að á árinu 2020:

Stígaskipulag Akureyrar: Allt frá árinu 2018 hefur verið unnið að gerð heildstæðrar stefnu um uppbyggingu stígakerfis Akureyrarbæjar með það að markmiði að stuðla að bættum samgöngum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Var stefnan sett fram sem breyting á aðalskipulagi og var hún endanlega samþykkt í bæjarstjórn þann 1. desember 2020 og tók formlega gildi í byrjun árs 2021.





Nýjar heilsugæslustöðvar: Stefnt er að uppbyggingu á tveimur nýjum heilsugæslustöðvum á Akureyri, norðurstöð og suðurstöð, í stað núverandi heilsugæslu í Hafnarstræti og hefur verið unnið að undirbúningi skipulags um nokkurt skeið í samvinnu við Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Fasteignir ríkisins og heilbrigðisráðuneytið. Er stefnt að því að skipulagsvinnu ljúki árið 2021 og því næst verði hægt að hefja framkvæmdir.

Deiliskipulag fyrir Holtahverfi – Nýtt íbúðarsvæði við Krossanesbraut: Ein meginstefna aðalskipulags Akureyrar er að stuðla að þéttingu byggðar til að nýta betur þá grunninnviði sem þegar eru til staðar. Skipulag íbúðarsvæðis við Krossanesbraut ofan Sandgerðisbótar fyrir um 300 íbúðir er dæmi um slíkt verkefni og var tillaga að deiliskipulagi svæðisins auglýst í lok árs 2020 eftir að hafa verið í vinnslu frá 2017.

Endurskoðun á deiliskipulagi miðbæjar Akureyrar milli milli Skipagötu og Glerárgötu: Allt frá síðustu aldamótum og jafnvel lengur hefur skipulag miðbæjarins mikið verið í umræðunni og nokkrum sinnum verið farið í umfangsmikla skipulagsvinnu án þess þó að mikil uppbygging hafi farið af stað í kjölfarið. Eftir nokkrar umræður frá 2017 til 2019 var samþykkt að hefja vinnu við endurskoðun á deiliskipulagi miðbæjarins og taka fyrir uppbyggingarsvæði sem afmarkast af Skipagötu, Strandgötu, Glerárgötu og Kaupvangsstræti. Var í byrjun árs 2020 stofnaður þverpólitískur vinnuhópur sem fékk það verkefni að útfæra skipulag á þessu svæði með þeim hætti að mögulegt væri að fara í framkvæmdir við fyrsta tækifæri. Í lok árs voru kynnt drög að endurskoðun deiliskipulags fyrir svæðið og er vonast til þess að það taki gildi á vormánuðum 2021 og að í kjölfarið verði hægt að ráðast í langþráða uppbyggingu á miðbæjarsvæðinu.

Hvannavallareitur/Glerárgata 36: Allt frá árinu 2015 hefur verið unnið með hléum að deiliskipulagi svokallaðs Hvannavallareits sem afmarkast af Glerárgötu, Tryggvabraut og Hvannavöllum. Vorið 2020 var samþykkt að minnka skipulagssvæðið umtalsvert og láta það eingöngu ná til nyrstu lóðarinnar, Glerárgötu 36, þar sem fyrirhugað er að byggja upp verslun Krónunnar auk annarra bygginga. Í skipulaginu er einnig gert ráð fyrir hringtorgi á gatnamótum Hvannavalla og Tryggvabrautar sem er fyrsti áfangi í endurgerð Tryggvabrautar allrar. Var deiliskipulagið samþykkt í bæjarstjórn í byrjun desember og tók það svo endanlega gildi í byrjun árs 2021.


Breyting á aðalskipulagi á þróunarsvæði á Oddeyri: Haustið 2019 fór í gang vinnu við breytingu á aðalskipulagi sem nær til svæðis sem afmarkast af Hjalteyrargötu, Gránufélagsgötu, Kaldbaksgötu og Strandgötu með það að markmiði að heimila hærri og meiri uppbyggingu húsa en gildandi skipulag gerði ráð fyrir. Þegar lagt var af stað með verkefnið haustið 2019 var gert ráð fyrir allt að 6-11 hæða íbúðarhúsum en í drögum að breytingu á aðalskipulagi sem kynnt voru í byrjun maí 2020 og í tillögu sem bæjarstjórn samþykkti að auglýsa um miðjan september sama ár var gert ráð fyrir að húsin gætu að hámarki verið 6-8 hæðir. Tillagan var ekki auglýst formlega fyrr en í byrjun árs 2021.

Lóðaúthlutun 2020


Á árinu 2020 var 22 lóðum fyrir íbúðarhús úthlutað og af þeim voru 4 lóðir fyrir fjölbýlishús, 3 fyrir raðhús/parhús og 15 fyrir einbýlishús. Þá var þremur atvinnulóðum úthlutað á árinu og var ein af þeim Hafnarstræti 80. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir uppbyggingu hótels á lóðinni en Akureyrarbær hefur samþykkt að breyta skipulagi með það að markmiði að heimila uppbyggingu íbúða í bland við hóteliíbúðir, veitingastað og verslanir. Til viðbótar var 5 lóðum í Tónatröð úthlutað í lok árs með þeim fyrirvara að skipulagi verði breytt og heimilt að byggja fjölbýlishús á svæðinu í stað einbýlishúsa.

Í ljósi þess að fyrirhugaðar eru skipulagsbreytingar á hluta lóðanna er erfitt að segja til um líklegan fjölda íbúða á úthlutaðum lóðum en gera má ráð fyrir að þær verði að lágmarki um 135.

MYND 41 – ÞRÓUN ÍBÚÐAFJÖLDA Á AKUREYRI



MYND 42 – FJÖLDI ÍBÚÐA EFTIR TEGUND



Lausar byggingarlóðir

Sextán einbýlishúsalóðir voru í auglýsingu um áramót, þar af 6 í Hrísey. Við Melgerðisás hafa 4 einbýlishúsalóðir verið skipulagðar en eru ekki lausar til úthlutunar enn sem komið er auk einnar fjölbýlishúsalóðar í Skarðshlíð. Þá eru í skipulagi lóðir við Lækjargötu, Lundargötu og Norðurgötu sem hafa ekki verið auglýstar vegna fyrirhugaðra breytinga á skipulagi.

Tuttugu og ein atvinnulóð var í auglýsingu um áramót. Flestar eru lóðirnar á nýju athafnasvæði í Týsnesi og við Sjafnargötu.

Hrísey: 16 lóðir voru í auglýsingu, 6 einbýlishúsalóðir og 10 undir sumarhús. Aðeins einni lóð var úthlutað í Hrísey á árinu þótt veittur hafi verið 75% afsláttur af gatnagerðargjaldi sem samþykkt var í bæjarstjórn 19. mars 2019 og gildir til ársloka 2021.

Grimsey: Engin lóð er laus til úthlutunar í eygni, enda er þar ekkert deiliskipulag í gildi.

Byggingarmál

Yfirlit yfir byggingaframkvæmdir á árinu 2020, tölur fyrir árið 2019 eru í sviga.

Íbúðarhús

Hafin var smíði 123 íbúða (167) árið 2020. Þar af voru einbýlishús 4 (1), 7 raðhús með 29 (4) íbúðum og 9 fjölbýlishús með 90 (162) íbúðum.

Skráðar voru fullgerðar 130 (210) íbúðir á árinu, þ.e. 10 (13) einbýlishús, 4 (13) íbúðir í raðhúsum og 116 (184) íbúðir í fjölbýlishúsum.

Í árslok voru fokheldar og lengra komnar í byggingu 67 (79) einbýlishús, 58 (52) íbúðir í raðhúsum og 216 (134) íbúðir í fjölbýlishúsum.

Skemmra á veg komnar en fokheldar í byggingu voru í árslok 6 (3) einbýlishús, 29 (10) íbúðir í raðhúsum og 122 (236) íbúðir í fjölbýlishúsum.

Hafnar framkvæmdir við íbúðabyggingar, bílgeymslur, sólskála, viðbyggingar o.fl. námu $14.781 m^2$ (144.965) og $48.576 m^3$ (44.735).

Annað húsnæði

Hafnar framkvæmdir á árinu:

Austursíða 2, viðbygging;
Drottningarbraut, Nökkvi;
Eyjafjarðarbraut flugvöllur, birgðastöð og dælustöð;
Fiskitangi 2, viðbygging;
Freyjunes 1, verslun;
Furuvellir 17, viðbygging;
Goðanes 7, geymsluhúsnæði;
Hlíðarfjallsvegur, skýli gámasvæði;
Hvassaland 1, frístundahús;
Hvassaland 3, frístundahús;
Hvassaland 7, frístundahús;
Höfðahlíð, leikskóli;
Rangárvellir 1, viðbygging Landsnet.

Auk þessa hafa verið hafnar framkvæmdir við ýmsar smærri viðbyggingar og aðrar minni og stærri breytingar á eldri húsum.

Tekið í notkun eða fullgert á árinu:

Furuvellir 18, viðbygging;
Furuvellir 18, gerjunartankar;
Gleráreyrar 1, Glerártorg;
Hafnarstræti 73, innrétting gististaðar;
Holtaland 2, frístundahús;
Hvassaland 5, frístundahús;
Hvassaland 3, frístundahús;
Hvassaland 7, frístundahús;
Hvassaland 10, frístundahús;
Kjarnaskógur, gróðurhús;
Kjarnaskógur 3, gróðurhús;
Miðhúsavvegur 1, viðbygging;
Njarðarnes 12, iðnaðar- og geymsluhúsnæði;
Óseyri 33, skolphreinsistöð;
Rangárvellir 2, hús7 stækkun;
Rangárvellir 3, viðbygging;
Sjafnargata 2, bensínstöð;
Strandgata 16, vakthús;
Ystabæjarvegur 7, dælustöð.

Önnur hús í byggingu á árinu:

Dalsbraut 1H, viðbygging bakarí;
Eyrarlandstún SAK, viðbygging;
Hlíðarfjall, stólalyfta og stjórnstöðvar;
Óseyri 16, breytingar;
Surtlugata 2, viðbygging hesthús.
Hafnar framkvæmdir við annað húsnæði námu $10.745 m^2$ (4.066) og $129.641 m^3$ (21.707).

Stjórnsýslusvið

Stjórnsýslusvið veitir ýmsa ytri- og innri þjónustu sem og stoðþjónustu við önnur svið sveitarfélagsins. Á sviðinu eru reknar þrjár deildir; launadeild, mannauðsdeild og upplýsinga- og þjónustudeild. Innan sviðsins er sinnt launa- og kjaramálum, mannauðsmálum og skjalamálum sveitarfélagsins auk þjónustu og upplýsingagjafar til bæjarstjóra, bæjarfulltrúa, ráða og nefnda, bæjarbúa, fyrirtækja, stofnana, stjórnenda og annarra starfsmanna. Stjórnsýslusvið er leiðandi hvað varðar umbætur á sviði gæðamála og rafrænnar stjórnsýslu og þjónustu.

Helstu umbætur og nýjungar í rafrænni stjórnsýslu og þjónustu

Ýmsar áskoranir sem tengdust heimsfaraldri COVID-19 voru nýttar til að koma í framkvæmd rafrænum lausnum, m.a. var innleidd lausn til að undirrita rafrænt bæði fundargerðir nefnda bæjarins og einnig ýmis skjöl og samninga gegnum þjónustugátt.

Í apríl var í fyrsta sinn gerð könnun gegnum þjónustugáttina en þá var kannaður áhugi hjá ungmennum á aldrinum 18-25 ára á þátttöku í atvinnuátaksverkefnum.

Öllum eyðublöðum/umsóknarformum á heimasíðunni var skipt út fyrir öruggari eyðublöð í gegnum OneSystems um vorið. Bætt var við 4 slíkum eyðublöðum fyrir barnaverndartilkynningar til að gera fólki (og þá sérstaklega börnum) kleift að senda inn tilkynningar án þess að þurfa að skrá sig inn í þjónustugátt.

Innleiðing á nýju umsóknar- og ráðningarkerfi, 50skills, hófst á árinu 2020. Á meðan skipt var yfir í nýja kerfið var langur tími þar sem birta þurfti á heimasíðu atvinnuauklýsingar úr tveimur kerfum. Til að notendur upplifðu sem minnsta truflun var síðan endurhönnuð þannig að auðglýsingar úr báðum kerfum streymdu án vandkvæða inn á sömu síðu. Eftir að eldra kerfi var að mestu tekið úr notkun var hægt að fækka síðum sem birta atvinnuauklýsingar úr þremur í eina sem er mun notendavænna.



Á haustmánuðum var keyptur aðgangur að gæðakerfi fyrir heimasíðu bæjarins og mikil vinna var lögð í að laga villur og bæta innihald vefsins síðustu mánuði ársins.

Gerð var umtalsverð útlitsbreyting á forsiðu heimasíðunnar í lok árs, m.a. var bætt inn twitter streymi sem gefur aukinn möguleika á að birta upplýsingar varðandi atburði hér og nú sem geta haft áhrif á bæjarbúa (akstur strætó, færð, lokanir skóla eða sundlauga og annað slíkt). Flýtleiðum á forsiðu var fækkað en reynt að gera þær sem eftir voru skýrari og aðgengilegri. Auðglýsingakubbum neðst á síðu var fækkað til að einfalda útlit síðunnar enda voru þeir lítið sem ekkert notaðir. Undirsíðum var fækkað og efni fært yfir á aðalvef bæjarfélagsins.



Nýtt ábendingakerfi var tekið í notkun í byrjun desember en það einfaldar mikið bæði utanumhald og afgreiðslu ábendinga sem berast af heimasíðu, í tölvupósti og af samfélagsmiðlum, svo eitthvað sé nefnt.

Nýr kerfishluti skjalakerfisins, OneLand, sem kom umsóknum varðandi byggingarmál inn í þjónustugáttina í byrjun desember 2019, hefur haft gríðarleg áhrif á fjölda umsókna sem bárust um gáttina 2020. Einnig gerir hann kleift að láta úttektir streyma beint inn í skjalakerfið í gegnum smáforrit (app), sem byggingarstjórar geta sótt og notað á eigin tækjum, en það sparar heilmikla handavinnu hjá starfsmönnum skipulagssviðs.






Launþegar og stöðugildi

Fjöldi launþega hjá Akureyrarbæ á árinu 2020 var 3.965 þar af voru karlar 1.391 eða 35% og konur 2.574 eða 65%.


Mynd 43 sýnir bæði fjölda launþega eftir kyni og hlutfallslega skiptingu. Fjöldi stöðugilda hjá Akureyrarbæ í apríl 2020 var 1.508.

Mynd 44 sýnir fjölda stöðugilda innan sviða í apríl 2020. Flest stöðugildi eru á fræðslusviði (735) en næst á eftir eru búsetusvið (226) og Öldrunarheimili Akureyrarbæjar (210).


MYND 43 – FJÖLDI LAUNÞEGA EFTIR KYNI ÁRIÐ 2020



MYND 44 – FJÖLDI STÖÐUGILDA INNAN SVIÐA 2020



MYND 45 – KYNJAHLUTFALL INNAN SVIÐA 2020



Mynd 45 sýnir hvert kynjahlutfall starfsmanna var innan sviða í apríl 2020.


Á myndinni má sjá að innan samfélagssviðs og skipulagssviðs er hlutfall karla og kvenna næst því að vera jafnt eða um 55% karlar og 45% konur á báðum sviðum. Því næst er búsetusvið með um 40% karla og 60% konur.

Töluverður munur er á kynjahlutfalli innan annarra sviða. Mestur er munurinn hjá Öldrunarheimilum Akureyrar þar sem um 8% eru karlar og 92% konur, því næst er umhverfis- og mannvirkjasvið með rúm 85% karla og tæp 15% konur og fræðslusvið með um 18% karla og 82% konur.

Fjöldi útborgana á árinu 2020 var 31. Til samanburðar voru 16 útborganir árið 2018 og 17 útborganir 2019. Mynd 46 sýnir samanburð þeirra ára.

Auk hefðbundinnar launavinnslu á árinu 2020 voru auka launakeyrlur vegna nýrra kjarasamninga, nýir kjarasamningar fólu í sér afturvirkar leiðréttingar vegna gildistíma þeirra. Þar að auki voru umfangsmiklar afturvirkar starfsmatsleiðréttingar fyrir nokkra hópa.

MYND 46 – FJÖLDI ÚTBORGANA ÁRIN 2018-2020






Skönnunarverkefni launadeildar hélt áfram á árinu. Yfir sumarið voru ráðnir fjórir starfsmenn í tvo mánuði á vegum atvinnuáttaks fyrir námsmenn í samvinnu við Vinnumálastofnun og í október voru ráðnir tveir starfsmenn til sex mánaða í samstarfi við Vinnumálastofnun. Verkefninu var skipt upp í tvo hluta; skönnun starfsmanna í starfi og skönnun starfsmanna sem eru ekki í starfi. Byrjað var að skanna þá sem voru í starfi og voru samtals um 2.300 persónumöppur afgreiddar á árinu.

Birtar atvinnuuglýsingar og umsóknir um auglýst störf

Fjöldi birtra atvinnuuglýsinga árið 2020 var 273 og fækkaði á milli ára um 35% (83). Mynd 47 sýnir samanburð árána 2018-2020.

Fjöldi birtra atvinnuuglýsinga eftir mánuðum ársins er m.a. breytilegur vegna árstíðabundinna starfa, sumarráðninga og tímabundinna ráðninga. Fjölgun frá fyrra ári er innan tveggja mánaða, þ.e. í maí og desember, og er þar um eina og fjórar atvinnuuglýsingar að ræða og því ekki mikill breytileiki milli ára. Innan allra annarra mánaða er um fækkun að ræða. Mynd 48 sýnir samanburð fjölda birtra atvinnuuglýsinga eftir mánuðum árin 2018-2020.







Heildarfjöldi umsókna árið 2020 var 7.247. Fjölgun umsókna frá fyrra ári (5.870) er töluerð eða tæp 20%. Umsóknum hefur farið fjölgandi frá árinu 2017 (4.937). Mynd 49 sýnir samanburð í fjölda umsókna árin 2018, 2019 og 2020.

Þegar litið er til fjölda umsókna innan mánaða var mest fjölgun á milli ára í maí líkt og mynd 50 sýnir, á myndinni má sjá samanburð í fjölda umsókna innan mánaða árin 2018-2020.

MYND 49 – FJÖLDI UMSÓKNA ÁRIN 2018-2020



MYND 50 – FJÖLDI UMSÓKNA INNAN MÁNAÐA ÁRIN 2018-2020




Af 7.247 umsóknum voru 6.385 vegna auglýstra starfa að undanskildum umsóknum vegna SMS, Sumarvinnu með stuðningi, (66) og Vinnuskóla (796). Mynd 51 sýnir fjölda þeirra umsókna eftir kyni. Konur voru 68% umsækjenda (4.314) og karlar 32% (2.071). Karlkyns umsækjendum fjölgaði hlutfallslega um 5% frá fyrra ári á móti 5% fækkun kvenkyns umsækjenda.

Mynd 52 sýnir fjölda umsókna í vinnuskólann innan hvers aldurshóps og í SMS eftir kyni. Líkt og mynd 53 sýnir þá er kynjahlutfall umsækjenda af heildarfjölda nokkuð jafnt, þ.e. 48% konur og 52% karlar. Hlutfall kyns hefur dregist enn frekar að helmingshlutfallinu frá fyrra ári. Mynd 54 sýnir samanburð umsækjenda í vinnuskóla eftir kyni innan hvers aldurshóps árin 2019 og 2020.


Heildarfjöldi umsókna í vinnuskólann og SMS var 863. Fjöldi umsókna í vinnuskólann var 796 og fjölgaði um 273 á milli ára, fjöldi umsókna í SMS var 66 og fjölgaði um 16 á milli ára.

Heildarfjöldi umsókna í vinnuskólann og SMS var 863. Fjöldi umsókna í vinnuskólann var 796 og fjölgaði um 273 á milli ára, fjöldi umsókna í SMS var 66 og fjölgaði um 16 á milli ára.


MYND 51 – FJÖLDI UMSÓKNA EFTIR KYNI 2020




MYND 52 – FJÖLDI UMSÓKNA UM VINNUSKÓLA INNAN ALDURSHÓPA OG SMS 2020 EFTIR KYNI



MYND 53 – HLUTFALL HEILDARUMSÓKNA UM VINNUSKÓLA OG SMS EFTIR KYNI 2020



MYND 54 – FJÖLDI UMSÓKNA Í VINNUSKÓLA EFTIR KYNI ÁRIN 2019 OG 2020



Þjónustugátt

Þjónustugátt Akureyrarbæjar hefur þróast jafnt og þétt frá því hún var tekin í notkun á heimasíðu bæjarins í maí 2017. Í upphafi hét hún íbúagátt en heitinu var breytt í þjónustugátt síðla árs 2019. Þjónustugátt lýsir betur en fyrra nafn tilgangi og eiginleikum síðunnar. Hún er fyrst og fremst þjónustusvæði fyrir íbúa en einnig fyrir alla þá sem sækja þjónustu eða eiga í viðskiptum við Akureyrarbæ burtséð frá búsetu. Í þjónustugáttinni geta bæjarbúar og lögaðilar notað íslykil eða rafræn skilríki til innskráningar og sótt þar rafrænt um ýmsa þjónustu á vegum bæjarins, fylgst með afgreiðslu erinda sinna, sent inn gögn og mótttekið gögn frá bænum. Auk þess er þar meðal annars hægt að sjá álagningarseðil fasteignagjalda, reikninga sem viðkomandi hefur sent Akureyrarbæ eða mótttekið frá honum og beintenging er við Mentor og Nóru úr gáttinni.

Á árinu 2017 voru 20 umsóknarform sett inn á gáttina, á árinu 2018 bættust við 22 og á árinu 2019 bættist við 51 nýtt form. Mikil áhersla er lögð á að bæta rafræna stjórnslu bæjarins og auðvelda íbúum og öðrum sem skipta við bæinn að senda inn erindi og fá afgreiðslu sinna mála.

Á árinu 2020 bættust alls 16 umsóknarform á gáttina. Sum formin eru aðeins virk hluta úr ári, s.s. umsóknarform vegna styrkja.

Tafla 3 sýnir fjölda umsóknarforma í þjónustugátt í árslok árin 2017-2020 og hvernig þau skiptast á svið.

TAFLA 3 – FJÖLDI UMSÓKNARFORMA Í ÞJÓNUSTUGÁTT Í ÁRSLOK 2017-2020

	2017	2018	2019	2020
Búsetusvið	3	3	6	6
Fjársýslusvið	3	3	7	10
Fjölskyldusvið	3	11	11	13
Fræðslusvið	0	0	8	8
Samfélagssvið	4	6	10	11
Skipulagssvið	1	1	30	31
Stjórnslusvið	1	11	13	20
Umhverfis- og mannv.	4	6	7	8
Öldrunarheimili Ak.	1	1	1	1
Heildarfjöldi	20	42	93	108

TAFLA 4 – FJÖLDI UMSÓKNA/ERINDA Í ÞJÓNUSTUGÁTT 2017-2020

	2017	2018	2019	2020
Búsetusvið	2	16	88	235
Fjársýslusvið	2	16	37	122
Fjölskyldusvið	0	253	155	858
Fræðslusvið	0	0	235	291
Samfélagssvið	0	62	205	437
Skipulagssvið	0	0	30	1.681
Stjórnslusvið	5	838	1.370	2.089
Umhverfis- og mannvirkjasvið	12	25	65	130
Öldrunarheimili Akureyrar	0	2	7	23
ÖLL SVIÐ	21	1.212	2.192	5.866



Umhverfis- og mannvirkjasvið

Umhverfis- og mannvirkjasvið hefur umsjón með framkvæmdum og viðhaldi við húseignir, götur, gangstéttir, stíga, græn svæði og umhirðu og hreinsun í bæjarlandinu. Auk þess fellur undir sviðið rekstur Slökkviliðs- og brunavarna, Strætisvagnar Akureyrar og ferliþjónusta.

Fasteignir – nýframkvæmdir

Glerárskóli D-álma

Allt innra byrði D-álmu skólans ásamt þaki var endurnýjað á árinu. Markmið þessarar framkvæmdar var að hanna og endurgera skólahúsnæðið þannig að það þjóni starfseminni eins og best verður á kosið og uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til skólahúsnæðis í dag svo sem hljóðvist, eldvarnir, loftgæði, öryggismál, tæknimál varðandi kennslu svo eitthvað sé nefnt.

Breytingarnar tókust einstaklega vel, innréttingar og búnaður er vandaður og vel var hugað að hljóðvist, loftgæðum og tækni.

Íþróttahús Glerárskóla

Nánast allt innra byrði í sal íþróttahússins var endurnýjað á árinu ásamt þaki. Klæðning og einangrun á útveggjum í íþróttasal var rifin, veggjagrind og einangrun endurnýjuð og ný rakavörn og klæðningar settar upp. Eins var loftræsting endurnýjuð. Sérstaklega var hugað að hljóðvist í salnum, með hljóðísogi í loftum og hluta veggja. Einnig voru settar upp tvær snyrtingar og búningsaðstaða fyrir fólk með fötlun var kláruð á árinu 2021.

Klappir – leikskóli við Glerárskóla

Á árinu var unnið við hönnun leikskólans, sem verður stakstæður á lóðinni við Glerárskóla, á tveimur hæðum og verður tengdur við núverandi skóla með tengibyggingu. Leikskólinn er sunnan við íþróttahúsið. Fjöldi barna sem verður í leikskólanum er áætlaður 145 á sjö deildum. Heildar-

stærð byggingarinnar er um 1.450 m². Umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar óskaði eftir tilboðum í verkið í febrúar 2020 og opnun tilboða fór fram 11. mars 2020. Framkvæmdir hófust í apríl 2020 og er áætlað að þeim ljúki í ágúst 2021.

Sundlaug Akureyrar – búningsklefar

Tilfinnanlega hefur vantað aðstöðu/skiptiklefa fyrir fatlaða með eða án aðstoðarmanns af gagnstæðu kyni og eins voru búningsklefar komnir á tíma. Í marsmánuði þegar loka þurfti sundlaug vegna COVID-19 var ákvörðun tekin um að ráðast í framkvæmdir.

Rósenborg og Íþróttahöll

Elsti hluti Rósenborgar var byggður árið 1930 og varð því 90 ára á árinu. Húsið er eitt af merkustu húsum bæjarins, hannað af Guðjóni Samúelssyni og byggt sem skólahúsnæði. Árið 2005 var Brekkuskóli fluttur í nýtt húsnæði. Vegna endurnýjunar á Lundarskóla þurfti að finna lausnir til að koma eldri bekkjardeildum skólans fyrir í öðru húsnæði. Nú 15 árum síðar var húsið því aftur nýtt sem kennsluhúsnæði til tveggja ára. Ákveðið var að nýta aðra og þriðju hæð í Rósenborg fyrir starfið úr Lundarskóla. Bæta þurfti loftræstingu, hljóðvist, lýsingu, eldvarnir og fleira. Framkvæmdir hófust 15. júní og lauk að mestu fyrir skólabyrjun. Þrátt fyrir stuttan verktíma þá gengu framkvæmdir vel og stóðust áætlun.

Til að losa húsnæðið í Rósenborg var samhliða ráðist í framkvæmdir í Íþróttahöll en þangað var starfsemi forvarna- og frístundadeildar flutt.





Ráðhús Akureyrarbæjar

Endurbætur á 1. hæð Ráðhússins hófust á árinu 2019 og þeim lauk á árinu 2021. Starfsmannarými, anddyri og móttaka viðskiptavina breytast töluvert og verða löguð að nútímakröfum.

Ákveðið var í lok árs 2020 að færa stjórnýslu Akureyrarbæjar á einn stað. Byggt verður við Ráðhúsið við Geislagötu 9 og það endurnýjað í heild sinni. Efnt verður til samkeppni í samráði við Arkitektafélag Íslands um viðbyggingar við Ráðhúsið á Akureyri og endurhönnun á lóð og aðkomu. Markmiðið er að fullnægja sem best þeim kröfum sem gerðar eru til skrifstofuhúsnæðis í dag og aðlaga starfsemina að þeim breytingum á starfsháttum sem blasa við. Lausnin þarf að taka bæði til viðbyggingar og breytinga innanhúss í núverandi húsnæði.

Nökkvi

Á vordögum 2015 gerði Akureyrarbær uppbyggingar- og framkvæmdasamning við Nökkva, félag siglingarmanna á Akureyri. Í framhaldinu tók verkefnislið til starfa og var ákveðið að fara í hugmynda- og hönnunarsamkeppni í júlí 2016. Í umsögn dómnefndar kemur m.a. fram um tillöguna sem valin var að byggingin falli vel að umhverfinu en sé með nútímalegu útliti, þjónustubygging sé opin og björt, form hússins sé einfalt og hlutföll byggingarinnar vel leyst. Tillagan felur í sér sérstaka og áhrifamikla lausn á samspili húss, sjávar og lóðar.

Hönnun hófst í framhaldinu og var byrjað á að koma fargi fyrir á fyllingunni árið 2017. Hönnun dróst á langinn vegna sigs á svæðinu. Ákveðið var að bjóða verkið út í tvennu lagi: Í fyrra útboði yrði boðin út ferging 2017 og í seinna útboðinu bátaskýli og þjónusturými árið 2020. Framkvæmdir við hús hófust haustið 2020 og áætluð verklok eru í júlí 2021.





Lundarskóli A- og B-álma

Á vordögum 2020 var gerð úttekt á gæðum innivistar á húsnæði Lundarskóla. Fram komu vísbendingar um mögulegar rakaskemmdir og nauðsynlegt var að grípa til viðeigandi ráðstafana. Eftir yfirferð sérfræðinga var ákvörðun tekin um að fara í heildarendurnýjun á elsta hluta húsnæðisins þ.e. A- og B-álmum. Lundarskóli er tvær kennsluálmur og tengibygging sem tengir álmurnar við miðju þar sem er m.a. salur skólans. Um er að ræða heildarendurnýjun á svokölluðum A- og B-álmum skólans þar sem nær öll kennsla í Lundarskóla fer fram. Álmurnar voru byggðar á árunum 1974-1978. Heildarstærð skólans í dag er brúttó um 4.604 m², þar af er viðbyggingin frá 1996 um 900 m². Álmur og tengibygging eru því rúmir 3.700 m².

Finna þurfti 7.-10. bekk nýjan samastað í tvö ár og var ákvörðun tekin um að færa starfsemina í Rósenborg í tvo vetur. Nemendur í 1.-6. bekk verða áfram í húsnæði skólans á meðan álmurnar verða lagfærðar; fyrst í lagfærðri B-álmum og síðan í nýrri

A-álmum á meðan B-álman verður kláruð. Samarið 2020 voru gerðar nauðsynlegar endurbætur á B-álmum til bráðabirgða til að skóalstarf gæti verið þar veturinn 2020-2021.

Skólahúsnæðið er endurnýjað og hannað þannig að það þjóni starfseminni eins og best verður á kosið og uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til skólahúsnæðis í dag og í framtíðinni. Hugað er að þáttum eins og breyttum kennsluháttum, líðan nemenda, sveigjanleika, ólíkra þarfa, hagkvæmni í rekstri og einnig tæknilegum þáttum svo sem hljóðvist, eldvörnum, loftgæðum, öryggis-, tækni- og umhverfismálum svo eitthvað sé nefnt.

Framkvæmdum við Lundarskóla er skipt upp í tvo áfanga: Byrjað verður á A-álmum, anddyri og tengigangi og var framkvæmd boðin út í september 2020 og verklok í byrjun júlí 2021. Í framhaldinu verður farið í B-álmum, lóð og fleira. Hönnun á B-álmum hófst síðla árs 2020 og verður sá áfangi boðinn út í apríl 2021 og verklok í júní 2022.

Leiguíbúðir – nýframkvæmdir

Klettaborg 43

Byggingin stendur á nýrri lóð að Klettaborg 43. Lóðin liggur austan Dalsbrautar í vesturenda Klettaborgar. Um er að ræða 594 m² fjölbýlishús með sex íbúðaeiningum sem eru ætlaðar fólki með fötlun. Íbúðirnar tengjast innbyrðis með gangi fyrir utan eina íbúð sem er með aðkomu frá útigangi. Auk íbúða eru í húsinu lögboðin sameignarými, starfsmannaaðstaða og sameiginlegt rými fyrir íbúa. Inngangur er að austan en íbúðir snúa til suðurs og vesturs. Allar íbúðir hafa sér verandir og er aðgengi að þeim um stofu. Húsið er allt hannað samkvæmt viðmiðum algildrar hönnunar.

Framkvæmdir við Klettaborg 43 hófust á árinu 2019 og var húsnæðið tekið í notkun sumarið 2020.

Sandgerðisbót og Glerárholt

Húsnæðismál fólks með fjölpættan vanda hafa lengi verið í umræðunni hjá Akureyrarbæ. Mikil vinna hefur verið lögð í að finna staðsetningu í samvinnu skipulagssviðs, umhverfis- og mannvirkjasviðs, fjölskyldusviðs og búsetusviðs, eins hefur bæjarráð komið að málinu. Ljóst er að lausnir fyrir þennan hóp eru ekki auðfundnar þó ganga þurfi út frá því að þjónustan sé komin til að vera á Akureyri. Mörg ár hefur verið leitað að staðsetningu sem hentar en ekki gengið sem skyldi. Horft hefur verið til ýmissa lausna. Þess vegna þarf að gera ráð fyrir þjónustunni þegar horft er til framtíðarskipulags svæða á Akureyri.

Ákveðið var að byggja á lóð þar sem Byrgi stóð en það hús brann árið 2019 og var ákveðið að rífa það í framhaldinu. Markmið með hönnun og byggingu lítilla einbýlishúsa í Sandgerðisbót var að mæta þörf á litlum húsum í einbýli. Aðalkostur við staðsetninguna er að engar leiguíbúðir eru fyrir á svæðinu. Lóðin er hentug, stutt í strætó, stutt í matvöruverslun og stutt í náttúru og fallegar gönguleiðir. Á vordögum 2020 var vinna við hönnun og smíði boðin út í alútboði á tveimur einbýlishúsum í Sandgerðisbót en möguleiki er að koma fjórum húsum fyrir á lóðinni. Framkvæmdir hófust á haustdögum 2020 og eru verklok áætluð í lok mars 2021. Húsin eru hvort um sig um 56 m² brúttó að stærð.



Seinni hluta árs 2019 var tveggja íbúða hús, Glerárholt sem er byggt 1947, sett á sölu. Aðalkostur við húsið er staðsetningin og engar leiguíbúðir eru fyrir á svæðinu. Eftir nokkra skoðun á málinu var ákveðið að bjóða í íbúðirnar. Tilboð var gert í byrjun febrúar 2020 og það samþykkt af eigendum.

Frumhönnun hóst í mars og ákveðið að skoða með að koma fjórum íbúðum fyrir í húsnæðinu en niðurstaða var, eftir samtal við skipulag, að koma fyrir þremur íbúðum í húsinu.

Verkið var unnið í alverktöku og tók verktaki að sér m.a. alla hönnun, rif, undirbúning og endurbyggingu á húsnæðinu í heild miðað við að þrjár íbúðir verði í húsinu, tvær á efri hæð um 40 m² og ein á neðri hæð um 80 m². Framkvæmdir hófust á haustdögum 2020 og eru verklok áætluð í lok apríl 2021.

Kaup og sala eigna

Keypt var eitt hús á almennum markaði á árinu 2020, Glerárholt þar sem áætlað er að gera þrjár leiguíbúðir. Auk þess var keypt tveggja herbergja íbúð í Hafnarstræti 30. Þrjú hús voru seld á árinu, Sólvallagata 7 í Hrísey, Fagrasíða 7c, og Jörvabyggð 14 á Akureyri.





Fasteignir – viðhald

Leikskólar

Á árinu voru helstu verkefni í leikskólum innan húsasmálun, uppfærsla malarleiksvæða með fallvarnarefnum, endurnýjun á girðingum, ný leiktæki, endurnýjun gólfefna og uppfærslur á útilýsingu í LED, endurbætur á skiptiaðstöðu barna og endurnýjun eldhústækja.

Grunnskólar

Helstu viðhaldsverkefni í skólum voru, ný gólfefni, endurbætur á þaki, endurnýjun á myndavélum og útilýsingu á lóðum og bílastæðum í LED, utanhússmálun, endurnýjun eldhústækja, hússtjórnarkerfa, brunakerfa, endurnýjun hitakerfa og rafmagnstafla. Farið var í loftgæðaskoðanir í Lundarskóla og miklar framkvæmdir í dreni og viðgerðir í B-álmú.

Menningarmannvirki

Á Sigurhæðum var farið í að laga timburklæðningu á suður- og austurhlíð hússins ásamt því að skipta um tvo glugga og endurnýja gler. Styrkur barst frá Húsafriðunarnefnd vegna framkvæmdanna. Í Hofi var unnið að endurbótum á brunavarnakerfi, neyðarljósum og margs konar stýringum. Einnig var málað utanhúss, gólfefni löguð og lýsing innanhúss.

Íþróttamannvirki

Í íþróttamannvirkjum var unnið að endurbótum á hreinsibúnaði sundlauga, einnig hússtjórnunarkerfum, loftræstikerfum, rafmagnskerfum, brunavarnakerfum, lýsingu innan- og utanhúss, múrviðgerðum, utanhússmálun og breytingum á húsnæði, lóðum og bílastæðum.

Öldrunarmannvirki

Málað var innanhúss, unnar múrviðgerðir utanhúss, unnið að endurnýjun brunavarnakerfis og eldhústæki endurnýjuð. Haldið var áfram að endurnýja uppþvottavélar og laga eldhús í sameiginlegum rýmum.

Leiguíbúðir

Unnið var að endurbótum í tíu íbúðum. Á árinu var farið í múrviðgerðir og málun utanhúss í Keilusiðu 1, 3 og 5 sem og í Vallartúni 2.

Götur og stígar – nýframkvæmdir

Naustahverfi 7. áfangi (Hagar)

Hagar var stærsta verkefnið í gatnaframkvæmdum ársins 2020. Um er að ræða hefðbundna gatnagerð og lagnir frá veitustofnunum. Framkvæmdin skiptist í tvennt og hófst fyrri áfanginn 2015 en sá seinni 2018. Vel gekk og lauk jarðvinnunni undir lok ársins. Yfirborðsfrágangur er hafinn og hefur nú þegar tekist að malbika 4/5 hluta gatna hverfisins. Lokafrágangur hverfisins getur þó tekið um 4-5 ár í viðbót, sem mun ráðast af uppbyggingarhraða.

Naustahverfi eldri áfangi

Unnið var við frágang á götum, gangstéttum og grænum svæðum í hverfinu. Lokið var við frágang bílastæðis við enda Ljómatúns og stéttir malbikaðar á öðrum stöðum í hverfinu. Eftir standa nokkrir stígar/stéttir og græn svæði. Framkvæmdum við þessa áfanga lýkur væntanlega ekki á árinu 2021.

Austurbrú frágangur

Frágangur við malbikun götu, hellulögn gangstétta ásamt lýsingu hófst 2018. Þar sem staðið hefur á byggingarframkvæmdum við suðurenda svæðisins, var lítið gert. Seint um haustið hófst vinna við að undirbúa seinni botnlangann undir malbikun, en ekki tókst að ljúka því vegna veðurs. Framhald frágangs ræðst svo af því hvernig uppbygging á seinni tveimur lóðunum gengur.

Miðhúsabraut v/Bónus

Ráðist var í gerð nýrra að- og fráreina við bílastæði Bónus. Verkið hófst um leið og snjóá leysti um vorið og lauk í júnibyrjun.

Krókeyri

Endurgerð Krókeyrar hófst um haustið. Ásamt gerð stofnstígs austan við Skautahöllina. Jarðvegs-skiptum tókst að ljúka á stíghlutanum og á um helming Krókeyrar, áður en verkinu var frestað til næsta vors. Stefnt er að því að ljúka því sumarið 2021 með fullnaðarfrágangi, malbiki, hellum og gróðri.

Malbikun

Í malbikun var aðalega unnið í Naustahverfi 7. áfanga (Hagar). Malbikaðar voru m.a. göturnar; Kristjánshagi (syðsti hluti), Nonnahagi (syðsti hluti), Kjarnagata (neðra lag), Geirprúðarhagi (vestasti hluti), Gudmannshagi og stígar úr Nonnahaga yfir í Naustagötu ásamt fjölda gangstétta í hverfinu. Utan Hagahverfisins var Sjafnargatan endurmalbikuð (vegna sigs), moldarlosunarvegur o.fl. Mikið átak var gert í malbikun gatna í Hrísey, malbikaðar voru; Austurvegur, Búðartangi, Eyjabýggð og Hjallavegur, ásamt vegi að kirkjugarði.

Brú yfir vesturkvísl Eyjafjarðarar

Jarðvinna var boðin út í nóvember 2019 ásamt fargi, gerður akstursfær slóði og keyptir steyptir niðurrekstrarstaurar frá Danmörku. Stálvirki og brúarsmíði voru boðin út og brúin vígð í lok júní 2020. Landsnet kom að verkinu vegna lagningar háspennustrengja yfir kvíslar Eyjafjarðarar.

Stígur við Hörgárbraut (Sjónarhól)

Gerður var stígur meðfram Hörgárbrautinni, frá Hraunholti, meðfram Sjónarhóli og að Hlíðarbraut. Á árinu 2021 er stefnt að því að malbika stíginn, ljúka frágangi og setja upp hljóðvarnir.

Stígur við Sjafnargötu

Hafist var handa við að gera fyrsta stofnstíginn skv. nýsamþykktu stofnstígakerfi Akureyrarbæjar. Breiður göngu- og hjólastígur frá Síðubraut, meðfram Sjafnargötu og að sveitarfélagsmörkum við Hörgársveit. Jarðvegsskiptum lauk á árinu og stefnt er að því að hann verði malbikaður árið 2021.

Stígur við Glerárskóla

Gerður var stígur við Glerárskóla, frá Melgerðisás og niður að sparkvellingum. Stefnt er að því að leggja malbik á hann árið 2021 samhliða öðrum stíg innan lóðar skólans.

Hrísey efnisvinnsla og gatnagerð

Endurgerð nokkurra gatna/vega í Hrísey hófst á árinu og var þar Austurvegur stærsta verkið. Vinna þurfti efni í námu í Hrísey og hófst efnisvinnslan vorið 2019. Samhliða verkinu endurnýjaði Norður-orka lagnir í þeim götum sem voru endurgerðar ásamt fleiru. Malbiki var svo komið á í sumarbyrjun.

Hörgárbraut/Hlíðarbraut

Gatnamótin voru illa farin vegna sigs. Voru þau endurgerð að öllu leyti. Allt malbik fjarlæggt, burðarlag endurbætt og lagt tvöfalt malbik. Samhliða voru umferðarljósín endurnýjuð, ásamt lagnakerfi þeirra. Fyrstu reiðhjólumferðarljósín voru sett upp skv. nýsamþykktu stofnstígaskipulagi. Verkið hófst um haustið og reyndist veðurfar hagstætt, þannig að verkinu lauk áður en vetur skall á.





Malbikaðar götur – viðhald

Unnið var að yfirbræðslu gatna og stíga samkvæmt áætlun í hverfum bæjarins.

Götu- og gangbrautalýsing – endurnýjun

Árið 2017 hófst vinna við endurnýjun gatna- og gangbrautarlýsingar. Um er að ræða endurnýjun vegna kvikasilfursljósa og annarra tegunda og er verið að skipta þessum ljósum út fyrir LED-ljós sem eru mun ódýrari í rekstri og viðhaldi. Í árslok 2016 var endurnýjun á gatnalýsingu boðin út og var samið við Lettneska fyrirtækið Vizulo um kaup á LED-lömpunum. Árið 2019 var lokið við að skipta út kvikasilfursljósum að stærsta hluta. 2019 var skipt um gatnalýsingu í LED í Hrisey. Árið 2020 var skipt um alla gatnalýsingu í Grímsey og hún uppfærð í LED.

Umferðaröryggi

Áfram var unnið að umferðaröryggismálum gangandi vegfarenda, sérstaklega barna á leið í og úr skóla. Haft var samráð við skipulags- og skólayfirvöld. Áfram var unnið að endurbótum á Þjóðvegi 1 í samstarfi við Vegagerðina. Lokið var að mestu við framkvæmdir við Síðuskóla sem fólust í því að bæta við gangstéttum og bæta gönguþveranir yfir stærri götur í hverfinu. Fínfrágangur var kláraður sumarið 2020. Unnið var að LED-væðingu gatnalýsingar og kvikasilfursluktum skipt út. Sett var upp sérstök gangbrautarlýsing með LED-ljósum á nokkrum stöðum í bænum. Áhersla verður lögð á að lýsa fleira gangbrautir á árinu 2020 til að auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Gerðar voru hraðamælingar í hverfum bæjarins og verða niðurstöðurnar notaðar til að meta hvernig tekst til með lækkun umferðarhraða.

Bílastæði

Bílaplan við Austurbrú var malbikað og frágengið að mestu leyti á árinu, eftir er að merkja bílastæðin og klára gróðurbeð sem afmarkar bílastæðin frá Drottningarbrautinni en þeirri vinnu lauk vorið 2020. Með þessu urðu til um 90 stæði og þar af 2 stæði fyrir hreyfihamlaða.

Umhverfis- og hreinlætismál

Akureyrarbær er framúrskarandi sveitarfélag og jafnvel fyrirmynd annarra í umhverfismálum á mörgum sviðum. Stefna Akureyrarbæjar er að gera enn betur og vera áfram í forystu meðal íslenskra sveitarfélaga. Umhverfis- og samgöngustefna Akureyrarbæjar, sem var samþykkt í bæjarstjórn í lok árs 2016, er mikilvægt stjórnþæki í þeirri vinnu. Í stefnunni er að finna 48 metnaðarfull markmið, langflest á ábyrgð umhverfis- og mannvirkjasviðs. Eitt af mikilvægari markmiðum í stefnunni er fræðsla og upplýsingagjöf til bæjarbúa sem og stöðugt upplýsingaflæði en það ætti að auðvelda bæjarbúum að taka upp umhverfisvænan lífsstíl. Meðal verkefna úr stefnunni sem unnið var að árið 2020 má nefna verkefni sem tengjast betri loftgæðum bæði að í dag eru upplýsingar um svifryk aðgengilegar á rauntíma hverju sinni á heimasíðu bæjarins sem og að götur bæjarins eru sópaðar og þvegnar eftir þörfum. Áfram var haldið að auka LED-götulýsingu í bæjarlandinu, plantað var í græna trefillinn, upplýsingaskilti voru sett upp víðsvegar í bæjarlandinu, rusladöllum fjölgað og fleira.



Verulegar breytingar hafa verið gerðar á umhverfisluta heimasíðu Akureyrarbæjar á síðustu tveimur árum og fékk fræðsluefni aukíð vægi á síðunni. Akureyrarbær tók þátt í Evrópsku nýtnivíkunni í þriðja sinn árið 2020 en verkefnið er samevrópskt og hefur það að markmiði að draga úr myndun úrgangs með því að hvetja fólk til að nýta hluti betur og lengja með því líftíma þeirra. Unnið var að endurskoðun á umhverfis- og samgöngustefnunni og verður ný stefna umhverfis- og loftlagsstefna 2021-2030 fullkláruð á árinu 2021. Meginmarkmið bæjarins er að vera orðinn kolefnishlutlaus og gott betur en það árið 2040.

Umhverfis- og loftlagsstefna Akureyrarbæjar er byggð á Parísarsamkomulaginu, þátttöku bæjarins í Global Covenant of Mayors, þróunarvinnu Vistorku að kolefnishlutlausu samfélagi, samráði við ungmennaráð og sérfræðinga Akureyrarbæjar. Akureyrarbær er eitt þriggja sveitarfélaga á Íslandi sem eru aðilar að Global Covenant of Mayors for Climate & Energy sem er sameiginleg yfirlýsing fjölda borgar- og bæjarstjóra um heim allan um að daga úr losun gróðurhúsalofttegunda, styrka viðnámsþol vegna loftlagsbreytinga, birta tölu- legar upplýsingar um frammistöðu í loftlagsmálum og setja sér markmið um enn betri frammistöðu. Með þessu vilja sveitarfélög sýna að staðbundnar aðgerðir geti haft áhrif á á heimsvísu.

Akureyrarbær sér um viðhald og umhirðu grænna svæða, svo sem slátt og hirðingu, útplöntun sumarblóma, trjá- og runnagróðurs og klippingar á trjám og runnum.

Í ræktunarstöð bæjarins voru ræktuð um 30.000 sumarblóm. Síðustu ár hefur verið dregið úr gróðursetningu sumarblóma í hverfum bæjarins en áherslan lögð á miðbæjarsvæðið. Í ræktunarstöðinni voru ræktaðar bæði trjá- og runnaplöntur af ýmsum tegundum til útplöntunar í bæjarlandið ásamt skógarplöntum. Áfram var unnið að eyðingu skógarkerfils, alaskalúpínu og bjarnarklóar samkvæmt samþykktri aðgerðaáætlun bæjarins og til samræmis við umhverfis- og samgöngustefnu bæjarins.

Lagður var grunnur að moltulundi í kringum skíðasvæðið í Hlíðarfjalli þar sem gerð var tilraun til trjáræktar og landgræðslu á rýru svæði í yfir 500 m hæð yfir sjávarmáli. Moltan var einnig notuð við útplöntun á gömlu sorphaugunum og á öðrum svæðum í græna treflinum. Verkefnið var hluti af tilrauna- og átaksverkefni sem stutt var af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og gekk út á tilraun um nýtingu moltu í landbúnaði, skógrækt og landgræðslu á Norðurlandi.

Matjurtargarðar voru líkt og undanfarin ár starfræktir í tengslum við ræktunarstöðina og var aðsóknin í líkingu við síðustu ár. Skólar og leikskólar hafa í síauknum mæli leigt sér garða eða útbúið eigin garða og fengið forræktaðar plöntur hjá ræktunarstöðinni. Þá voru ræktaðar matjurtir fyrir öldrunarheimilin í Hlíð og Lögmannshlíð.

Lystigarðurinn var rekinn með hefðbundnum hætti árið 2020. Framleiddar voru rúmlega 8.000 plöntur í garðinum og þeim síðan plantað víðsvegar um garðinn.



Strandblaksvellirnir í Kjarna njóta alltaf jafnmikilla vinsælda og var unnið að hinum ýmsu viðhaldsverkefnum vítt og breitt um skóginn.

Umhverfis- og mannvirkjasvið hlaut sumarið 2020 styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða vegna fyrsta áfanga stígagerðar og brúunar í fólkvanginum á Glerárdal. Verkefninu miðaði vel áfram og verður haldið áfram með annan áfanga þess sumarið 2021.

Fuglatalning var gerð í Naustaflóa en þar er talið á tveggja ára fresti. Talning fór einnig fram í Óshólmum Eyjafjarðarár, en þar er talið á tíu ára fresti. Í fólkvangnum í Krossanesborgum er talið á fimm ára fresti, síðast árið 2018. Allar skýrslurnar eru aðgengilegar á vef bæjarins.

Rekstur opinna leiksvæða og boltavalla var með nokkuð hefðbundnu sniði. Rekstrarskoðun sem og aðalskoðun voru framkvæmdar á árinu 2020.

Rekstur jarðeigna og dýraeftirlits var nokkuð hefðbundinn en starfsmenn annast eftirlit og skráningu hunda, katta og búfjár, einnig vöktun og eyðingu á rottum, vargfuglum, refum og minkum, og stemma stigu við útbreiðslu á kaninum. Undir jarðeignir og dýraeftirlit falla einnig leigulönd bæjarins ásamt fjallgirðingu, landamerkjagirðingu og fjallskilum, sem og útgáfa búfjárleyfa og leiga beitarlanda.

Farið var í árlegt hreinsunaráttak á Akureyri í maí. Góður árangur náðist í að fjarlægja númeralaus bifreiðar, fjölmargir fyrirtækjaeigendur tóku til á lóðum sínum og óæskilegir hlutir voru fjarlægðir af fjölmörgum stöðum í bæjarlandinu. Samvinna var við hestamenn um hreinsun í báðum hesthúsaðverfum.

Svifryk í andrúmsloftinu á Akureyri er eitt stærsta umhverfisvandamál sem bærinn glímir við og er jafnframt stórt lýðheilsuvandamál. Því er forgangsmál að fækka þeim dögum sem svifryk fer yfir heilsuverndarmörk. Á Akureyri virðist svifryk

vera mest á þurrviðraköflum að vetrarlagi, þegar jörð er snjólaus og naglar undir bílum. Það ætti því að vera kappsmál allra Akureyringa að vinna að því að minnka svifryksmengun í bænum með því að draga úr akstri. Árið 2020 keypti Akureyrarbær sóp knúinn metan og verður hann komin í notkun í apríl 2021. Á árinu 2020 hófst sýnatoka vegna rannsóknar á efnasamsetningu og uppruna svifryks á Akureyri, markmið með þessari rannsókn er að safna betri og áreiðanlegri upplýsingum en nú liggja fyrir um svifryk og mengun sem af því stafar og greina hvers vegna styrkur svifryks fer yfir heilsuverndarmörk.

Heimilisúrgangur frá íbúum Akureyrar jókst á milli árána 2019 og 2020, líklega má rekja einhvern hluta þess til að íbúar unnu heima við og því endaði rusl í tunnu við hús í stað þess að enda með úrgangi vinnustaðar. Almennt sorp sem fór í urðun á Sölvabakka var rúmlega 211 kg að meðaltali á hvert heimili á Akureyri á árinu 2020. Lífrænn úrgangur sem fer til jarðgerðar í Moltu hefur lítilega aukist á milli ára. Hann er nú um 105 kg að meðaltali á hvert heimili samanborett við 101,8 kg á árinu 2019.

Sorphirðugjaldið árið 2020 var 39.609 krónur á hverja fasteign. 11 grenndarstöðvar eru staðsettar á Akureyri auk gámasvæðis í Réttarhvammi. Akureyrarbær hyggst áfram leggja áherslu á umhverfismál og vill gera sífellt betur í þeim mikilvæga málaflokki.

Umhverfismiðstöð

Undir Umhverfismiðstöð heyrir áhaldahús á Akureyri, áhaldahús í Hrísey, ræktunarstöð, malbikunarstöð og Strætisvagnar Akureyrar ásamt ferliþjónustu. Starfsmenn Umhverfismiðstöðvar vinna ýmis verk sem tengjast verklegum framkvæmdum og ýmiss konar viðhaldi og umhirðu sem oft er árstíðabundin. Yfir veturinn er snjómokstri og hálkuvörnum sinnt en gatnagerð, malbikun, slætti og hirðingu á opnum svæðum yfir sumarið, auk fjölda annarra verkefna fyrir ýmsar stofnanir bæjarins eins og hreinsun á bæjarlandinu, viðhaldi á leiksvæðum og jólaskeytingum.





Strætisvagnar Akureyrar SVA

Síðastliðinn 4 ár hefur verið unnið að því að metanvæða strætisvagnaflotann um leið og hann er endurnýjaður með einum vagni á ári. Í dag aka því þrjú vagnar á 100% metan um götur bæjarins og er von á þeim fjórða 2021. Reynslan af metan vögnum hefur verið ákaflega góð og hefur metan sem orkugjafi komið ekkert síður út en dísil.

Á árinu 2020 var ráðist í viðamikla endurskoðun á leiðaneti SVA sem verður innleitt sumarið 2021. Til verkefnisins voru fengnir til ráðgjafar samgönguverkfræðingar frá EFLU, Strætó Bs. auk fulltrúa notenda frá Umhverfissvænum samgöngum á Akureyri.

Ferlipjónusta

Þjónustan er rekin með 6 bílum auk aðkeyptrar vinnu um helgar, sumarafleysingar og þegar bílar detta út vegna viðhalds og viðgerða. Á árinu 2020 var einn ferlibíll endurnýjaður og var keyptur metan bíll. Fyrir eru 4 metan/bensín hybrid bílar sem keyra fyrst og fremst á metani.

Síðastliðin 10 ár hefur fjöldi ferða með ferlibílum aukist um 1% að meðaltali milli ára. Best hefur reynst að miða við að farnar séu um 10.000 ferðir á bíl á ári. Þegar farið er upp fyrir það hefur þurft að leita meira til verktaka sem hefur verið kostnaðarsamara.

Slökkvilið Akureyrar

SA sinnir lögbundnum verkefnum eins og slökkvistörfum, eldvarnaeftirliti, björgun fastklemmdra og viðbrögðum við mengunarslysum. Einnig sér Slökkviliðið um sjúkraflutninga á Akureyri og nágrenni en auk þess sinna sjúkraflutningamenn SA öllum sjúklingum sem fluttir eru með sjúkraflugi á Íslandi.

Eldvarnaeftirlit

Eldvarnaeftirlitið starfar eftir lögum um brunamál. Helstu verkefni snúa að reglubundnum skoðunum og umsögnum vegna leyfisskyldrar starfsemi og nýbygginga af ýmsum toga. Einnig sinnir SA ýmsum verkefnum tengdum leiðbeiningaskyldu slökkviliðanna til stofnana og fyrirtækja. Má þar nefna námskeið fyrir atvinnubílstjóra, dyravarðanámskeið og slökkvitækjanámskeið fyrir starfsfólk. Tveir starfsmenn SA sinna eldvarnaeftirliti alla jafna en einnig fara þeir í önnur verkefni og útköll hjá slökkviliðinu eftir þörfum.

Starfsmenn SA fóru í 205 skoðanir árið 2020, afgreiddu 54 beiðnir um umsögn eldvarnaeftirlits og sinntu 150 gjaldskyldum verkefnum.

Útköll

Árið 2020 fóru sjúkrabílar Slökkviliðs Akureyrar í 2.352 útköll samanber 2.508 árið 2019. Þar af voru 731 forgangsútköll og í sumum tilfellum



fara tveir sjúkrabílar úr húsi í sama verkefnið en það gildir meðal annars um útköll í hjartastopp, meðvitundarleysi, meiriháttar bílslys, alvarleg veikindi o.fl. Þau útköll teljast samt sem áður sem eitt.

Sjúkraflutningar út fyrir þjónustusvæðið voru 154 árið 2020. Samkvæmt samningi við Sjúkra-tryggingar Íslands er viðkomandi sjúkrastofnun rukkuð fyrir þá flutninga.

Sjúkraflugvél Mýflugs fór í 623 sjúkraflug með 652 sjúklinga, mannaðar með a.m.k. einum sjúkraflutningamanni frá SA. Þetta er töliverð fækkun frá undanförunum árum.

Verkefni á dælubíla liðsins voru 122 talsins. Heildarfjöldi útkalla liðsins voru því 3.097 en það þýðir að um 8,5 útköll eru hjá liðinu á dag að meðaltali sem er um það bil 0,5 færri útköll en 2019. Erfitt er þó að horfa í meðaltalstölur í þessum geira því oft er mjög mikill munur á verkefnafjölda á milli daga.

Slökkviliðið tókst á við nokkur erfið brunaútköll á árinu. Helst er þar að nefna stórbruna þegar frystihúsið í Hrísey brann í lok maí en þar voru um 30 slökkviliðsmenn frá þremur slökkviliðum að störfum í um hálfan sólarhring eða meira að kljást við eldinn, útbreiðslu og mengun sem lagðist yfir byggðina. Einnig brann þriggja hæða hús í Hafnastræti í maí og lést einn íbúi í brunanum. Þar með höfðu fjögur gömul timburhús brunnið á Akureyri á innan við ári.

Mannauður

Fjórir starfsmenn SA luku námi Mannvirkjastofnunar fyrir atvinnuslökkviliðsmenn á árinu og munu nú í haust ljúka skyldunámi í sjúkraflutningum. Algengt er að það taki um 3 ár fyrir fastráðna starfsmenn að ljúka grunnnámi í slökkviliðsfræðum og sjúkraflutningum en vegna COVID-19 hefur nám í sjúkraflutningum dregist um nokkurn tíma.

Starfsmenn sóttu ýmis námskeið á árinu auk lögbundinna æfinga slökkviliða. Allir starfsmenn SA sem sinna sjúkraflugi eru með gild svokölluð ALS

réttindi í sérhæfðri endurlífgun en það eru réttindi sem halda þarf við með reglubundnum hætti.

SA hefur sett sér það viðmið í sjúkraflutningum að allir starfsmenn ljúki EMT-A námi hjá sjúkraflutningaskólanum auk ALS. Einnig er stefnt að því að vera með 7-8 bráðataekna á vöktum en í dag eru 5 starfandi bráðataeknar hjá SA.

Búnaður

Nýr slökkvibíll kom til SA vorið 2020 sem er sérútbúinn fyrir viðbrögð við eldi í jarðgöngum. Bifreiðin er að gerðinni Iveco Daily 4x4 og er yfirbyggður sem slökkvibíll hjá BMT í Hollandi. Billinn er útbúinn með OneSeven froðukerfi með handlögn og mónitor, rafhlöðudrifnum björgunarklippum frá Holmatro, 8 metra stiga, handverkfærum, innrauðum myndavélum með skjá fyrir ökumann og handvél fyrir reykkafera, loftbanka með meira en klukkutíma aukaloftbirgðum fyrir alla áhöfn bílsins ásamt fleiru.

Slökkvilið Akureyrar bauð út nýja stigabifreið á síðasta ári og var í kjölfarið gengið til samninga við Riffaud Echelles í Frakklandi um kaup á 33 metra háum stiga á Scania-grind. Bifreiðin verður afhent í haust en þar með mun SA í fyrsta skipti eignast nýjan körfubíl. Fram að þessu hafa einungis verið keyptir notaðir bílar.

Slökkviliðið Akureyrar er með vottaða skoðunarstöð fyrir reykköfunartæki og tveir starfsmenn hafa réttindi til að yfirfara reykköfunarbúnað SA. Skoðunarstöðin mun spara bæði fé og fyrirhöfn við að senda dýran búnaðinn milli landshluta á hverju ári. Einnig veitir skoðunarstöð SA öðrum slökkviliðum á Norðurlandi sem nota sambærileg reykköfunartæki þjónustu gegn gjaldi.

COVID-19

Eins og hjá fleirum þá setti heimsfaraldur COVID-19 mikið strik í reikninginn í rekstri SA. Í febrúar 2020 uxu áhyggjur vegna vágestsins verulega og því hófu starfsmenn SA að undirbúa ráðstafanir sem til þyrfti að grípa, útbúa leiðbeiningar og vinnuferla. Það kom sér vel því 12. mars varð starfsmaður SA útsettur fyrir veirunni í útkalli en þar sem vinnuferillinn var tilbúinn tókst að einangra þetta við einn mann.





Um svipað leyti var ákveðið að skipta starfsmönnum uppí 12 einingar, 1-4 í hverri einingu. Séð var til þess að ekki væri hætt á smiti milli eininga með því að setja upp starfsstöðvar annars vegar í Verkmenntaskólanum og síðan tvær á slökkvistöðinni, hvor á sinni hæð. Starfsmenn eldvarnaeftirlits og stjórnendur unnu heima til skiptis eða í aðgerðastjórn Almannavarna að Hjalteyrargötu 12. Samtals voru stjórnendur SA með mannaða vakt í aðgerðastjórn í um 10 vikur á árinu 2020, 8 klst. á dag.

Til að vaktin hverju sinni gæti ráðið við verkefni án þess að kalla til starfsmenn úr öðrum einingum, var nauðsynlegt að fjölga um einn á þrem vöktum og tvo á annarri vakt. Því var 5 umsækjendum um sumarafleysingar boðið að hefja störf fyrr en áætlað var og þannig var hægt að hafa 7 starfsmenn á vakt öllum stundum. Auk þessa var úttektum á fríum frestað stóran hluta ársins hjá föstum starfsmönnum.

Öll útköll urðu tímafrekari en venjulega vegna sérstakra smitvarna. Flutningur á sjúklingum smituðum af COVID-19 eða þar sem grunur um smit var að ræða voru sérstaklega tímafrekir og flóknir.

SA tók að sér að manna flutningsbíl fyrir allt Norður- og Austurland til að flytja sjálfbjarga fólk sem þurfti aðstoð en var útsett eða smitað. Það verkefni var sett í gang að beiðni Almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra.

Til að koma sem flestum í sumarfrí var gripið til þess ráðs að ráða inn tvo starfsmenn til viðbótar í júní en þeir unnu alla virka daga til að manna sjúkrahús sem var þá notaður meðal annars í lengri flutninga út fyrir svæðið. Þannig var hægt að fara niður í 5-6 starfsmenn á föstu vöktunum án þess að blanda saman einingum. Allt var gert til að varna því að stór hluti starfsmanna yrði útsettur fyrir smiti á sama tíma með tilheyrandi sóttkví og einangrun.

Starfsfólk SA stóð sig gríðarlega vel á erfiðum tímum sl. ár og tókst á við öll þau flóknu verkefni sem upp komu með miklu jafnaðargeði og yfirvegum. Á það mikið hrós skilið.

Öldrunarheimili Akureyrar

Árið 2020 var ár áskorana og óvissu vegna heimsfaraldurs COVID-19 og uppsagnar Akureyrbæjar á rekstrarsamningi ÖA við Sjúkratryggingingar Íslands.

Starfsemi ársins litaðist mjög af heimsfaraldrinum. Þær ráðstafanir, takmarkanir og höft sem sett voru vegna veirunnar voru að mörgu leyti ekki í anda Eden-hugmyndafræðinnar sem starfað er eftir. Heimsóknarbann var sett á þann 7. mars 2020 og má segja að það hafi markað upphaf baráttunnar til að vernda viðkvæman hóp íbúa og dagþjálfunargesta.

Tímabilin frá 7. mars til 4. júní og frá 1. ágúst til 31. desember voru tímabil takmarkana, mismikilla á hverjum tíma, allt frá algjöru heimsóknarbanni til takmarkandi heimsókna. Húsnæðinu var skipt í sóttvarnahólf og helst enginn samgangur leyfður milli heimila/hólfa. Starfsemi í eldhúsi var skert, allir notuðu maska og opnuð var farsóttardeild fyrir íbúa ÖA sem höfðu veikst af COVID-19.

Útgjöld sem ekki var gert ráð fyrir í rekstraráætlun urðu meiri, til dæmis vegna sóttvarnarbúnaðar, aukins kostnaðar við þrif, aukins launakostnaðar vegna teymisvinnu og fjarveru starfsfólks vegna varúðarráðstafana (sóttkví, varnasóttkví). Tekjutap varð vegna tímabundinnar dvalar því húsnæðið var nýtt undir farsóttardeild og seinkun varð á flutningi nýrra íbúa.

Með fagmennsku, miklum sveigjanleika og samstilltu átaki starfsfólksins hefur tekist að vernda íbúana. Starfsfólkið hefur brugðist við af mikilli óeigingirni og einfaldað líf sitt mjög mikið, stundað vinnu og haft lítil samskipti utan vinnu hvort sem það er við ættingja, vini eða vinnufélaga.

Mikið hefur reynt á alla að vera í þessum aðstæðum, jákvæðni og lausnarmiðuð hugsun hjálpar til að gera daginn bærilegan. Íbúarnir hafa sýnt mikla þolinmæði og tekist á við aðstæður af stóiskri ró, aðstandendur hafa sýnt mikinn skilning og verið duglegir að vera í sambandi við sína ástvini eftir ýmsum leiðum.

Nýsköpun og þróun

Líkt og undanfarin ár voru allnokkur nýsköpunar- og þróunarverkefni í gangi, bæði framhaldsverkefni og ný verkefni. Hér eru nokkur þeirra:

Alfa lyfjaumsjónarkerfið í samstarfi við Pulu og Lyfjaver hélt áfram, þar sem bætt var inn lyfjakorti og rafrænni skráningu lyfja.

Eden hugmyndafræðin og þjónandi leiðsögn skipa áfram mikilvægan sess í breytingum og þróun starfsins og áherslum á persónumiðun í umönnun.

VOPD er norrænt verkefni sem tengist fjarheilbrigðisþjónustu. ÖA tók þátt í því í gegnum Memaxi-verkefnið þar sem aðgangsstýrðir upplýsingaskjái eru á heimili notanda og er markmiðið m.a. að aðstandendur, starfsfólk dagþjálfunar, starfsfólk búsetusviðs, starfsfólk heima-hjúkrunar o.fl. geti tengst skjáunum með mismunandi hætti.





Styðjandi samfélag er verkefni sem unnið var með Alzheimersamtökunum og varð Eliza Reid forsetafrú, sem jafnframt er verndari Alzheimer-samtakanna, fyrsti heilavinurinn á Íslandi. Bæjarstjórn Akureyrar varð fyrsta styðjandi bæjarstjórn á Íslandi og gerðist líka heilavinur og fylgdu fleiri fyrirtæki og stofnanir á Akureyri í kjölfarið.


Sveigjanleg dagþjálfun er verkefni á öðru starfsári, áhersla er á teymisvinnu með persónumiðaðri þjónustu og virkni. Opnunartíminn er lengri, opið alla daga ársins og möguleiki á næturgistingu. Fyrstu niðurstöður ársins 2020 benda til að ávinningur af starfseminni sé mikill og margbættur. Starfsemin virðist skila sér í auknum lífsgæðum notenda og fjölskyldna þeirra, möguleikanum til

að styðja við fleiri einstaklinga, styttingu biðlista og bættrar nýtingar fjármuna. Ítarlega er fjallað um verkefnið í áfangaskýrslu sem verður birt í mars/apríl 2021.

Hlutverk og helstu verkefni ÖA hafa breyst á síðustu árum og áratugum eins og sjá má á mynd 54 þegar horft er til breytinga á samsetningu rýma á heimilinu.

Hjúkrunarrýmum og dagþjálfunarplássum hefur fjölgað samhliða fækkun dvalarheimilisrýma. Þessi þróun er samhliða áherslum samfélagsins á að eldra fólk búi sem lengst heima og fái heimaþjónustu og heimahjúkrun eftir þörfum.

MYND 55 – HJÚKRUNAR- DVALAR- OG DAGÞJÁLFUNARRÝMI Á AKUREYRI 1990-2020



Reksturinn

Velta ÖA var tæplega 3,4 milljarðar króna á árinu 2020. Af þeirri upphæð fóru tæplega 2,5 milljarðar (74%) í laun og launatengd gjöld. Vörukaup ársins námu 211 milljónum og þjónustukaup 664 milljónum. Annar rekstrarkostnaður var því um 875 milljónir. Tekjur ÖA í formi daggjalda frá Sjúkratryggingum Íslands (SÍ) ásamt greiðslum íbúa, voru rúmlega 2,3 milljarðar króna og tekjur frá SÍ vegna húsnæðisgjalds voru um 128 milljónir króna. Greiðslur frá nágrannasveitarfélögum sem aðgang hafa af þjónustunni voru 21 milljón. Á árinu störfuðu hjá ÖA 495 einstaklingar í um 226,4 ársverkum.


Rýmin og nýting

Í árslok 2020 var 181 leyft rými á ÖA; 173 hjúkrunarrými, þar af þrjú geðhjúkrunarrými og átta dvalarrými. Af 173 hjúkrunarrýmum eru sjö til tímabundinnar dvalar og 10 hjúkrunarrými notuð í verkefnið Sveigjanleg dagþjálfun. Í dagþjálfun eru leyfi fyrir 36 rýmum (eitt þeirra rekið fyrir Eyjafjarðarsveit samkvæmt samningi) auk sveigjanlegrar dagþjálfunar þar sem gert er

ráð fyrir 20-25 rýmum. Alls komu tveir einstaklingar í dvalarrými á árinu; 66 í hjúkrunarrými og 91 einstaklingur nýtti sér tímabundna dvöl. Alls nýtti 121 einstaklingur dagþjálfun en að meðaltali koma 100-110 einstaklingar í dagþjálfun í hverri viku. Nýting hjúkrunarrýma á árinu var 99,5% sem rekja má til lokunar á tímabundnum rýmum þegar farsóttareiningin var sett af stað í apríl. Nýting dvalarrýma var 91% því eitt rými stóð autt meirihluta ársins. Í dagþjálfunarrýmum var nýtingin 86% sem rekja má til sóttvarnaraðgerða sem gripið var til.

Meðalaldur einstaklinga í hjúkrunarrýmum var 86 ár og 84,4 ár í dvalarrýmum á árinu. Meðal-dvalartími íbúa ÖA var 2,2 ár en er á landsvísu 2,8 ár. Íbúar á ÖA eru 66% konur og 34% karlar en á landsvísu eru hlutföllin 62% konur og 38% karlar. ÖA hefur lagt áherslu á málefni hjóna þegar annað eða bæði eru metin í þörf fyrir dvöl. Á árinu fluttu ein hjón í varanlega búsetu. Íbúar ÖA sem fluttu innanhúss voru 10. Var það vegna óska um stærra herbergi með sérsnyrtingu, hentugra rými vegna sérstakra aðstæðna og einnig vegna þess að sum rými á ÖA eru óhentug þegar umönnunarþörfin vex.

MYND 56 – ALDRUSDREIFING ÍBÚA ÖA OKTÓBER 2019 OG 2020



Fræðsla innan ÖA

Fjölbreytt og öflug fræðsla var á áætlun á árinu sem féll að mestu leyti niður vegna COVID-19. Árleg kennsla og þjálfun í Eden-hugmyndafræðinni, þjónandi leiðsögn og um lykla vellíðunar (Lífsgæði og vellíðan) var haldin fyrir nýtt starfsfólk.

Hluti af fræðslumálum ÖA felst í samstarfsverkefnum við innlenda og erlenda framhaldsskóla og háskóla. Um er að ræða starfsþjálfun hjúkrunar-, iðjuþjálfar- og sjúkraliðanema og annarra nema. Innlendir nemar á árinu voru alls 26 (16 úr háskóla og 10 úr framhaldsskóla) og 6 erlendir. Vegna COVID-19 var ekki unnt að taka á móti heimsóknum né starfs kynningum.

Gæðamál

Prisvar á ári er gert RAI-mat (raunverulegur aðbúnaður íbúa). Í matinu eru gæðavísar sem stuðst er við þegar horft er til breytinga á heilsufari og aðbúnaði. Samanburðarathugun á RAI-mati fyrir árin 2019 til 2020 sýnir viðvarandi jákvæða þróun. Á árinu var haldið áfram vinnu að bættari hjúkrunarskráningu og notkun á rafrænni sjúkraskrá (Sögu). Gæðahandbók ÖA er rafræn og stöðugt er unnið að uppfærslu og þróun hennar.

Iðju- og félagsstarf

Starfsemin var með breyttu sniði vegna COVID-19 faraldursins. Allt miðlægt starf féll niður þar sem unnið var í svokölluðum sóttvarnarhólfum á hverju heimili fyrir sig og enginn samgangur þar á milli. Í rúma tvo mánuði fylgdu starfsmenn iðju- og félagsstarfs ákveðnum teymum heimilanna og unnu eingöngu með þeim. Þar af leiðandi varð breyting á hefðbundnum vinnutíma starfsfólks og kom það til vinnu beint inn á heimilin og því voru engin samskipti milli starfsmanna iðju- og félagsstarfs þann tíma. Þetta fyrirkomulag reyndi mikið á hugmyndaauðgi og úthald starfsmanna. Skipulögð dagskrá var á hverju heimili í formi hópstarfs og minningarvinnu. Þar voru fjölbreytt þemu og víða komið við, t.d. skólabækur, haustið, þorrinn, leikir barna, jólin, laufabrauðs- og kleinugerð og smákökubakstur, bingó og spilastundir.

Hreyfi- og slökunarstundir hafa verið í boði ásamt föstum stundum þar sem framhaldssaga hefur verið lesin.

Unnið hefur verið með tæknina í formi sýndarferðalaga, tónlistarflutnings, rafrænna skemmtana, t.d. spurningakeppni milli heimila, myndasýninga og tónleika í sjónvarpi. Þá var viðburðum streymt beint inn á heimilin, til dæmis þorrablótsskemmtun og tónleikum sem fóru fram utandyra. Í samstarfi við prestaköllin var streymt beint frá guðsþjónustum.

Sumarið var þó heldur frjálsslegra vegna tilslakana á sóttvörnum í faraldrinum og slógu ísbíll Lögmanshlíðar og vöfluvagninn í gegn, hvor um sig einu sinni í mánuði. Skapaðist mikil stemning út frá því, sérstaklega á góðviðrisdögum þegar hægt var að vera úti. Þá opnaðist einnig gluggi fyrir þátttöku í alþjóðlegri hjólakeppni þar sem keppendur ÖA voru sigursælir. Notast var við hugbúnaðinn Motiview sem gerir fólki kleift að hjóla í borgum og bæjum um allan heim og hafnaði Hlíð í 3. sæti keppinnar af 120 liðum. Íbúi í Hlíð hjólaði lengst allra Íslendinga 832 km.

Draga ber lærdóm af því fyrirkomulagi sem viðhaft var í faraldrinum þar sem það hefur aukið mjög þátttöku íbúa í starfi iðju- og félagsstarfs.

Sjálfbóðaliðar og gleðivakar

Sjálfbóðaliðar hjá ÖA er stækkandi hópur sem setur mikinn svip á starfseminu og er ánægjuleg viðbót við aðra starfsemi. Góðir vinir ÖA hafa séð um tónlistarflutning á ýmsum skemmtunum, s.s. kráarkvöldum, þorrablóti og einstaka tónlistarskemmtunum um margra ára skeið. Einnig aðstoða fyrrverandi starfsmenn ÖA, sem ganga undir heitinu „Vinir Hlíðar“, við ýmsa viðburði. Frá 7. mars og út árið var engin miðlæg starfsemi og lokað var fyrir alla viðburði og skemmtanir nema þá sem komu og sungu eða spiluðu fyrir íbúa utandyra.



Fulltrúar Akureyrarbæjar í nefndum og stjórnnum 31. desember 2020

Bæjarstjóri

Ásthildur Sturludóttir

Endurskoðendur

Enor ehf.

Bæjarstjórn Akureyrar

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ingibjörg Ólöf Isaksen

Halla Björk Reynisdóttir

Andri Teitsson

Hilda Jana Gísladóttir

Heimir Haraldsson

Gunnar Gíslason

Eva Hrund Einarsdóttir

Pórhallur Jónsson

Hlynur Jóhannsson

Sóley Björk Stefánsdóttir

Bæjarráð

Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður

Halla Björk Reynisdóttir

Hilda Jana Gísladóttir

Gunnar Gíslason

Hlynur Jóhannsson

Sóley Björk Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi

Varamenn

Ingibjörg Ólöf Isaksen

Andri Teitsson

Heimir Haraldsson

Eva Hrund Einarsdóttir

Rósa Njálisdóttir

Jana Salome Ingibjargar Jósepsdóttir

varaáheyrnarfulltrúi

Varamenn

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

Tryggvi Már Ingvarsson

Anna Fanney Stefánsdóttir

Geir Kristinn Aðalsteinsson

Ólína Freysteinsdóttir

Unnar Jónsson

Lára Halldóra Eiríksdóttir

Berglind Ósk Guðmundsdóttir

Pórhallur Harðarson

Rósa Njálisdóttir

Jana Salome Ingibjargar Jósepsdóttir



Fastanefndir

Frístundaráð

Eva Hrund Einarsdóttir formaður
Anna Hildur Guðmundsdóttir
Sveinn Arnarsson
Sunna Hlín Jóhannesdóttir
Viðar Valdimarsson
Ásrún Ýr Gestsdóttir áheyrnarfulltrúi
Þura Björgvinsdóttir áheyrnarfulltrúi
ungmennaráðs

Varamenn

Maron Pétursson
Haraldur Þór Egilsson
Ólöf Rún Pétursdóttir
Elías Gunnar Þorbjörnsson
Stefán Örn Steinþórsson
Valur Sæmundsson varaáheyrnarfulltrúi
Gunnborg Petra Jóhannsdóttir
varaáheyrnarfulltrúi ungmennaráðs

Fræðsluráð

Ingibjörg Ólöf Isaksen formaður
Þorlákur Axel Jónsson
Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir
Þórhallur Harðarson
Rósa Njálisdóttir
Þuríður Sólveig Árnadóttir áheyrnarfulltrúi

Varamenn

Siguróli Magni Sigurðsson
Birna Baldursdóttir

Valgerður S Bjarnadóttir
Berglind Ósk Guðmundsdóttir
Hlynur Jóhannsson
Einar Gauti Helgason varaáheyrnarfulltrúi

Kjörstjórn

Helga Eymundsdóttir formaður
Júlí Ósk Antonsdóttir
Jón Stefán Hjaltalín Einarsson

Varamenn

Þröstur Kolbeins
Rúnar Sigurpálsson
Baldvin Valdemarsson

Skipulagsráð

Þórhallur Jónsson formaður
Guðmundur Baldvin Guðmundsson
Ólöf Inga Andrésdóttir
Orri Kristjánsson
Arnfríður Kjartansdóttir
Helgi Sveinbjörn Jóhannsson áheyrnarfulltrúi

Varamenn

Grétar Ásgeirsson
Jón Þorvaldur Heiðarsson
Ólína Freysteinsdóttir
Ólafur Kjartansson
Sigurjón Jóhannesson
Þorvaldur Helgi Sigurpálsson varaáheyrnarfulltrúi



Stjórn Akureyrarstofu

Hilda Jana Gísladóttir formaður
Sigfús Arnar Karlsson
Anna Fanney Stefánsdóttir
Berglind Ósk Guðmundsdóttir
Finnur Sigurðsson
Karl Liljendal Hólmgeirsson áheyrnarfulltrúi

Varamenn

Arnar Þór Jóhannesson
Sigríður Ólafsdóttir
Sverre Andreas Jakobsson
Anna María Hjálmsdóttir
Kristján Blær Sigurðsson
Hannes Karlsson varaáheyrnarfulltrúi

Umhverfis- og mannvirkjaráð

Andri Teitsson formaður
Unnar Jónsson
Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir
Sigurjón Jóhannesson
Berglind Bergvinsdóttir
Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir
áheyrnarfulltrúi

Varamenn

Jón Þorvaldur Heiðarsson
Tryggvi Már Ingvarsson
Vignir Þormóðsson
Þórunn Sif Harðardóttir
Sigríður Valdís Bergvinsdóttir
Ólafur Kjartansson varaáheyrnarfulltrúi

Velferðarráð

Heimir Haraldsson formaður
Róbert Freyr Jónsson
Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir
Hermann Ingi Arason
Lára Halldóra Eiríksdóttir
Sigrún Briem áheyrnarfulltrúi

Varamenn

Valdís Anna Jónsdóttir
Maron Pétursson
Inger Rós Ólafsdóttir
Snæbjörn Ómar Guðjónsson
Svava Þ. Hjaltalín
Sigríður Inga Pétursdóttir varaáheyrnarfulltrúi

Starfsnefndir

Fræðslunefnd

Inga Þöll Þórgnýsdóttir formaður
Dan Jens Brynjarsson
Guðrún Guðmundsdóttir
Halldór Sigurður Guðmundsson
Tómas Björn Hauksson

Varamenn

Kristinn Jakob Reimarsson
Birna Eyjólfsdóttir
Anna Marit Nielsdóttir
Helga Hauksdóttir
Steindór Ívar Ívarsson

Kjarasamninganefnd

Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður
Guðrún Karitas Garðarsdóttir
Þórunn Sif Harðardóttir

Varamenn

Ingibjörg Ólöf Isaksen
Brynhildur Pétursdóttir
Eva Hrund Einarsdóttir

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks

Valdís Anna Jónsdóttir formaður – fulltrúi
Akureyrarbæjar
Róbert Freyr Jónsson – fulltrúi Akureyrarbæjar
Sigrún María Óskarsdóttir – fulltrúi Akureyrarbæjar
Friðrik S Einarsson – fulltrúi Grófarinnar
geðverndarfélags
Elmar Logi Heiðarsson – fulltrúi Sjálfsbjargar
Vera K Vestmann Kristjánsdóttir – fulltrúi
Proskahjálpar NE

Varamenn

Þorsteinn Kruger – fulltrúi Akureyrarbæjar
Gunnfríður Hreiðarsdóttir – fulltrúi Akureyrarbæjar
Inga Elísabet Vésteinsdóttir – fulltrúi
Akureyrarbæjar
Júlíus Blómkvist Friðriksson – fulltrúi Grófarinnar
geðverndarfélags
Herdís Ingvadóttir – fulltrúi Sjálfsbjargar
Ester Gestsdóttir – fulltrúi Proskahjálpar NE



Ungmennaráð

Anton Bjarni Bjarkason
Gunnborg Petra Jóhannsdóttir
Helga Sóley G. Tulinius
Hildur Lilja Jónsdóttir
Ísabella Sól Ingvarsdóttir
Klaudia Jablonska
Rakel Alda Steinsdóttir
Stormur Karlsson
Þór Reykjalin Jóhannesson
Þura Björgvinsdóttir
Telma Ósk Þórhallsdóttir

Öldungaráð

Helgi Snæbjarnarson formaður – fulltrúi
Akureyrarbæjar
Arnrún Halla Arnórsdóttir – fulltrúi Akureyrarbæjar
Elías Gunnar Þorbjörnsson – fulltrúi
Akureyrarbæjar
Sigríður Stefánsdóttir – fulltrúi EBAK
Halldór Gunnarsson – fulltrúi EBAK
Valgerður Jónsdóttir – fulltrúi EBAK
Eva Björg Guðmundsdóttir – fulltrúi HSN

Varamenn

Halla Björk Reynisdóttir – fulltrúi Akureyrarbæjar
Óskar Ingi Sigurðsson – fulltrúi Akureyrarbæjar
Guðný Friðriksdóttir – fulltrúi Akureyrarbæjar
Hallgrímur Gíslason – fulltrúi EBAK
Hrefna Hjálmarsdóttir – fulltrúi EBAK
Hjörleifur Hallgríms Herbertsson – fulltrúi EBAK
Bergþóra Stefánsdóttir – fulltrúi HSN

Fulltrúar Akureyrarbæjar í samstarfsnefndum/-
verkefnum

Almannavarnanefnd Eyjafjarðar

Bæjarstjóri
Formaður umhverfis- og mannvirkjaráðs

Varamenn

Sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs
Formaður bæjarráðs

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar

Júlí Ósk Antonsdóttir formaður
Álfheiður Svana Kristjánsdóttir
Hjalti Ómar Ágústsson
Maron Pétursson

Varamenn

Heiðrún Ósk Ólafsdóttir
Jakobína Elva Káradóttir
Inga Elísabet Vésteinsdóttir
Róbert Freyr Jónsson

Brunabótafélag Íslands - fulltrúaráð

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Varamaður

Halla Björk Reynisdóttir

FabEy

Almar Alfreðsson

Félagsstofnun stúdentna við Háskólann á Akureyri – stjórn

Halla Margrét Tryggvadóttir

Fjölsmiðjan

Arnar Þór Jóhannesson

Varamaður

Róbert Freyr Jónsson

Hafnasamlag Norðurlands - stjórn

Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður
Jóhannes Gunnar Bjarnason
Ólína Freysteinsdóttir
Þórhallur Jónsson
Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir

Varamenn

Preben Jón Pétursson
Halldóra Hauksdóttir
Hreinn Pálsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Sóley Björk Stefánsdóttir

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

Jón Ingi Cæsarsson formaður
Anna Rósa Magnúsdóttir

Varamenn

Anna María Jónsdóttir
Stefán Friðrik Stefánsson



Iðnaðarsafnið á Akureyri – stjórn
Sóley Björk Stefánsdóttir formaður
Almar Alfreðsson

Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar – stjórn

Dan Jens Brynjarsson sviðsstjóri fjársýsluviðs
Halla Björk Reynisdóttir
Gunnar Gíslason

Varamenn

Geir Kristinn Aðalsteinsson
Eva Hrund Einarsdóttir

Málræktarsjóður – fulltrúaráð
Hólmkell Hreinsson

Menningarfélag Akureyrar - stjórn
Eva Hrund Einarsdóttir formaður

Varamaður

Brynhildur Pétursdóttir

Minjasafnið á Akureyri – stjórn
Sigfús Arnar Karlsson formaður
Þorsteinn Kruger
Inga Elísabet Vésteinsdóttir

Varamenn

Hildur Friðriksdóttir
Sigríður Stefánsdóttir
Hilda Jana Gísladóttir

Óshólmanefnd
Gunnfríður Elín Pálsdóttir
Ólafur Kjartansson

Samband íslenskra sveitarfélaga – stjórn
Guðmundur Baldvin Guðmundsson varamaður

SSNE – fulltrúar á ársþing
Halla Björk Reynisdóttir
Guðmundur Baldvin Guðmundsson
Hilda Jana Gísladóttir
Andri Teitsson
Ingibjörg Ólöf Isaksen
Heimir Haraldsson
Gunnar Gíslason

Eva Hrund Einarsdóttir
Sóley Björk Stefánsdóttir
Hlynur Jóhannsson

Varamenn

Þórhallur Jónsson
Geir Kristinn Aðalsteinsson
Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir
Rósa Njálisdóttir
Unnar Jónsson
Lára Halldóra Eiríksdóttir
Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir
Anna Fanney Stefánsdóttir
Berglind Ósk Guðmundsdóttir
Þórhallur Harðarson

SSNE – stjórn

Hilda Jana Gísladóttir formaður
Eva Hrund Einarsdóttir

Varamenn

Halla Björk Reynisdóttir
Gunnar Gíslason

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands – Listráð
Arnbjörg Sigurðardóttir

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar
Halla Margrét Tryggvadóttir

Varamaður

Hlynur Már Erlingsson

Starfsendurhæfing Norðurlands
Guðrún Sigurðardóttir

Varamaður

Anna Marit Nielsdóttir

Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar

Halla Björk Reynisdóttir
Þórhallur Jónsson

Varamenn

Ingibjörg Ólöf Isaksen
Tryggvi Már Ingvarsson



Veiðifélag Eyjafjarðarár

Hermann Brynjarsson

Vetraríþróttamiðstöð Íslands

Halla Björk Reynisdóttir formaður
Þórhallur Jónsson

Varamenn

Andri Teitsson

Þórunn Sif Harðardóttir

Fulltrúar Akureyrarbæjar í stjórnnum fyrirtækja**Flokkun Eyjafjörður ehf.**

Ásthildur Sturludóttir stjórnarformaður

Fóðurverksmiðjan Laxá hf.

Dan Jens Brynjarsson

Norðurorka hf.

Geir Kristinn Aðalsteinsson formaður

Eva Hrund Einarsdóttir

Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir

Hlynur Jóhannsson

Ingibjörg Ólöf Isaksen

Varamenn

Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir

Hannes Karlsson

Hilda Jana Gísladóttir

Víðir Benediktsson

Þórhallur Jónsson



